



**Íþróttabandalag Akraness**

*Stofnað 1946*

## Ársskýrsla 2019



**76. ársþing 2019**

## Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2019

### Framkvæmdastjórn ÍA árið 2019 skipuðu:



**Formaður:** Marella Steinsdóttir  
**Varaformaður:** Hörður Ó. Helgason  
**Meðstjórnendur:** Dýrfinna Torfadóttir, Svava Huld Þórðardóttir og Tjörvi Guðjónsson  
**Varamenn:** Gísli Karlsson og Hallbera Jóhannesdóttir

### Starfsmenn ÍA 2019:

Berglind Björgvinsdóttir  
Gunnlaugur Sölvason  
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir  
Petrea Emilía Pétursdóttir



**Formenn aðildarféлага ÍA árið 2019 voru:**

Brynja Kolbrún Pétursdóttir formaður Badmintonfélags ÍA

Valgerður Ása Kristjánsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir formaður Fimleikafélags Akraness

Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis

Ása Hólmarsdóttir formaður Hestamannafélagsins Dreyra

Oliver Máni Oliverson formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Gyða Einarsdóttir formaður Karatefélags Akraness

Einar Jóel Ingólfsson formaður Keilufélags Akraness

Kjartan S Þorsteinsson formaður Klifurfélags ÍA

Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára

Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness

Jón Þór Þórðarson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA

Guðmundur Benediktsson formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness

Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga

Guðrún Hjaltalín formaður Skotfélags Akraness

Ágúst Júlíusson formaður Sundfélags Akraness

Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaiþróttafélags Akraness



## Ávarp formanns



Það er mikilvægt fyrir börn að eiga sér fyrirmyndir. Fyrirmyndir sem sýna yngstu kynslóðinni að það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Þegar við eldumst þá verður okkur þó ljóst að þegar kemur að afburða árangri í íþróttum þá þarf meira til en bara vilja. En í huga ungra stelpna og stráka þá er þetta einfaldara. Hvern hefur til dæmis ekki dreymt um að skora úrslitamark á lokasekúndunni í Laugardalshöll eða á Laugardalsvelli? Það þarf þó ekki viðburði af slíkri stærðargráðu til að íþróttaiðkendur upplifi gleði við íþróttaiðkun, þar dugar að vera örlítið betri í dag en í gær, að klifra erfiðari leið en áður eða spila golfhringinn á einu höggi færra en síðast. Íþróttaiðkun er samt ekki eingöngu dans á rósum og við íþróttaiðkun kynnast iðkendur einnig mótlæti og erfiðleikum sem byggir þá upp sem sterkari einstaklinga til framtíðar. Forvarnagildi íþróttaiðkunar er því ótvírætt eins og Björgvin Páll Gústavsson nefnir í bók sinni „Án filters“: „Það hljómar kannski eins og úldin tugga í mörg eyru en íþróttir geta bjargað krökkum. Handboltinn er án nokkurs vafa ein helsta ástæða þess að ég leiddist ekki út á kolangra braut í lífinu. Ekki aðeins fékk ég mikla líkamlega og tilfinningalega útrás á öllum æfingunum heldur gaf handboltinn mér líka mikinn tilgang í lífinu og algjört mótvægi við vitleysuna sem ég kom mér í aftur og aftur.“ Í tilfelli Björgvins Páls er augljóst hvaða áhrif íþróttaiðkun hefur haft á hans líf og þó að áhrif íþróttaiðkunar sé ekki alltaf jafn greinileg þá er ljóst að hún hefur mikil áhrif til góðs.

Ábyrgð okkar sem komum að skipulagningu íþróttastarfs er því mikil. Íþróttafélögin þurfa að bjóða upp á gott starf og góða þjálfara. Sveitarfélagið þarf að bjóða upp á góða aðstöðu og sjá til þess að kostnaður hamli ekki íþróttaiðkun og íþróttahreyfingin í heild þarf að halda utan um iðkendur, foreldra og starfsfólk til að búa til gott samfélag sem fólk vill taka þátt í. Ef þetta fer saman þá náum við árangri í að fá iðkendur inn í félögin og halda þeim þar. Ef það tekst þá fylgir árangur. Eða eins og einkunnarorð ÍA hljóma:

Að koma saman er byrjun,  
Að vera saman eru framfarir,  
Að vinna saman er árangur.

Það er þó ekki hægt að fjalla um árangur af íþróttastarfi án þess að fjalla um stuðning Akraneskaupstaðar og fyrirtækja í sveitarfélaginu og utan þess. Án stuðning þessara aðila væri erfitt að halda úti þróttmiklu íþróttastarfi eða góðri íþróttaaðstöðu. Fyrir allan þennan mikla stuðning ber að þakka og hafa í huga að hann er ekki sjálfsagður heldur byggir á því að þessir aðilar sjái sér hag í því að styðja við íþrótt- og forvarnastarf.



## 75. ársþing ÍA

Þann 11. apríl 2019 var 75. ársþing Íþróttabandalags Akraness haldið í hátíðarsal ÍA að Jaðarsbökkum og var Hörður Ó. Helgason kjörinn þingforseti. Á ársþinginu var Marella Steinsdóttir endurkjörin formaður Íþróttabandalags Akraness og Hörður Ó. Helgason einnig endurkjörinn varaformaður. Engar breytingar urðu á stjórn en Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Pálmi Haraldsson gengu úr varastjórn og voru þeim þökkueð farsæl störf fyrir Íþróttabandalag Akraness. Í varastjórn voru kjörin þau Gísli Karlsson og Hallbera Jóhannesdóttir.



Þráinn Hafsteinsson frá ÍSÍ veitti Sigurði Arnari Sigurðssyni, Eydísí Línal Finnbogadóttur og Trausta Gylfasyni gullmerki ÍSÍ fyrir mikil og vel unnin störf fyrir ÍA og íþróttahreyfinguna á Íslandi. Að auki veitti hann Helgu Sjöfn Jóhannesdóttur silfurmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf fyrir Íþróttabandalag Akraness.

Fram kom að rekstur ÍA og aðildarféлага er með miklum ágætum og mikillar bjartsýni gæti með framhaldið, sérstaklega þegar litið er til þeirra miklu framkvæmda sem nú eru á íþróttamannvirkum bæjarins.

## Bandalagsmerki ÍA



Ellefu einstaklingar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA á ársþinginu 2019 fyrir góð störf fyrir ÍA og aðildarfélög þess. Þeir sem tóku við viðurkenningu voru:

Dipu Gosh, Guðný Tómasdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Halldór Jónsson, Helgi Magnússon, Jóhannes Guðjónsson, Jónas Hallgrímur Ottósson, Jón Ármann Einarsson, Kristmar Páll Sigurðsson, Ólöf Guðmundsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson.

## Samningar við Akraneskaupstað

Á ársþinginu undirrituðu Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Marella Steinsdóttir formaður ÍA tvo samninga milli Akraneskaupstaðar og ÍA. Annars vegar heildarsamning um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og ÍA og hins vegar um leigu og rekstur heilsuræktarstöðvar í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum og á Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Samningarnir gilda til og með 31. desember 2022 og hækkaði verkefnatengdur styrkur til ÍA úr 3,1 milljónum í 4,5 milljónir króna.



## Starfsemi íþróttabandalagsins

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir starfar sem framkvæmdastjóri ÍA í fullu starfi. Í október var Berglind Björgvinsdóttir ráðin í 20% starf á skrifstofu ÍA en Berglind er öllum hnútum kunnug þegar kemur að íþróttamannvirkjum bæjarins. Að auki starfar Gunnlaugur Sölvason í hlutastarfi við viðhald tækja í þrekaðstöðu ÍA og Petrea Emilía Pétursdóttir sér um bókhald Íþróttabandalagsins. Skrifstofa ÍA hefur verið í norðurenda íþróttahússins við Vesturgötu hússins en vegna framkvæmda við fimleikahús hefur aðgengi að skrifstofunni verið erfitt. Því hefur verið ákveðið að færa skrifstofu ÍA í húsnæði ÍA í Íþróttamiðstöðinni við Jaðarsbakka.



Framkvæmdastjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu og hélt að auki aðalstjórnarfundum en á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna eru tekin fyrir og rædd.

## Rekstur

Rekstur ÍA gekk vel á árinu 2019. Rekstrar- og vaxtatekjur námu ríflega 45,5 milljónum króna og rekstrargjöld tæplega 46,9 milljónum og var tap af rekstri ársins að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum rúmleg 1,3 milljón. Það að ganga örlítið á höfuðstól ÍA var samkvæmt áætlun en framlög til aðildarféлага voru enn hækkuð milli ára og námu nú um 21,5 milljónum króna. Helstu tekjuliðir voru sem fyrr rekstur þrekaðstöðu og útleigu sem stendur undir tæplega helmingi tekna ÍA. Tekjur af Lottó og getraunum og styrkur frá Akraneskaupstað eru einnig mikilvæg í rekstrinum og nema um 40% af tekjunum. Hækkun styrks frá Akraneskaupstað felst í greiðslu vegna verkefnastjórnar Heilsueflandi samfélags á Akranesi og hækkun á samningsbundnu framlagi sveitarfélagsins. Talsverð hækkun er á milli ára undir liðnum *ýmsar tekjur* en þar kemur til bókun á styrk Skagans/Þorgeirs og Ellerts sem einnig skýrir stóran hluta á hækkun styrkja til féлага. Eigið fé Íþróttabandalagsins er ríflega 74 milljónir króna í árslok 2019 og hækkar talsvert milli ára, aðallega vegna hækkaðs fasteignamats. Stærstu eignir ÍA eru peningalegar eignir og eignarhlutur í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.



## Prekstarfsemi ÍA

Rekstur þrekaðstöðunnar er mikilvægur ÍA á margan hátt. Í fyrsta lagi getur bandalagið þannig veitt keppnishópum aðildarfélaga sinna gjaldfrjálsan aðgang að íþrótt- og þreksölum. Í öðru lagi nýtist aðstaðan einnig fyrir almenning á Akranesi og í þriðja lagi skilar rekstur þrekaðstöðunnar töluverðum tekjum sem m.a. eru notaðar í rekstrarstyrki til aðildarfélaga ÍA.

## Almenningsíþróttir

Eitt af markmiðum Íþróttabandalags Akraness er að stuðla að bættri lýðheilsu á Akranesi. Á árinu 2019 stóð ÍA fyrir ýmsum viðburðum á því sviði. Helstu viðburðirnir voru:

**Kvennahlaup ÍSÍ.** Yfir tvö hundruð þátttakendur hlupu í 30 ára afmælishlaupi Kvennahlaups Sjóvá á Akranesi þann 15. júní. Einmuna veðurbliða var meðan á hlaupinu stóð og mikil gleði meðal þátttakenda.

Tvær hlaupaleiðir voru í boði, 2 km og 5 km og að loknu hlaupi fengu þátttakendur verðlaunapening og gjafir frá styrktaraðilum.

Öflugur hópur iðkenda og foreldra úr 3. flokki kvenna í



knattspyrnu sá um framkvæmd Kvennahlaupsins með ÍA.

**Hreyfivika UMFÍ.** Skagamenn voru meðal virkustu sveitarfélaganna á landinu með 18 skráða viðburði dagana 27. maí – 2. júní. Þar má m.a. nefna ýmsar gönguferðir með leiðsögn, útiklifur, sjósund og opnar golf- og knattspyrnuæfingar.

**Lýðheilsugöngur á Akranesi.** Akraneskaupstaður og Íþróttabandalag Akraness í samstarfi við Ferðafélag Íslands buðu upp á lýðheilsugöngur alla miðvikudaga í september. Göngurnar voru leiddar af sjálfboðaliðum og var frítt í sund að loknum göngum. Tilgangur lýðheilsuganga er að hvetja fólk til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði. Að þessu sinni var gengið um Slögu, við rætur Akrafjalls og Reynisrétt, um strendur Vallaness við Grunnafjörð og eftir strandlengju Akraness.

**Að framkvæmd þessara verkefna og annarra á vegum ÍA komu fjölmörg félög og einstaklingar sem lögðu fram tíma sinn og vinnu til að þeir tækjust sem best. Takk fyrir ykkar óeigingjarna starf.**





## Styrkir til félaga

Á árinu 2019 veitti ÍA um 21,5 milljónum í beina styrki til aðildarfélaga sinna. Meginuppistaðan í þessum styrkjum kemur til vegna hagnaðar af rekstri þrekaðstöðu sem síðan er færður til baka til félaganna. Styrkirnir hafa farið hækkandi á undanförunum árum og bera vott um góðan rekstur hjá Íþróttabandalaginu en um leið markvissa lækkun höfuðstóls. Ekki er talið skynsamlegt að lækka höfuðstólinn meira en nú hefur verið gert. Mikilvægt er að Íþróttabandalagið hafi fjárhagslega burði til að taka áföllum í rekstri og vera í stakk búið til að styðja tímabundið við aðildarfélög sín, með það meginmarkmið að tryggja sterka íþróttastarfsemi á Akranesi.

### Rekstrarstyrkir

Aðildarfélög ÍA fengu 15 milljónir í beina rekstrarstyrki frá Íþróttabandalaginu og eru þeir reiknaðir út á sama hátt og styrkir Akraneskaupstaðar til félaganna.

### Starfs- og uppbyggingarstyrkur 2018-2019

Aðildarfélög ÍA fengu samtals 2,4 milljónir í starfs- og uppbyggingarstyrk á árinu 2019 en á árinu 2018 fékk Knattspyrnufélag ÍA samskonar styrk upp á eina milljón.

### Styrkur vegna vorhreinsunar

Þau félög sem mættu á vorhreinsun ÍA og Akraneskaupstaðar fengu greitt miðað við vinnuframlag hvers félags auk ákveðins grunnframlags. Alls skiptu félögin 800 þúsund krónum á milli sín sem var framlag ÍA til verkefnisins.

### Verkefnatengdur styrkur

Knattspyrnufélagið Kári fékk 500.000 kr. verkefnatengdan styrk frá ÍA á árinu 2019. Styrkurinn felur í sér að iðkendur Kára vinni að ýmsum verkefnum fyrir ÍA s.s. undirbúning og frágang við kjör íþróttamanns Akraness og uppsetningu og flutning á þrektækjum og öðrum búnaði á vegum ÍA.

### Styrkur frá Skaganum hf. og Þorgeir og Ellert hf.

Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga er lykilatriði ef halda á uppi öflugu og góðu íþróttastarfi á Akranesi. Eigendur og starfsmenn Skagans hf. og Þorgeirs og Ellert hf. hafa undanfarin ár sýnt mikinn rausnarskap með beinum styrkjum til ÍA með það að markmiði að bæta barna- og unglíngastarf íþróttahreyfingarinnar, með sérstaka áherslu á forvarnagildi íþróttaiðkunar.

Fyrirtækin hafa lagt til samtals 9 milljónir króna á s.l. þremur árum og hafa verkefnið sem fengið hafa styrk verið ýmiss konar, allt frá því að styrkja ungan afreksmann til keppni á stórmóti og til þess að stuðla að endurmenntun þjálfara.



## Ýmslegt úr starfi íþróttabandalagsins á árinu 2019

### ÍA er aðili að UMFÍ

Um tveggja áratuga skeið hefur verið unnið að því að íþróttabandalög fái aðild að UMFÍ. Fyrir þremur árum sótti ÍA formlega um aðild og á sambandsþingi UMFÍ þann 12. október 2019 var sú umsókn samþykkt og fær ÍA stöðu sambandsaðila innan UMFÍ. Það er mat framkvæmdastjórnar ÍA að aðild að UMFÍ styrki til muna stöðu ÍA í íþróttahreyfingunni en opni um leið á fjölmörg tækifæri til að bæta íþróttastarfið á Akranesi, sérstaklega þegar kemur að forvarnastarfi og almennri heilsuefningu.

### Heilsueflandi samfélag á Akranesi

Þann 1. október síðastliðinn undirrituðu Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri og Alma D. Möller, landlæknir, samning um innleiðingu Heilsueflandi samfélags á Akranesi. Með samningnum skuldbindur Akraneskaupstaður sig til að innleiða markmið Heilsueflandi samfélags á Akranesi í samráði við Embætti landlæknis og er 29. sveitarfélag landsins sem leggur í þessa vegferð. Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélagið á Akranesi í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa og þar með að sveitarfélagið verði sjálfbærara, skilvirkara og eftirsóknarverðara til búsetu. Lögð er áhersla á að bæta lífsgæði íbúanna þar sem andleg og líkamleg heilsa er í öndvegi og stuðlar þannig að ánægðari, hamingjusamari og heilsuhraustari íbúum. Framkvæmdastjóri ÍA sá um verkefnastjórn Heilsueflandi samfélags á Akranesi fyrstu mánuðina og situr nú í heilsueflingateymi verkefnisins en það sér um innleiðinguna á Akranesi.



## Vorhreinsun á Akranesi

Íþróttahreyfingin á Akranesi tekur samfélagslega ábyrgð sína alvarlega og tekur þátt í því að fegra umhverfið á Akranesi og um leið stuðla að hreyfingu, samveru og umræðu um samfélagslega ábyrgð hjá fólkinu okkar. Þann 8. maí mættu yfir 300 sjálfboðaliðar frá 13



aðildarfélögum ÍA og hreinsuðu rusl á Akranesi. Áhersla var lögð á opin svæði og strandlengju. Svæðum var skipt á milli félaga þannig að ekkert svæði yrði útundan. Það er skemmst frá því að segja að framtakið heppnaðist gríðarlega vel og skiluðu stoltir plokkarar miklu magni af rusli í ruslagáma Akraneskaupstaðar við lok vinnunnar. Að vinnu lokinni fengu allir þátttakendur kakó og kleinur í boði ÍA.

## Útvarp Akranes verðlaunað

Útvarp Akranes hlaut menningarverðlaun Akraness 2019 en útvarpið hefur verið fastur liður á aðventu Akurnesinga í 30 ár. Útvarp Akranes hefur á hverju ári boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá og fær til liðs við sig fólk víða úr samfélaginu sem gerir útvarpið skemmtilegt og áhugavert en hefur einnig mikið sögulegt gildi með því að varðveita augnabliksmyndir af mannlífinu á Akranesi á hverju ári.

## ÍA greiðir Office leyfi aðildarfélaga

Stjórn ÍA ákvað á árinu að gera samning um kaup á Office hugbúnaði fyrir öll aðildarfélög ÍA. ÍA fjármagnar þannig Office hugbúnað og aðalnetfang hvers aðildarfélags en viðbótar netföng eru á kostnað hvers félags fyrir sig. Markmiðið með þessum kaupum er að tryggja öryggi upplýsinga og minni röskun þegar skipt er um starfsfólk eða stjórnarmenn.

## Heildarsamningur við Sportabler

Þrjú aðildarfélög ÍA nota Sportabler forritið til samskipta við iðkendur og foreldra og líkar vel. Til að draga úr heildarkostnaði aðildarfélaga hefur ÍA gert samning við Sportabler sem er á þá leið að einungis er greitt einu sinni fyrir hvern iðkanda í kerfinu þó hann æfi fleiri en eina íþróttagrein.



## Íþróttatengd leikjanámskeið

Í samstarfi við leikjanámskeið Akraneskaupstaðar í Þorpinu var boðið upp á „Íþróttatengd leikjanámskeið“ í tvær vikur fyrir verðandi nemendur 1. og 2. bekkjar í ágúst. Fimm aðildarfélög ÍA voru með í verkefninu 2019: Karatefélag Akraness, Sundfélag Akraness, Knattspyrnufélag ÍA, Badmintonfélag Akraness og Blakfélagið Bresi. Gert er ráð fyrir að þetta góða samstarf við Þorpið haldi áfram og sé komið til að vera einn af föstu þáttunum í starfi aðildarfélaga ÍA enda er þetta frábær vettvangur fyrir félög að kynna starf sitt.

## Heimsókn frá Kenía

Í júlí kom knattspyrnulið drengja frá Got Agulu í Kenía í dagsferð á Akranes. Þeir fóru á æfingu hjá 4. flokki KFÍA, kíktu í Guðlaugu, fóru í sund og enduðu svo daginn á því að sjá leik hjá Kára. Með engum fyrirvara boðaði ÍA til söfnunar fyrir strákana og fjölskyldur þeirra og gáfu Skagamenn mikið af fötum, skóm og ferðatöskum sem liðið tók með sér heim.



## Ókeypis ráðgjöf í íþróttasálfræði fyrir iðkendur ÍA

Iðkendum og þjálfurum innan aðildarfélaga ÍA stóð til boða að nýta sér þjónustu íþróttasálfræðings á árinu 2019. Um var að ræða tímabundið verkefni sem var styrkt af Akraneskaupstað og ÍA. Bæði var boðið upp á einstaklingsráðgjöf sem og ráðgjöf fyrir hópa. Guðrún Carstensdóttir íþróttasálfræðingur sá um ráðgjöfina.

## Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Minningarsjóðurinn var stofnaður af Íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness. Þrjú afreksíþróttamenn fengu úthlutað afreksstyrkjum úr sjóðnum á árinu. Það voru þau Jakob Svavar Sigurðsson íþróttamaður Akraness 2019, Valdís Þóra Jónsdóttir sem lenti í öðru sæti í kjöri íþróttamanns Akraness og kraftlyftingamaðurinn Alexander Örn Kárason sem hafnaði í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns Akraness.

## Tilboð í vetrarfrí grunnskólanna

Í tengslum við vetrarfrí grunnskólanna buðu ÍA og Akraneskaupstaður í fyrsta skipti upp á viðburði fyrir fjölskyldur á Akranesi. Að þessu sinni bauð Badmintonfélag Akraness upp á tvo fjölskyldutíma í Íþróttahúsinu á Vesturgötu. Golfklúbburinn Leynir bauð upp á tveggja tíma kennslu fyrir áhugasama þar sem farið var yfir rétta gripið, pútt og sveifluna. Fimleikafélag Akraness bauð upp á tvær fimleikaæfingar fyrir stráka og Sundfélag Akraness bauð upp á sundknattleik fyrir börn í 2. - 10. bekk. Allir viðburðir á vegum aðildarfélaga ÍA voru þátttakendum að kostnaðarlausu. Þetta er skemmtileg nýbreytni í starfsemi félaganna og eykur fjölbreytni í framboði á heilsusamlegri afþreyingu í vetrarfríinu. Vonandi verða fleiri aðildarfélög með á næsta ári.



## Fundur um forvarnamál

Góð mæting var á fund á vegum ÍA um forvarnamál, en fundurinn er liður í fræðsluáætlun Íþróttabandalagsins. Til fundarins voru boðaðir forráðamenn og þjálfarar allra aðildarfélaga ÍA. Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi Velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar fór yfir tilkynningarskyldu og barnavernd og hvernig tilkynna skal eða nálgast mál sem teljast tilkynningarskyld. Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnamála Akraneskaupstaðar fór svo yfir helstu niðurstöður könnunar frá Rannsóknunum og greiningu um vímuefnaneyslu unglinga á Akranesi sem lögð var fyrir í febrúar 2019.

## Íþróttamaður ársins 2019 á Akranesi



Jakob Svavar Sigurðsson knapi frá Dreyra var kjörinn Íþróttamaður Akraness í annað sinn. Jakob Svavar hefur um langt árabil verið einn af bestu íþróttaknöpum á landinu og unnið marga Íslandsmeistararitla auk heimsmeistaratitils. Hann hefur einnig hlotið mörg verðlaun fyrir góða reiðmennsku og þróðmennsku. Jakob Svavar er í landsliðshópi Landssambands hestamanna en hann skipa 19 afreksknapar í fremstu röð í hestaíþróttum héraðs og erlendis. Hann er efstur á heimslista alþjóðasamtaka íslenska hestsins í tölti. Á árinu 2019 sigraði Jakob m.a. í einstaklingskeppni meistaradeildarinnar í hestaíþróttum með því að verða í fyrsta sæti í fimmgangi, fyrsta sæti í tölti, fyrsta sæti í slaktaumatölti og í þriðja sæti í fjórgangi. Í öðru sæti í kjörinu varð Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur sem hefur hampað titlinum oftast allra eða í 7 skipti og í þriðja sæti varð Alexander Örn Kárason kraftlyftingamaður.

### Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2019:

Alexander Örn Kárason, kraftlyftingar  
 Andri Júlíusson, knattspyrna  
 Brynhildur Traustadóttir, sund  
 Chaz Malik Franklin, körfuknattleikur  
 Drífa Harðardóttir, badminton  
 Emma Rakel Björnsdóttir, boccia  
 Fríða Halldórsdóttir, knattspyrna  
 Jakob Svavar Sigurðsson, hestaíþróttir

Jóhann Ársæll Atlason, keila  
 Krístrún Bára Guðjónsdóttir, karate  
 Óttar Bjarni Guðmundsson, knattspyrna  
 Sóley Brynjarsdóttir, fimleikar  
 Stefán Gísli Örylgsson, skotfimi  
 Sýlvía Þórðardóttir, klifur  
 Valdís Þóra Jónsdóttir, golf



## Íslands- og bikarmeistarar ÍA 2019

<p><b>Badminton</b> Brynjar Már Ellertsson María Rún Ellertsdóttir Brynja Kolbrún Pétursdóttir Pontus Rydström Irena Rut Jónsdóttir</p> <p><b>Fimleikar</b> Drengir yngri 4. flokkur stúlkna 3. flokkur stúlkna 1. flokkur stúlkna Meistaraflokkur kvenna</p>	<p><b>Golf</b> Kvennasveit Leynis</p> <p><b>Keila</b> Jóhann Ársæll Atlason Matthías Leó Sigurðsson Sóley Líf Konráðsdóttir Guðjón Gunnarsson Ágústa K. Jónsdóttir Unglingalið pílta</p> <p><b>Knattspyrna</b> 2. flokkur karla</p>	<p><b>Kraftlyftingar</b> Kristín Þórhallsdóttir Einar Örn Guðnason Alexander Örn Kárason Svavar Örn Sigurðsson</p> <p><b>Sund</b> Ágúst Júlíusson Brynhildur Traustadóttir Kári Geirlaugsson Guðbjörg B. Guðmundsd.</p>
---	---	---







## Iðkendum ÍA í landsliðsverkefnum

Nafn	Grein	Landslið / verkefni
Aníta Ólafsdóttir	Knattspyrna	Undankeppni EM U-17 / U-16
Arnar Freyr Fannarsson	Badminton	Unglingalandsliðshópur U-13
Arnór Valur Ágústsson	Badminton	Unglingalandsliðshópur U-13
Aron Elvar Dagsson	Körfubolti	Norðurlandamót U15 / Úrtaksæfingar U16
Bjarki Steinn Bjarkason	Knattspyrna	Æfngaleikur U-20 - EM æfingahópur U-21
Björn Viktor Viktorsson	Golf	Afrekshópur GSÍ
Brynhildur Traustadóttir	Sund	B-landslið
Brynjar Már Ellertsson	Badminton	HM. Unglingalandslið U-19
Dagbjört Líf Guðmundsdóttir	Knattspyrna	Úrtaksæfingar U-15
Drífa Harðardóttir	Badminton	Heimsmeistaramót öldunga
Guðbjörg Bjartey Guðmundsd.	Sund	Unglingalandslið
Guðmundur Sigurðsson	Keila	Landslið 50 +
Haukur Haraldsson	Knattspyrna	UEFA æfingamót í Póllandi U-15
Hákon Haraldsson	Knattspyrna	Undankeppni EM U-17 / U-19
Hlynur Atlason	Keila	Unglingalandsliðshópur U-18
Hörður Ingi Gunnarsson	Knattspyrna	Undankeppni EM U-21
Ingi Þór Sigurðsson	Knattspyrna	Úrtaksæfingar U-17 / Æfingamót U-16
Jakob Svavar Sigurðsson	Hestaíþróttir	Heimsmeistaramót 2019
Jóhann Ársæll Atlason	Keila	Unglingalandsliðshópur U-23
Jóhannes Breki Harðarson	Knattspyrna	Úrtaksæfingar U-16
Jón Gísli Eyland Gíslason	Knattspyrna	Undankeppni EM U-17 / U-19
Katrín María Ómarsdóttir	Knattspyrna	Úrtaksæfingar U-15
Kristrún Bára Guðjónsdóttir	Karate	Unglingalandsliðshópur
Logi Mar Hjaltsted	Knattspyrna	UEFA æfingamót í Póllandi U-15
Magnús Sigurjón Guðmundsson	Keila	Æfingahópur landslið karla
María Rún Ellertsdóttir	Badminton	Unglingalandsliðshópur U-17
Matthías Leó Sigurðsson	Keila	Unglingalandsliðshópur U-18
Máni Berg Ellertsson	Badminton	Unglingalandsliðshópur U-15
Ólafur Ían Brynjarsson	Karate	Unglingalandsliðshópur
Ragnheiður Karen Ólafsdóttir	Sund	Unglingalandslið
Sóley Birta Grímsdóttir	Badminton	Unglingalandsliðshópur U-13
Sóley Líf Konráðsdóttir	Keila	Unglingalandsliðshópur U-18
Stefan Teitur Þórðarson	Knattspyrna	Undankeppni EM U-21
Stefán Gísli Örylgsson	Haglabyssuskotfimi	World Cup og Evrópumeistaramót
Styrmir Jónasson	Körfubolti	Úrtaksæfingar U-15
Valdís Þóra Jónsdóttir	Golf	
Ylfa Laxdal Unnarsdóttir	Knattspyrna	Úrtaksæfingar U-15
Þórður Freyr Jónsson	Körfubolti	Úrtaksæfingar U-15


**Rekstrarreikningur ÍA árið 2019 - 1. janúar - 31. desember**

<b>Rekstrartekjur:</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>Áætlun 2020</b>
Lottó	8.375.782	7.073.968	8.000.000
Styrkur frá Akraneskaupstað	7.483.333	3.000.000	5.100.000
Húsaleiga	462.000	343.680	100.000
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í.	1.068.718	775.926	1.000.000
Hlutdeild í sölu getrauna	883.232	613.205	800.000
Trimm/aðstöðugjöld	2.612.548	2.421.719	2.000.000
Þreksalur	18.989.886	18.427.424	16.600.000
Ýmsar tekjur	4.989.992	1.542.469	3.500.000
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>44.865.471</b>	<b>35.149.825</b>	<b>37.100.000</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	13.650.712	12.559.906	14.000.000
Aðkeypt þjónusta leiðbeinendur	24.000	0	150.000
Styrkir til aðildafélaga	21.470.517	17.620.003	15.000.000
Tryggingar	101.917	89.788	120.000
Fasteignagjöld	702.639	683.291	800.000
Íþróttaráhöld	660.191	2.015.281	2.000.000
Önnur áhöld	1.248.985	881.333	1.400.000
Viðhald fasteignar	378.630	339.331	400.000
Prentun, pappír og ritföng	97.790	62.713	100.000
Kaffi og veitingar	313.459	345.666	350.000
Auglýsingar ofl.	0	63.600	50.000
Sími, internet og tölvuþjónusta	1.463.869	1.590.075	1.500.000
Póstburðargjöld	8.198	9.475	20.000
Stuðningsmannavörur	1.014.945	874.312	1.000.000
Annar kostnaður	2.893.554	2.502.437	3.000.000
Afskriftir	2.846.772	3.126.911	3.000.000
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>46.876.178</b>	<b>42.764.122</b>	<b>42.890.000</b>
<b>Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur	-870.231	-1.117.346	-600.000
Vaxtagjöld og verðbætur	191.301	245.843	180.000
<b>Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld</b>	<b>-678.930</b>	<b>-871.503</b>	<b>-420.000</b>
<b>Rekstrartap/hagnaður ársins</b>	<b>-1.331.757</b>	<b>-6.742.794</b>	<b>-5.370.000</b>
<b>Alls</b>	<b>44.865.491</b>	<b>35.149.825</b>	<b>37.100.000</b>



## Skýringar

<b>1</b>	<b>Prentun, pappír og ritföng</b>	
	Prentun á þrekmiðum	59.024
	Pappír, blekhylki og ritföng	38.766
		<u>97.790</u>
<b>2</b>	<b>Sími og internet og tölvuþjónusta</b>	
	Útbreiðsla sjónvarpsefni/Siminn/365/Vodafone	314.419
	ÍA TV	525.993
	Sími og internet	81.882
	ÍA vefurinn	10.614
	Tölvukostnaður og Office leyfi	530.961
		<u>1.463.869</u>
<b>3</b>	<b>Annar kostnaður</b>	
	Leiga á Nóra skráningarkerfi	168.372
	Netbókhald	66.681
	Kvennahlaup ÍSÍ	445.540
	Kostnaður v. íþróttamanns ársins	465.879
	Innheimtugjöld/seðilgjöld/leiga á posa	62.413
	Vegna þátttöku í þannavöllum	125.000
	Styrkur til Skagafrétta	300.000
	Námskeiðsgjöld/fyrirlestrar/ráðgjöf	383.050
	Jólagjafir formanna/risna	288.195
	Kári vegna ýmiss konar vinnu/bera þrektæki/svið o.fl.	500.000
	Bandalagsmerki	46.800
	Ýmis kostnaður	41.624
		<u>2.893.554</u>
<b>4</b>	<b>Afskriftir</b>	
	Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01.	9.380.730
	Eignfært á árinu	2.006.362
	Afskriftir ársins	-2.846.772
		<u>8.540.320</u>
	Afskriftarhlutföll eru 25%	
<b>5</b>	<b>Útistandandi kröfur</b>	
	Akranesk. vegna uppg. Íþróttamiðst. des. 2019	1.268.464
	Lottó, ósóttir vinningar 2019	102.696
	Lottó vegna desember 2019	803.024
	Getraunir vegna 2019	883.232
	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ v. desember 2019	110.569
	ÍA vörur	6.108
	KFÍA	5.000.000
		<u>8.174.093</u>




## Efnahagsreikningur ÍA 31. desember 2019

Eignir:	2019	2018
Bankareikningar	20.158.336	25.202.125
Útistandandi kröfur	8.174.093	3.435.779
ÍA-íþróttavörur og búningar	1.859.100	1.300.000
Búnaður skrifstofu, fjölmiðlatæki o.fl.	237.705	316.940
Búnaður í veitingasal	2.851.809	2.577.911
Íþróttatæki	5.450.806	6.485.879
Eignarhluti í Íþróttamiðstöð Jaðarsbökkum	35.380.000	30.640.000
<b>Eignir</b>	<b>74.111.849</b>	<b>69.958.634</b>
<b>Skuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður	361.808	2.290.617
Ógreidd laun og launatengd gjöld	497.489	823.708
Fyrirfram innheimtar tekjur	3.000.000	
<b>Skuldir</b>	<b>3.859.297</b>	<b>3.114.325</b>
<b>Eigið fé:</b>		
Eigið fé frá fyrra ári	66.844.309	69.952.103
Hækkun á fasteignarmati	4.740.000	3.635.000
Hagnaður/(Tap) ársins	-1.331.757	-6.742.794
<b>Eigið fé</b>	<b>70.252.552</b>	<b>66.844.309</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>74.111.849</b>	<b>69.958.634</b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.

Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi 24. mars 2020

  
Magnús D. Brandsson

  
Bergþór Guðmundsson

  
Marella Steinsdóttir, formaður ÍA





## Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

### Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2019

<b>TEKJUR:</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Sala minningarspjalda	5.356	0
Vextir og verðbætur	103.003	126.098
<b>Tekjur</b>	<b>108.359</b>	<b>126.098</b>
<b>GJÖLD:</b>		
Þjónustugjöld	0	0
Styrkir	450.000	510.000
<b>Gjöld</b>	<b>450.000</b>	<b>510.000</b>
Gjöld umfram tekjur	<b>-341.641</b>	<b>-383.902</b>
<b>Alls:</b>	<b>108.359</b>	<b>126.098</b>


### Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>EIGNIR:</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Landsbankinn 0186-15-670169	4.536	43.881
Landsbankinn 0186-15-720318	0	3.498.215
Landsbankinn 0186-15-020015	3.135.919	0
<b>Eignir</b>	<b>3.140.455</b>	<b>3.542.096</b>
<b>SKULDIR:</b>		
Skuld við ÍA	0	60.000
<b>Skuldir</b>	<b>0</b>	<b>60.000</b>
<b>EIGIÐ FÉ:</b>		
Eigið fé frá fyrra ári	3.482.096	3.991.715
(Halli)/hagnaður ársins	-341.641	-509.619
<b>Eigið fé</b>	<b>3.140.455</b>	<b>3.482.096</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>3.140.455</b>	<b>3.542.096</b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.

Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi 24. mars 2020

  
Magnús D. Brandsson

  
Bergþór Guðmundsson

  
Marella Steinsdóttir, formaður ÍA



## Helstu rekstrartölur aðildarféлага ÍA 2019

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir
Badmintonfélag Akraness	8.228.256	7.406.133	822.123	1.779.948	-60.756
Blakfélagið Bresi	1.527.561	1.617.256	-89.695	1.596.522	73.165
Fimleikafélag Akraness	40.817.442	37.212.828	3.604.614	17.173.043	659.382
Golfklúbburinn Leynir	111.785.030	102.609.043	9.175.987	171.706.601	74.598.589
Hestamannafélagið Dreyri	21.834.244	4.869.718	16.964.526	67.452.766	0
Hnefaleikafélag Akraness	1.080.002	1.183.302	-103.300	654.361	0
Íþróttafélagið Þjótur	1.580.299	1.784.880	-204.581	2.059.724	0
Karatefélag Akraness	2.565.835	2.662.793	-96.958	1.741.566	0
Keilufélag Akraness	5.309.098	4.819.915	489.183	5.191.277	177.750
Knattspyrnufélag ÍA	198.119.504	260.920.638	-62.801.134	16.434.549	12.231.609
Knattspyrnufélagið Kári	6.788.794	6.146.514	642.280	1.170.974	0
Klifurfélag ÍA	6.744.932	6.524.371	220.561	883.732	0
Kraftlyftingafélag Akraness	208.830	297.107	-88.277	629.005	0
Körfuknattleiksfélag Akraness	12.179.930	12.082.136	97.794	815.376	0
Sigurfari	914.266	891.312	22.954	685.933	0
Skotfélag Akraness	4.698.600	4.112.214	586.386	6.739.288	0
Sundfélag Akraness	22.593.775	22.359.765	234.010	6.126.911	168.665
UMF Skipaskagi	626.956	503.559	123.397	1.720.062	0
Vélhjólaiþróttafélag Akraness	4.154.010	3.641.713	512.297	1.897.567	0
<b>Samtals</b>	<b>451.757.364</b>	<b>481.645.197</b>	<b>-29.887.833</b>	<b>306.459.205</b>	<b>87.909.160</b>
Íþróttabandalag Akraness	44.865.491	46.197.248	-1.331.757	74.111.849	3.859.297
<b>Samtals</b>	<b>496.622.855</b>	<b>527.842.445</b>	<b>-31.219.590</b>	<b>380.571.054</b>	<b>91.768.457</b>



## Rekstraryfirlit ÍA og aðildarfélaga þess

TEKJUR	Aðildarfélög		ÍA		Samtals
Fjárafilanir, framlög og styrkir	167.232.482	37,0%	17.811.065	39,7%	185.043.547
Tekjur af mótum	51.490.530	11,4%	0	0,0%	51.490.530
Auglýsingatekjur	0	0,0%	0	0,0%	0
Húsa- og vallarleigutekjur	35.468.342	7,9%	3.074.548	6,9%	38.542.890
Félagsgjöld og sala leikmanna	50.672.571	11,2%	0	0,0%	50.672.571
Æfingagjöld	89.781.596	19,9%	18.989.886	42,3%	108.771.482
Aðrar tekjur	57.111.843	12,6%	4.989.992	11,1%	62.101.835
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>451.757.364</b>	<b>100%</b>	<b>44.865.491</b>	<b>100%</b>	<b>496.622.855</b>

GJÖLD					
Laun og verktakagreiðslur	173.947.583	36,7%	13.674.712	31,1%	187.622.295
Styrkir til einstaklinga og deilda	71.368.287	15,0%	21.470.517	48,8%	92.838.804
Félagaskipti og sala leikmanna	2.630.000	0,6%	0	0,0%	2.630.000
Búningar, áhöld og tæki	18.232.003	3,8%	1.909.176	4,3%	20.141.179
Ferðakostnaður v/móta innanlands	6.596.675	1,4%	0	0,0%	6.596.675
Ferðakostnaður v/móta erlendis	335.098	0,1%	0	0,0%	335.098
Þátttaka í mótum	7.233.195	1,5%	0	0,0%	7.233.195
Kostnaður v/mótahalds	23.512.295	5,0%	0	0,0%	23.512.295
Rekstur mannvirkja	34.885.839	7,4%	1.183.186	2,7%	36.069.025
Rekstur skrifstofu	11.585.584	2,4%	411.249	0,9%	11.996.833
Auglýsingar, kynning og fræðsla	241.868	0,1%	0	0,0%	241.868
Kostn. v/samkeppnisreksturs	24.286	0,0%	0	0,0%	24.286
Önnur gjöld	123.987.455	26,1%	5.380.566	12,2%	129.368.021
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	474.580.168	100%	44.029.406	100%	518.609.574
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	-22.822.804		836.085		-21.986.719
Fjármagnsliðir og fyrningar	7.065.029		2.167.842		9.232.871
<b>GJÖLD ALLS</b>	<b>481.645.197</b>		<b>46.197.248</b>		<b>527.842.445</b>

HAGNAÐUR/TAP	-29.887.833		-1.331.757		-31.219.590
EIGNIR					
Fastafjármunir	212.963.358		45.779.420		258.742.778
Veltufjármunir	93.495.847		28.332.429		121.828.276
EIGNIR ALLS	306.459.205		74.111.849		380.571.054
EIGIÐ FÉ	218.550.045		70.252.552		288.802.597
SKULDIR					
Langtímaskuldir	66.972.146		0		66.972.146
Skammtímaskuldir	20.937.014		3.859.297		24.796.311
SKULDIR ALLS	87.909.160		3.859.297		91.768.457
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>306.459.205</b>		<b>74.111.849</b>		<b>380.571.054</b>



# 75. ársþing ÍA haldið 11. apríl 2019 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

## Þingsetning

Marella Steinsdóttir formaður ÍA setti þingið, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hún lagði til að Hörður Óskar Helgason yrði þingforseti og að Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir tæki að sér að vera fundarritari, það var samþykkt einróma. Hörður tók við fundarstjórn að þessu loknu og þakkaði þennan heiður. Hörður bauð Þráin Hafsteinsson frá ÍSÍ, bæjarstjóra og bæjarfulltrúa velkomna.

## Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um að kjörbréfanefnd myndu skipa þau: Jón Þór Þórðarson, Irena Rut Jónsdóttir og Svava Huld Þórðardóttir og bað þingforseti Jón Þór Þórðarson að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 13 af 19 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 37 þingfulltrúar af 60. Jón Þór sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og voru þau samþykkt samhljóða. (Kjörbréf frá Kára berst seinna á fundinum en Sveinbjörn Hlökkversson var búinn að tilkynna að hann myndi mæta of seint.)

## Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA

Lögð var fram ársskýrsla ÍA og gerði Marella Steinsdóttir grein fyrir því helsta í starfi ÍA á árinu 2018. Fram kom að heildarvelta aðildarfélaganna var yfir hálfur milljarður á árinu. Frístundamiðstöð, reiðhöll, fimleikahús komin mislangt á veg og von á meiru.

## Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Tjörva Guðjónssyni orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA. Tjörvi gerði grein fyrir ársreikningum Íþróttabandalagsins fyrir árið 2018 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2019 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Heildarvelta íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á árinu 2018 var um 500 m.kr. og reksturinn í ágætis jafnvægi. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 35,1 m.kr. og var gengið á höfuðstól um 5 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 70 m.kr., þar af er eignarhluti í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum einna stærstur. Þingforseti þakkaði Tjörva fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga.

Enginn bað um orðið undir þessum lið þannig að þingforseti sagði frá heimsóknum sínum á aðalfundi aðildarfélaganna og hrósaði sjálfboðaliðum fyrir frábært og óeigingjarnt starf fyrir sín félög.





Magnús Guðmundsson stóð upp og þakkaði, fyrir hönd Knattspyrnufélags ÍA, fyrir gott samstarf.

Sigrún Ríkharðsdóttir stóð upp og spurði út í Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Vill virkja þann sjóð betur. Hún tók undir orð Magnúsar og þakkaði, fyrir hönd Fimleikafélagsins, fyrir gott samstarf.

Hildur Karen svaraði: ÍA fer ekki í samkeppni við aðildarfélög um fjáröflun eins og t.d. á sölu á minningarkortum sem var áður ágæt tekjuleið fyrir minningarsjóðinn. Óskar eftir góðum hugmyndum til að efla sjóðinn.

Fleiri tóku ekki til máls.

Þingforseti bar ársreikningana og skýrsluna upp og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

## Heiðursviðurkenningar

Íþróttabandalagið sæmdi eftirtalda einstaklinga bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi:

Dibu Gosh, Badmintonfélag Akraness. Irena Rut Jónsdóttir tók við viðurkenningunni.

Guðný Tómasdóttir, Sundfélag Akraness.

Halldór Jónsson, Golfklúbburinn Leynir.

Helgi Magnússon, Badmintonfélag Akraness.

Guðrún Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðjónsson, Knattspyrnufélag ÍA, Badmintonfélag Akraness.

Jón Ármann Einarsson, Golfklúbburinn Leynir.

Jónas Hallgrímur Ottósson, Körfuknattleiksfélagið.

Kristmar Páll Sigurðsson, Körfuknattleiksfélagið.

Ólöf Guðmundsdóttir, Íþróttafélagið Þjótur. Freyja Smáradóttir, dóttir Ólafar, tók við viðurkenningunni.

Sigurður Arnar Sigurðsson, Íþróttabandalagið, Knattspyrnufélag ÍA.



Þráinn Hafsteinsson frá ÍSÍ bað fyrir góðar kveðjur frá ÍSÍ og óskaði þeim til hamingju sem fengið höfðu viðurkenningar bandalagsins.

Hann var mjög ánægður með skýrslu ÍA og allt það starf sem þar er unnið og fannst það nærandi að hlusta á hvað verið er að gera hér.

Þráinn veitt gull- og silfurmerki ÍSÍ fyrir störf að íþróttamálum á Akranesi og fyrir sérsambönd. Silfurmerki ÍSÍ fékk Helga Sjöfn Jóhannesdóttir.

Gullmerki ÍSÍ fengu Eydís Líndal Finnbogadóttir, Trausti Gylfason og Sigurður Arnar Sigurðsson.

### **Styrkveitingar úr minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar**

Þrír efstu í kjöri Íþróttamanns Akraness hlutu styrk úr sjóðnum, en það voru þau Valdís Þóra Jónsdóttir, Jakob Svavar Sigurðsson og Stefán Gísli Örlygsson. Þá var KFÍA veittur 60.000 kr. styrkur fyrir Tjörva Guðjónsson til að kynna sér nýjungar í rekstri íþróttafélaga.

### **Lagabreytingar og skattur til ÍA**

Þingforseti sagði að ekki lægju fyrir neinar tillögur að lagabreytingum og gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarin ár og lagði til að svo yrði áfram. Tillaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 kr. var samþykkt samhljóða.

Þingforseti óskar eftir að löggin verði skoðuð fyrir næsta ársþing því sumt megi laga.

### **Kosning framkvæmdastjórnar ÍA**

Þingforseti las upp tillögu að formanni og framkvæmdastjórn ÍA:

Tillaga að formanni ÍA: Marella Steinsdóttir, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga að varaformanni ÍA: Hörður Ó. Helgason, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn ÍA: Svava Huld Þórðardóttir, Dýrfinna Torfadóttir og Tjörvi Guðjónsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillaga um varafulltrúa í framkvæmdastjórn: Gísli Karlsson og Hallbera Jóhannesdóttir, samþykkt einróma með lófaklappi

Tillaga um skoðunarmenn reikninga: Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson, samþykkt einróma með lófaklappi.

Tillögu um fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Samþykkt

Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir og Pálmi Haraldsson gengu úr stjórn og voru þeim þökkúð góð störf fyrir ÍA.



## Siðareglur ÍA lagðar fram

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, kynnti nýjar siðareglur og hegðunarviðmið sem ÍSÍ hefur unnið að síðustu mánuðina. Hún ræddi einnig um að ÍA myndi vera í samstarfi við fræðsluvið ÍSÍ með innleiðingu á siðareglum hjá bandalaginu og aðildarfélögum þess.

Magnús Guðmundsson benti á að iðkendur þurfa líka að standa sig í samfélaginu sem fyrirmynd.

Þingforseti lagði til að Íþróttabandalagið myndi gera siðareglur ÍSÍ að sínum.

## Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál og tóku nokkrir þingfulltrúar til máls :

**Sævar Þráinsson**, bæjarstjóri bað um orðið. Hann var mjög ánægður með skýrslu og aðra vinnu ÍA. Hamingjusamasta samfélag landsins, ásamt Grindavíkurbæ, með gott íþróttastarf. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum ásamt áframhaldandi stjórn fyrir gott samstarf. Mikilvægi sjálfbóðaliðastarfs var honum ofarlega í huga og vill ýta undir þau gildi. Hann vill halda áfram góðu samstarfi. Fjármunir til íþróttastarfa eru 700 m.kr. árlega á næstu árum í rekstri og styrkjum. Uppbygging er gríðarleg. 380 milljónir í frístundamiðstöð og 800 milljónir í fimleikahús auk 100 milljóna í reiðhöll. Uppbygging á Jaðarsbökkum verður um 3 milljarðar í heild. Verið að leita að lausnum fyrir Keilufélagið og Klifurfélagið. Skotveiðifélagið fékk bættu aðstöðu. Heilsueflandi samfélag, nýtt verkefni sem verið er að vinna að með ÍA, verður aukið við styrki og framkvæmdastjóri ÍA verður í 30% starfi í þessu heilsueflandi samfélagi.

Að þessari kynningu lokinni þá var samningur um þetta samstarf undirritað af formanni ÍA og bæjarstjóra. Þessi samningur er til loka árs 2022.

**Trausti Gylfason**, tók til máls og þakkaði fyrir viðurkenninguna. En vildi taka fram að hann væri að taka við þessu fyrir félagið en ekki fyrir sína persónu. Hann mun ekki unna sér hvíldar fyrr en hann er búinn að koma 50 m. lauginni á koppinn. Hann var með slæmar fréttir fyrir sundíþróttina þar sem að í fyrsta skipti í fjöldamörg ár á Akranes ekki neinn í hópi þeirra sem eru að fara á Smáþjóðaleikana að keppa fyrir Íslands hönd! Það er samt gleðiefni í þessu, það er efniviður til góðra sundmanna á Akranesi en þeir þurfa 50 m. laug.

**Sigrún Ríkharðsdóttir**, nefndi að það getur verið ótrúlega erfitt að fá fólk til starfa. Fáum fólk til að hafa gaman að því að vinna fyrir íþróttafélögin sín. Brottfall iðkenda er alltaf vandamál þá sérstaklega þegar þau koma á unglingsárin en stuðningur heima fyrir skiptir miklu máli, vinahópurinn og margt annað. Aðstaðan ekki alltaf aðalatriðið þó hún skipti miklu.

**Magnús Guðmunsson**, þakkaði fyrir gott samstarf við ÍA og bæjarfulltrúa sem voru margir á þinginu. Staða knattspyrnunnar á Akranesi er góð en það hefur ekki komið af sjálfu sér. Fyrir nokkrum árum var farið í markvissa vinnu við að efla ungmennastarfið í boltanum. Það er að skila sér í mörgum mjög góðum fótboltamönnum sem komnir eru með samninga víða erlendis. Svo vel hefur tekist til að það hefur vakið athygli hversu margir Skagamenn eru á samningum erlendis.



**Valgarður Lyngdal Jónsson**, forseti bæjarstjórnar: Óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og þeim sem fengu viðurkenningar til hamingju. Búinn að ná því að laugin eigi að vera 50 metrar. Gulur er litur sem allir Skagamenn geta sammælt um. Vegna ársskýrslu, gul og glöð Akraneshöll, ÍA-merkið og fáninn verið miklu mun sýnilegri en áður var. Þakkaði fyrir hreinsunardaginn. Sérstaklega vildi hann minnast á styrk sem ÍA fékk vegna þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í íþróttastarfi. Öll þessi atriði auka lífsgæði okkar allra í samfélaginu.

**Jón Þór Þórðarson**: Sammála hamingjuóskum og þökkum sem fram hafa komið. Ánægður með undirritun samningsins og uppgang ÍA-merksins. Sammála áhyggjum vegna sjálfboðaliðastarfs, margt sem er komið inn sem leggur meiri ábyrgð á þá sem vinna fyrir félögin. Persónuvernd, siðareglur, hegðunarviðmið svo eitthvað sé nefnt.

Starfsfólk íþróttamannvirkja hefur meira en nóg að gera og hefur áhyggjur ef Hildur Karen fer í önnur verkefni með framkvæmdastjórástöðunni.

Hvernig eru launakjör þjálfara? Þar eru gerðar meiri kröfur heldur en til bankamanna. Það þarf að skoða þá hlið líka. Tæplega 30 ár eru síðan hann taldi í sig kjark að tala á sínu 1. ársþingi og talaði um það óréttlæti að geta ekki spilað körfubolta á kvöldin þar sem þeir hafi verið sendir heim þegar það var komið myrkur. Nú kemur hann aftur upp og nánast út af því sama s.s. óréttlæti að mega ekki stunda körfubolta, við bestu mögulegu aðstæður, hvenær sem er eins og margar aðrar íþróttagreinar. Umfram allt þurfa krakkar að hafa aðgang að aðstöðu til að geta gert eins og þau vilja í sambandi við aukaæfingar á eigin vegum.

**Guðmundur Sigurðsson**: 21 ár síðan Keilufélagið var stofnað. Nú á Keilufélagið helming þeirra sem eru í landsliði drengja sem eru á leið til Vínar á morgun, en eiga ekki neina aðstöðu til að iðka sína íþrótt hér. Nú eru þeir með 3 brautir, þegar þeir byrjuðu þá sagði formaður íþróttamannvirkja að þetta myndi aldrei ganga. Síðan eru 21 ár. Aðalfundi þeirra var frestað þar sem mikil óvissa er um það hvort þeir hafi einhverja aðstöðu og hvort að þeir verði á næsta ársþingi sem félag.

**Þráinn Hafsteinsson** frá ÍSÍ kvaddi sér hljóðs og bað fyrir kveðju frá forseta ÍSÍ.

Óskar til hamingju með Heilsueflandi samfélagssamninginn. Til fyrirmyndar að byggja upp og gefa sér tíma eins og fótboltinn hefur gert á undanförunum árum. Mun verða til góðs til margra ára. Varðandi brottfall, þá eru í stefnu ÍSÍ tvær leiðir, keppnisíþróttir annars vegar og heilsueflandi hinsvegar. Svona vítt þenkjandi fólk, eins og honum finnst Skagamenn vera eftir að hafa hlustað á ársskýrsluna, geta búið til möguleika fyrir alla.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þakkaði þingforseti því fyrir skemmtilegt og gott þing og gaf Marellu Steinsdóttur, formanni ÍA, orðið til að slíta þinginu.

Formaður ÍA óskaði öllum aðildarfélögum góðs gengis á komandi ári og sleit 75. ársþingi ÍA að því loknu.





# Ársskýrslur aðildarfélaga ÍA

## Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttahúsinu við Vesturgötu 25. febrúar 2019. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar samþykkt og ársreikningur félagsins samþykktur. Ein breyting var gerð á stjórn félagsins. Þar sem Valdimar Þór Guðmundsson hætti og þökkum við honum mjög góð störf í þágu félagsins og Arnór Tumi Finnsson kom inn í stjórnina.

### Stjórn félagsins veturinn 2019 - 2020

<b>Formaður :</b>	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
<b>Gjaldkeri :</b>	Arnór Tumi Finnsson
<b>Ritari :</b>	Irena Rut Jónsdóttir
<b>Meðstjórnendur :</b>	Daníel Þór Heimisson og Egill G. Guðlaugsson



### Iðkendum

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 60-70 sem skiptast í 3 flokka, auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgangi að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2010 og eru nú um 12 - 15 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta átak næstu árin á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman, jafnvel heilu fjölskyldurnar.

### Þjálfarar

Pontus Rydström hélt áfram þjálfun fyrir félagið sem yfirþjálfari fram á vorið og gekk það mjög vel. Því miður varð Pontus að fara aftur til Svíþjóðar og þökkum við honum fyrir starfið hans fyrir félagið. Yassen Borisov frá Búlgaríu kom síðan til prufu að hausti fram að jólafríi 2019. Á nýju ári 2020 var gerður samningur við Helenu Rúnarsdóttir þar sem hún tók við sem

yfirþjálfari. Henni til aðstoðar eru Irena Rut Jónsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir ásamt eldri iðkendum félagsins.

### Viðburðir starfsársins

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þremur opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið 30. nóvember - 1. desember 2019 þar sem keppt var í meistara-, A- og B- flokki fullorðinna. Gríslingamótið var haldið 19. janúar 2020 fyrir U9 og U11 og Landsbankamót ÍA sem er unglíngamót var haldið 15. - 16. febrúar 2020. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og viljum við þakka öllum foreldrum sem hafa hjálpað til, þeirra hjálp er ómetanleg.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því



að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu. En þess má geta að Landsbankamótið gekk vonum frammar og fengum við 135 keppendur á mótið. Flestir voru í U11 og U13 svo það er gaman að sjá hversu margir ungir iðkendur eru að koma í badminton.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglínga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Á þessi mót er oftast ákveðinn kjarni sem fer. Á unglíngamótin eru að fara í kringum 15 krakkar og á fullorðinsmótin í kringum 10 spilarar.

Á Meistaramóti Íslands 2019 eignuðumst við Íslandsmeistaratitil í tvíliðaleik kvenna í meistaraflokki. Í A-flokki Íslandsmeistaratitla í einliðaleik karla, tvíliðaleik karla og tvenndarleik. Í B-flokki Íslandsmeistaratitil í tvíliðaleik kvenna.

Badmintonfélag Akraness fékk 3 Íslandsmeistaratitla á Íslandsmóti unglínga sem haldið var í TBR helgina 23. - 24. mars 2019. María Rún Ellertsdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistarar í U15. Máni Berg Ellertsson varð í öðru sæti í tvíliðaleik og tvenndarleik U13. Arnar Freyr Fannarsson varð í öðru sæti í tvíliðaleik og Sóley Birta Grímsdóttir varð í öðru sæti í tvíliðaleik U-13. Brynjar Már Ellertsson varð í öðru sæti í tvenndarleik U-19.

Deildakeppni BSÍ 2020 verður haldin 6. – 8. mars og er stefnt á að vera með lið í A-deild.

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglíngameistaramót TBR var haldið dagana 1. – 2. febrúar 2020 og RIG – Iceland International var haldið 23. – 26. janúar 2020.

Næsta stórmót hjá unglíngum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 20. – 22. mars 2020 í Aftureldingu Mosfellsbæ.



Akranesmót og lokahóf félagsins var haldið 19. maí 2019. Keppt var í einliða í U9 - U19 og fullorðinsflokki. Í tvíliðaleik er fyrirkomulagið þannig að það er einn spilarí og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu ástundun, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingafélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Brynjar Már Ellertsson valinn sem spilarí ársins. Minningarskjöldur Súsönnu Steinþórsdóttur var veittur og fengu Arnór Valur Ágústsson og Jóna María Kjerúlf hann að þessu sinni.

Drífa Harðardóttir var valinn badmintonmaður ársins 2019 eftir góða frammistöðu á síðastliðnu ári. Drífa keppti í ágúst á Heimsmeistaramóti öldunga í tvenndar- og tvíliðaleik og varð heimsmeistari í tvíliðaleik kvenna í 40-45 ára flokki. Drífa kíkir á æfingar hjá ÍA þegar hún kemur til landsins og er alltaf til í að leiðbeina og aðstoða krakkana og veita þeim harða keppni á æfingum. Drífa er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka á Akranesi, bæði innan vallar og utan.

## Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

6 krakkar hafa verið á föstum landsliðsæfingum í vetur. Þau María Rún Ellertsdóttir, Máni Berg Ellertsson, Arnar Freyr Fannarsson, Arnór Valur Ágústsson og Sóley Birta Grímsdóttir hafa verið í yngri landsliðshóp. Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson hafa verið í eldri landsliðshóp.

Brynjar Már Ellertsson var valinn í U19 ára landsliðið og fór að keppa á HM í Rússlandi dagana 30. september til 13. október 2019.

North Atlantic Camp sem haldið var á Grænlandi dagana 22. – 29. júlí 2019 var Sóley Birta Grímsdóttir valin að fara frá Badmintonfélagi Akraness sem spilarar og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari og fararstjóri.

Máni Berg Ellertsson fór til Danmerkur í kínverskar æfingabúðir. Brynjar Már Ellertsson og María Rún Ellertsdóttir fóru að keppa á vegum landsliðsins í Farum Danmörku. Það er mjög gott að iðkendur fari í æfingabúðir yfir sumarið og koma reynslunni ríkari heim. Badmintonfélagið reynir að styrkja iðkendur sem fara utan í æfingabúðir og keppnisferðir.

Einnig fór Brynjar Már til Slóveníu að keppa á alþjóðlegu móti á vegum Badminton Europe.

Máni Berg Ellertsson var valinn í landsliðið U15 og fór að keppa á EM í Frakklandi í febrúar 2020.

## Rekstur félagsins

Rekstur félagsins á árinu 2019 var mjög góður. Tekjur voru hærri en árið áður, styrkir frá Akraneskaupstað og ÍA hafa hækkað um 600.000 kr. Einnig hafa tekjur vegna æfingagjalda hækkað um 400.000 kr. Þó svo að æfingagjöld hafi ekki hækkað heldur hafa fleiri iðkenndur bæst í hópinn. Starfsmannakostnaður hefur lækkað þar sem Pontus Rydstrom hætti hjá félaginu í maí 2019. Þjálfari kom frá Búlgaríu til prufu hjá félaginu um haustið því voru engar





æfingar um sumarið 2019. Varðandi kostnað Yásen þá munu tvö félög taka þátt í þeim kostnaði sem koma inn á árið 2020.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár.

Við sjáum að tekjur af æfingagjöldum hafa verið að hækka um 400 þúsund sem er ánægjulegt þar sem við erum að byggja upp félagið og reyna að fá nýja iðkendur til okkar.

### **Framtíðarsýn**

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgangi að æfa frítt ásamt því að færa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 4 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

### **Lokaorð og þakkir**

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.

Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

## Blakfélagið Bresi

Starfsemi Blakfélagsins Bresa var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldinn í sal Akraneskaupstaðar 19. febrúar en þar var mjög dræm mæting, einungis 8 manns sátu fundinn. Á aðalfundinum voru ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Breytingar voru gerðar á stjórn og er hún þannig skipuð:

<b>Formaður:</b>	Valgerður Ása Kristjánsdóttir
<b>Gjaldkeri:</b>	Tinna Pétursdóttir
<b>Ritari:</b>	Harpa Sif Práinsdóttir
<b>Varamenn:</b>	Sædís Alexía Sigurmundsdóttir og Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
<b>Endurskoðendur:</b>	Ingunn Sveinsdóttir og Álfheiður Ágústsdóttir

Skráðir félagar í Bresa eru 24.

### Æfingar - Þjálfarar

Æfingar hófust eins og vanalega hjá okkur í janúar og var Piotr Poskrobko þjálfari fram í maí. Radoslaw Rybak tók við þjálfun liðsins þegar æfingar hófust aftur um mánaðarmótin ágúst/september.

Æfingartímar eru á mánudögum frá 19:30-21:00 og miðvikudögum frá kl. 19:30 – 21:30 og á sunnudögum frá 16:00 – 18:00. Miðvikudagstíminn breyttist í september og var þá færður til 20:00 - 22:00.





## Keppni/Íslandsmót

Bresi sendi tvö lið til keppni í Íslandsmóti Blaksambandsins veturinn 2019-2020. Spilar A-liðið í 2. deild og B-liðið er í 4. deild og þegar þetta er ritað er ein túrnering eftir af þremur. Einnig hefur Bresi tekið þátt í ýmsum hrað- og skemmtimótum sem haldin eru yfir tímabilið og þá oft sent fleiri en eitt lið á mót.

Mótin sem Bresi tók þátt í voru:

- Porramót Aftureldingar 2 lið.
- Fjallalambsmót Fylkis 1 lið.
- Nokkrir félagar í Bresa tóku þátt í Áramóti 2019 hjá Aftureldingu en þar eru blönduð lið.
- Öldungamót í Reykjanesbæ í maí - Rokköld

Boðið var uppá strandsblaksnámskeið í júní sem nokkrir félagar í Bresa sóttu ásamt öðru fólki.

Hið árlega Boggu-Bresamót var haldið 28. september s.l. og voru 22 lið skráð á mótið, tveimur liðum fleiri en árið 2018. Allt voru þetta konur. Mikil ánægja var með þetta mót og gekk það vel.

## Öldungamót

Öldungamótið í blaki var haldið í Reykjanesbæ og bar heitið Rokköld 19. Bresi sendi þrjú lið til keppni. Gist var á B&B Hótel. Árangurinn var sem hér segir:

Bresi A í 5. deild B riðli lentu í 3. sæti.

Bresi B í 5. deild A riðli lentu í 5. sæti.

Bresi C í 8. deild B riðli lentu í 1. sæti og komust upp í 7.deild.

## Lokaorð

Stefnan er að reyna að viðhalda og stækka félagið og halda áfram að taka þátt í mótum. Á árinu fékk Bresi 100.000 kr. styrk frá Íþróttabandalaginu til uppbyggingar á yngri flokka starfi. Boðið var uppá byrjenda blaksnámskeið fyrir 8., 9. og 10. bekk í nóvember en einungis tveir ungir drengir tóku þátt. Svaka flottar æfingar sem þeir fengu, en því miður náðum við ekki til unga fólksins í þetta skiptið.

Bresi tók einnig þátt í íþróttaviku - leikjanámskeiði Þorpsins þar sem blak var kynnt fyrir ungum krökkum á aldrinum 5-7 ára. Reyndist það nokkuð krefjandi en mjög skemmtilegt. Helena Steinsdóttir sá um að panta íþróttafatnað á liðið, kemur það mjög vel út og erum við þakklátar fyrir hennar framtak.

Við förum jákvæð inn í nýtt ár með von um að iðkendafjöldinn fari að aukast.



## Fimleikafélag Akraness

Aðalfundur Fimleikafélags Akraness var haldinn miðvikudaginn 25. mars 2020. Þá var ársskýrsla stjórnar kynnt og ársreikningar félagsins voru samþykktir.

Breytingar urðu á stjórn félagsins. Vilborg Helgadóttir kom inn sem meðstjórnandi en Jóhann Sigurðsson varaformaður lést í lok júlí eftir erfið veikindi. Aðrir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru sjálfkjörnir. Hafið er því fimmta starfsár núverandi stjórnar.

### Stjórn félagsins 2019-2020

<b>Formaður:</b>	Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir
<b>Varformaður:</b>	Anna Þóra Þorgilsdóttir
<b>Gjaldkeri:</b>	Ingibjörg Indriðadóttir
<b>Ritari:</b>	Guðmundur Claxton
<b>Meðstjórnandi:</b>	Vilborg Helgadóttir
<b>Varamaður:</b>	Guðrún Hjaltalín

Starf stjórnar var með hefðbundnum hætti starfsárið 2018. Unnið var að endurnýjun samninga við þjálfara félagsins sem og húsnæðismálum. Skipulagning móta var ofarlega á baugi, en félagið hélt tvö stór fimleikamót á árinu.

Hafist var handa við markmiðasetningu fyrir komandi ár sem og almenn störf er snúa að Íþróttabandalagi Akraness og Fimleikasambandi Íslands og má þar helst nefna ný persónuverndarlög (GDPR).

Skoðað var hvað þarf til að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ og verður púlsinn tekinn á því nú á nýju ári sem og áframhaldandi vinna er snýr að persónuvernd, hvað við sem félag þurfum að gera til að framfylgja nýjum lögum.

### Rekstur félagsins

Rekstur félagsins gengur vel og er jákvæð rekstrarafkoma upp á rétt rúmar 3,6 milljónir. Hófleg hækkun var á æfingagjöldum sem er alltaf erfið ákvörðun. Eiginfjárstaða er sterk og stendur núna í um 16 milljónum. Sterkur og stöðugur rekstur auðveldar allt starf félagsins og uppbyggingu þess. Telur stjórn félagsins að félagið sé vel í stakk búið til að vinna við að efla félagið enn frekar.

Félagið hefur hug á því að leita að styrktaraðilum til að styrkja reksturinn frekar en stjórn félagsins gerir sér grein fyrir að í þeirri stöðu sem önnur félög eru að kljást við getur það orðið erfitt.

Fjáröflun hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Venjan er að þeir hópar sem fara utan í æfinga- og skemmtiferð fari fyrir fjáröflun. Félagið fór með hóp árið 2019 í æfingaferð til Ollerup í Danmörku. Stefnan er á að næsta ferð verði farin árið 2021.



Helstu fjáröflunarleiðir félagsins eru veitingasala á 17. júní og á sjómannadaginn sem unnin er fyrir Akraneskaupstað. Tiltekt á Írskum dögum er einnig árleg ásamt sölu á SÁÁ álfinum, Bláa ljósinu, Bláa naglanum ásamt þrifum á aðstöðunni í ÞPP húsinu á Dalbraut.



### Iðkendur og þjálfarar - hjartað í starfinu

Á árinu 2019 voru 568 iðkendur innan félagsins, 152 í íþróttaskólanum og 416 almennir iðkendur.

Á vorönn voru 405 iðkendur, þar af almennir 300 og á haustönn voru 455 iðkendur, þar af almennir 325.

Strákar í heildina voru 73, 42 á vorönn og 60 á haustönn. ATH

Þórdís Þöll Þráinsdóttir er yfirþjálfari félagsins og hefur starf félagsins blómstrað undir hennar stjórn og er stjórnin mjög ánægð með hennar störf. Þórdís fór í barneignaleyfi á haustönn og í kjölfarið var gerð breyting á hlutverki þjálfara, eldri þjálfarar urðu hópstjórar yfir sínum flokki. Breyting varð á þjálfaramálum að Stefán Þór Friðriksson hætti að loknu sumarleyfi en hann hefur verið ötull í að byggja upp fimleikana fyrir strákana sem og parkour félagsins. Sigurður Ívar Erlendsson tók við keflinu af Stefáni. Stjórn félagsins vill þakka Stefáni fyrir sitt framlag til félagsins á síðustu árum og óskar honum alls hins besta.

Margir af okkar þjálfurum eru orðnir eftirsóttir af öðrum félögum til starfa innan FSÍ sem við lítum á sem merki um að við séum á réttri leið í uppbyggingu á okkar þjálfarahópi.

Að sama skapi þurfum við að vera samkeppnishæf hvað varðar laun og ekki síður aðstöðu og gerir félagið sér miklar vonir um að nýtt fimleikahús komi til með að hjálpa okkur í þeim efnum og félagið okkar verði eftirsóknarverður kostur fyrir reynda þjálfara.





Hjá félaginu eru í dag starfandi 31 þjálfari og erum við mjög stolt af þeim flotta hópi. Við höldum áfram að byggja upp þjálfararéttindin og hefur Þórdís umsjón með námskeiðshaldi þjálfara í samvinnu við framkvæmdastjóra.

## Starf félagsins

Starf félagsins fer fram á þremur stöðum, íþróttahúsinu við Vesturgötu, húsnæði PPP að Dalbraut og að auki er farin ein ferð í viku til æfinga í húsnæði Aftureldingar í Mosfellsbæ, elstu iðkendurnir sækja þær æfingar. Það er krefjandi að láta stundatöfluna ganga upp en þjálfarar og iðkendur, ásamt starfsfólki íþróttahússins sjá til þess að starfið gangi vel.

Mikivægt er að fara á æfingarnar í Mosfellsbæ einu sinni í viku til að komast í aðstöðu þar sem æfa má flóknari stökk við öruggar aðstæður. Meistaraflokkur félagsins keppti í fyrsta sinn í meistaraflokki A og er eitt af þremur félögum sem eiga lið í þeim flokki.

Með tilkomu nýs hús aukast möguleikar á því að bjóða upp á fimleika fyrir alla þar sem það eru ekki allir sem iðka fimleika sem keppnisíþrótt heldur eingöngu til iðkunar.

Á árinu 2019 þurfti félagið að gefa frá sér allt mótahald vegna framkvæmda við íþróttahúsið á Vesturgötu. Jólasýning var haldin í ár í stað vorsýningar en félagið hefur veið með eina stóra sýningu á ári. Sýning sem þessi er orðin fastur liður í starfi félagsins. Á sýningunni koma saman allir iðkendur og þjálfarar og búa til sannkallaðan ævintýraheim með tilheyrandi ljósadýrð og tónlist. Þemað í ár var “Tröllli stal jólunum”. Eins og undanfarin ár nægir ekki ein sýning heldur þurfa þær að vera tvær og á þessar tvær sýningar mættu um 1000 manns. Mikil ánægja er innan sem utan félagsins með afrakstur sýningarinnar og er félagið stolt af því að geta boðið upp á stórfenglegar sýningar.

## Mótamál

Fimleikafélagið tók þátt í fimm mótum á árinu sem skiptust niður á 8 helgar. Að jafnaði eru um 150 keppendur í 5. flokki og upp úr sem sækja hvert mót. Félagið átti fimm hópa sem hömpuðu Íslandsmeistaratitli í sinni deild og einn hóp sem varð bikarmeistari og einn hóp sem varð deildarmeistari.

- KK yngri varð Íslandsmeistari í D deild í stökkfimi.
- 5. flokkur stúlkna varð Íslandsmeistari í A deild í hópfimleikum.
- 4. flokkur stúlkna varð Bikar- og Íslandsmeistari í C deild í hópfimleikum.
- 3. flokkur stúlkna varð Íslandsmeistari í B deild yngri í stökkfimi.
- ? flokkur kvenna varð Íslandsmeistari í B deild í hópfimleikum.
- Meistaraflokkur varð GK deildarmeistari í A deild í hópfimleikum.



## Árangur félagsins á mótum ársins:

### Bikarmót unglunga í hópfimleikum 2019, Keflavík

#### 3. flokkur A

7. sæti ÍA 1 (38.460)

#### 3. flokkur B

10. sæti ÍA 2 (31.830)

#### 4. flokkur A

5. sæti ÍA 1 (37.395)

7. sæti ÍA 2 (33.710)

#### 4. flokkur C

1. sæti ÍA 3 (27.630)

#### 5. flokkur

4. sæti ÍA 1 (26.730)

12. sæti ÍA 2 (20.860)

15. sæti ÍA 3 (15.365)

### Íslandsmót í hópfimleikum 2019, Mosfellsbæ

#### 5. flokkur A

4. sæti ÍA 1 (29.810)

#### 5. flokkur B

3. sæti ÍA 2 (23.095)

6. sæti ÍA 3 (17.180)

#### 4. flokkur A

5. sæti ÍA 1 (38.680)

7. sæti ÍA 2 (35.915)

#### 4. flokkur C

1. sæti ÍA 3 (33.115)

#### 3. flokkur A

7. sæti ÍA 1 (40.275)

#### 2. flokkur B

6. sæti ÍA 1 (39.515)

#### 1. flokkur B

1. sæti ÍA 1 (40.830)

#### Meistaraflokkur kvenna

3. sæti ÍA 1 (29.900)

### Íslandsmót í stökkfimi 2019, Hveragerði

#### B deild yngri kvk (3. fl.)

1. sæti ÍA 1 (36.950)

#### C deild eldri (3.flokkur)

3. sæti ÍA 1 (26.600)

#### D deild yngri kk

1. sæti ÍA 1 (19.800)

### Ýmis mót

#### GK deildarmeistaramót A deilda í hópfimleikum, Kópavogur

#### 5. flokkur

5. sæti ÍA 1 (28.245)

#### 4. flokkur

4. sæti ÍA 1 (39.210)

#### Meistaraflokkur kvenna

1. sæti ÍA (42.895)

#### Haustmót í stökkfimi, Keflavík

#### B deild eldri kk

2. sæti ÍA 1 (20.230)

#### Haustmót í hópfimleikum 2019, Garðabæ og Selfossi

#### 2. flokkur

12. sæti ÍA 1 (35.695)

#### 1. flokkur B

2. sæti ÍA 1 (38.615)

#### Haustmót í hópfimleikum 2019, Garðabæ og Selfossi

#### 3. flokkur

6. sæti ÍA 1 (38.045)

16. sæti ÍA 2 (29,675)

#### 4. flokkur

1. sæti ÍA 1 (41.810)

10. sæti ÍA 2 (33.940)

17. sæti ÍA 3 (25.839)

22. sæti ÍA 4 (21.105)

### Tilnefning til íþróttamanns Akraness

Fimleikafélag Akraness tilnefndi Sóleyju Brynjarsdóttur fimleikakonu ársins 2019. Sóley er fædd árið 2001 og er uppalin í félaginu. Hún æfir hópfimleika með meistaraflokki FIMA og er fastamaður í liðinu. Sóley er metnaðargjörn og dugleg. Hún smitar jákvæðni í hópinn og er ómissandi í liði sínu hvað varðar liðsanda og er liðsfélögum sínum mikil hvatning. Sóley er ein af elstu iðkendum félagsins og á hún bjarta framtíð í greininni.

Sóley þjálfar einnig yngri flokka hjá félaginu með miklum metnaði og góðum árangri. Hún er vel liðin af iðkendum, samstarfsmönnum og liðsfélögum.

Sóley er frábær fimleikakona og fyrirmynd og er vel að titlinum komin.

## Framtíðarsýn

Fimleikafélag Akraness heldur sífellt áfram að stækka með stöðugum iðkendahópi og framúrskarandi þjálfarateymi. Staða félagsins er nokkuð sterk og er í stakk búin að takast á við áframhaldandi vöxt í fimleikum. Við stefnum áfram að því að vera í fremstu röð fimleika á Íslandi. Það er vilji stjórnar að auka hlut í “fimleikar fyrir alla” innan félagsins og auka enn frekar fjölbreytni í æfingum. Með tilkomu nýs hús verður hægt að útfæra leiðir fyrir þennan möguleika. Í leiðinni stuðlum við að heilbrigðari og fjölbreyttari lífsháttum íbúa á Akranesi. Til að vaxa sem félag er ljóst að aukinn stuðningur meðal foreldra þarf að aukast. Félagið þarf að hafa starfandi foreldrafélag og á nýju fimleikaári haustið 2020 þarf stofna slíkt félag. Jafnframt viljum við efla hlutdeild stráka í fimleikum og styrkja enn betur þjálfarateymið okkar.



## Lokaorð

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra framlag. Ljóst er að starfið myndi aldrei geta verið í þessari mynd án þeirra framlags. Fimleikafélagið er í uppbyggingu ásamt fleiri íþróttafélögum á Akranesi. Hægt er að merkja þá þróun með þeim fjölda íþróttar og tómsunda í bænum og setur íþróttar- og tómsundalífið mikinn svip á samfélagið okkar. Akranes býr við mikla möguleika í að verða eitt af fremstu bæjarfélögum í íþróttar- og tómsundastarfi og við erum sannfærð um að fjölskyldufólk horfir til þess þegar það ákveður búsetu. Akranes er stækkandi bæjarfélag í mikilli þróun. Áfram ÍA!



# Golfklúbburinn Leynir

## Golfárið 2019 var 54. starfsár Golfklúbbsins Leynis

Starfsár Golfklúbbsins Leynis árið 2019 var gríðarlega viðburðarríkt og vígsla frístundamiðstöðvar stendur þar hæst. Veðurfar var með afbrigðum gott og hafði það mjög jákvæð áhrif á starfsemi klúbbsins.

Metfjöldi var í spiluðum hringjum á Garðavelli þetta árið og skýrist það af frábæru sumri veðurfarslega, gríðarlega góðu ástandi á Garðavelli og nýrri frístundamiðstöð þar sem aðstaða fyrir kylfinga er með besta móti.

Valdís Þóra náði ágætum árangri á árinu. Hún vinnur þessar vikurnar í því að tryggja þátttökurétt sinn á mótariðinni fyrir næsta ár. Stefnir Valdís ótrauð áfram að styrkja stöðu sína á mótariðinni 2020.

Björn Viktor Viktorsson, einn af okkar upprennandi afreksmönnum, stóð sig vel í sumar og í haust uppskar hann svo árangur mikillar vinnu í sumar með því að vera valinn í afrekshóp GSÍ.

Sveitir GL tóku að vanda þátt í Íslandsmótum golfklúbba. Karlasveitin spilaði í 1. deild og var leikið í Oddi og GKG, féll sveitin úr efstu deild. Kvennasveitin spilaði í 2. deild á Akranesi og sigruðu þær með glæsibrag og leika í efstu deild að ári.

Öldungasveit karla spilaði í 2. deild á Flúðum og stóðu þeir sig með ágætum. Sveit 18 ára og yngri spilaði í Þorlákshöfn og endaði sveitin um miðjan hóp.

Rekstrarskilyrði klúbbsins voru hagfelld á árinu. Hagnaður árisins nam rúmum 13 milljónum króna þar sem heildartekjur voru rúmar 110 milljónir.

Rekstrarskilyrði voru í raun þveröfug á allan hátt miðað við árið 2018, veðurfar með afbrigðum gott, Garðavöllur í einu besta ástandi sem hann hefur verið í og svo var ein besta aðstaða meðal golfklúbba á Íslandi tekin í notkun á vormánuðum. Þetta leiddi af sér að aðsókn á Garðavöll var með besta móti eða tæpir 22.000 hringir spilaðir.

Árið 2019 var sjöunda ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og ber að þakka honum fyrir afar vel unnin störf í þágu klúbbsins. Við lok rekstrarársins sagði Guðmundur starfi sínu lausu til að takast á við nýjar áskoranir.

Birgir Leifur Hafþórsson og John Garner höfðu veg og vanda af barna- og unglिंगastarfi klúbbsins. Þegar mest lét voru um og yfir 25 starfsmenn á launaskrá hjá klúbbum.

Það sem stendur án efa upp úr á árinu er vígsla nýrrar frístundamiðstöðvar við Garðavöll og er hún öll hin glæsilegasta. Aðstaða sem Leynisfélagar geta verið afar stoltir af og mun nýttast klúbbum vel á komandi árum.



## Aðalfundur 4. desember 2018

Á aðalfundi GL þann 4. desember 2018 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2019.

Úr stjórn gengu :

<b>Formaður til eins árs:</b>	Pórður Emil Ólafsson
<b>Stjórnarmenn til tveggja ára:</b>	Berglind Helga Jóhannsdóttir
<b>Varamaður til eins árs:</b>	Heimir Bergmann

**Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2019 voru:**

<b>Formaður til eins árs:</b>	Pórður Emil Ólafsson
<b>Stjórnarmenn til tveggja ára:</b>	Hörður Kári Jóhannesson, Heimir Bergmann
<b>Varamaður í stjórn til eins árs:</b>	Berglind Helga Jóhannsdóttir

Áfram sátu í stjórn Ingibjörg Stefánsdóttir og Eiríkur Jónsson.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

## Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 15 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Stóra verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu voru framkvæmdir og frágangur við byggingu á frístundamiðstöð.

Farið var varfærnislega þegar fjárhagsáætlun var gerð við upphaf árs sökum erfiðs rekstrarárs 2018 og tóku allar ákvarðanir framan af ári mið af því.

Gríðarlegt álag og vinna var á framkvæmdastjóra í utanumhaldi og verkefnastýringu á byggingu frístundamiðstöðvarinnar og skilaði það sér í því að fjárhagsáætlun verksins stóðst nánast upp á tíu. Frístundamiðstöðin var formlega tekin í notkun í apríl.

Nú er lokið þessu 54. rekstrarári Leynis og er stjórn GL gríðarlega ánægð með opnun glæsilegrar aðstöðu og að tekist hefur að lagfæra fjárhagsstöðu klúbbsins með góðri rekstrarniðurstöðu ársins.

Í ljósi þess að Guðmundur framkvæmdastjóri hefur sagt starfi sínu lausu þá vill stjórn GL koma á framfæri innilegum þökkum til hans fyrir gott samstarf á undanförunum 7 árum og fyrir





gríðarlega vel unnin störf á því tímabili. Stjórn GL óskar Guðmundi velfarnaðar í þeim nýju áskorunum sem hann tekur sér fyrir hendur.

Framundan er að fylgja eftir 5 ára áætlun um rekstur klúbbsins og þegar ný aðstaða hefur verið tekin í notkun mun orkan verða sett í Garðavöll og félagsstarf klúbbsins.

Síðast en ekki síst ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfboðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

## Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2019. Starfandi nefndir voru barna-, unglunga- og afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, öldunganefnd karla, og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hvernar nefndar í sérstökum skýrslum.

## Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís endurnýjaði styrktarsamning við GL og studdi GL við hana eftir fremsta megni. Valdís spilaði í fjölda móta á LET-mótaröðinni frá janúar til og með nóvember eða 15 mótum og var besti árangur hennar fimmta sæti á Women's NSW mótinu í Ástralíu. Valdís er um þessar mundir með fullan keppnisrétt á LET-mótaröðinni og að berjast við að halda honum fyrir tímabilið 2020.

Björn Viktor Viktorsson æfði og spilaði af kappi í sumar og stóð sig vel. Uppsakar hann árangur mikilla æfinga og dugnaðar í haust þar sem hann var valinn í afreks hóp á vegum GSÍ.

GL sendi að vanda hinar ýmsu sveitir til keppni á vegum GSÍ í Íslandsmót golfklúbba sem áður hét sveitakeppni GSÍ.

Karlasveitin spilaði í 1. deild og var leikið í Oddi og GKG, féll sveitin úr efstu deild. Kvennasveitin spilaði í 2. deild á Akranesi og sigruðu þær með glæsibrag og leika í efstu deild að ári.

Öldungasveit karla spilaði í 2. deild á Flúðum og stóðu þeir sig með ágætum. Sveit 18 ára og yngri spilaði í Þorlákshöfn og endaði sveitin um miðjan hóp.

## Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2019 úr 496 í 500 og er Golfklúbburinn Leynir 9. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ.

Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með um 50% félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 63 klúbbar skráðir á landinu og heildarfjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ er rúmlega 17.800 og er GSÍ annað stærsta sérsamband innan ÍSÍ.





## Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

<p><b>Meistaraflokkur karla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Stefán Orri Ólafsson 305 högg</li> <li>2. sæti Þórður Emil Ólafsson 309 högg</li> <li>3. sæti Björn Viktor Viktorsson 311 högg</li> </ol> <p><b>1. flokkur karla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Alex Hinrik Haraldsson 298 högg</li> <li>2. sæti Viktor Elvar Viktorsson 304 högg</li> <li>3. sæti Trausti Freyr Jónsson 308 högg</li> </ol> <p><b>2. flokkur karla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Gabriel Þór Þórðarsson 327 högg</li> <li>2. sæti Jón Vilhelm Ákason 330 högg</li> <li>3. sæti Vilhjálmur E Birgisson 332 högg</li> </ol> <p><b>3. flokkur karla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Kári Kristvinsson 340 högg</li> <li>2. sæti Einar Gíslason 350 högg</li> <li>3. sæti Sölvi Már Sigurjónsson 355 högg</li> </ol> <p><b>4. flokkur karla</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Þórir Björgvinsson 404 högg</li> <li>2. sæti Ægir Mar Jónsson 414 högg</li> <li>3. sæti Einar Brandsson 450 högg</li> </ol> <p><b>Karlar 55+</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Björn Bergmann Þórhallsson 250 högg</li> <li>2. sæti Reynir Sigurbjörnsson 260 högg</li> <li>3. sæti Sigurður Grétar Davíðsson 261 högg (sigraði eftir bráðabana)</li> </ol> <p><b>Karlar 65+</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Haukur Þórisson 248 högg</li> <li>2. sæti Reynir Þorsteinsson 250 högg</li> <li>3. sæti Þórður Elíasson 256 högg</li> </ol> <p><b>2x9 holur á Garðavelli, rauðir teigar drengir</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Guðlaugur Þór Þórðarson 38 punktar</li> <li>2. sæti Birkir Hrafn Samúelsson 37 punktar</li> <li>3. sæti Hilmar Veigar Ágústsson 36 punktar</li> <li>3. sæti Sigurður Brynjarsson 36 punktar</li> <li>3. sæti Árni Daníel Grétarsson 36 punktar</li> </ol> <p><b>2x18 holur á Garðavelli, rauðir teigar drengir 14 ára og yngri</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Kári Kristvinsson 75 punktar</li> <li>2. sæti Tristan Freyr Traustason 58 punktar</li> </ol> <p><b>2x18 holur á Garðavelli, gulir teigar drengir 15-16 ára</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Björn Viktor Viktorsson 78 punktar</li> <li>2. sæti Ingimar Elfar Ágústsson 67 punktar</li> <li>3. sæti Bjarki Brynjarsson 63 punktar</li> </ol>	<p><b>Meistaraflokkur kvenna</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Valdís Þóra Jónsdóttir 280 högg</li> <li>2. sæti Hulda Birna Baldursdóttir 359 högg</li> </ol> <p><b>1. flokkur kvenna</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Arna Magnúsdóttir 329 högg</li> <li>2. sæti Bára Valdís Ármannsdóttir 346 högg</li> <li>3. sæti Eva Jódís Pétursdóttir 350 högg</li> </ol> <p><b>2. flokkur kvenna</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Klara Kristvinsdóttir 348 högg</li> <li>2. sæti Elsa Maren Steinarsdóttir 361 högg</li> <li>3. sæti Ellen Ólafsdóttir 383 högg</li> </ol> <p><b>3. flokkur kvenna</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Jóna Björg Olsen 324 högg</li> <li>2. sæti Helena Rut Steinsdóttir 330 högg</li> </ol> <p><b>Konur 50+</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Hrafnhildur Geirsdóttir 297 högg</li> <li>2. sæti Ingunn Þóra Rikharðsdóttir 305 högg</li> <li>3. sæti Ólöf Agnarsdóttir 319 högg</li> </ol> <p><b>Konur 65+</b></p> <p>sæti Guðrún Kristín Guðmundsdóttir 290 högg</p> <p><b>Opin flokkur konur, punktkeppni m.forgjöf</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Rósa Björk Lúðvíksdóttir 79 punktar</li> <li>2. sæti Jónína Rósa Halldórsdóttir 64 punktar</li> <li>3. sæti Gunnhildur Björnsdóttir 61 punktur</li> </ol> <p><b>2x18 holur á Garðavelli, rauðir teigar, stúlkur 14 ára og yngri</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Elsa Maren Steinarsdóttir 64 punktar</li> </ol> <p><b>2x9 holur á Garðavelli, rauðir teigar stúlkur eldri</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Vala María Sturludóttir 35 punktar</li> </ol> <p><b>2x9 holur á Garðavelli, rauðir teigar stúlkur yngri</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. sæti Elín Anna Viktorsdóttir 31 punktur</li> <li>2. sæti Viktoría Vala Hrafnisdóttir 14 punktar</li> </ol>
---	--

Mótahaldið í sumar tókst að vanda vel og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir óeigingjörn og vel unnin störf í sumar.





Einnig störfuðu við völlinn hópur 28 unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Mikilvægi þessa hóps og vinnuframlag fyrir Garðavöll er mikið og ber að þakka Akraneskaupstað fyrir samstarfið.

Líkt og undanfarin ár sá GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, um faglega umsjón og ráðgjöf á umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann. Samstarfið hefur gengið vel alla tíð frá 2013 enda þekkir Brynjar Garðavöll orðið manna best.

## Veitingasala

Samið var við Galito um rekstur veitingasölu í nýrri frístundamiðstöð. Mál manna er að mjög vel hafi tekist til og var almenn ánægja með gæði og þjónustu Galito Bistro.

## Samningar við aðra golfklúbba

GL endurnýjaði að venju samstarfssamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið.

Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba:

### Vesturland

Golfklúbbur Borgarness (GB)  
Golfklúbburinn Glanni (GGB)  
Golfklúbburinn Jökull (GJÓ)  
Golfklúbburinn Vestarr (GVG)  
Golfklúbburinn Mostri (GMS)

### Suðurland

Golfklúbburinn Hellu (GHR)  
Golfklúbbur Hveragerðis (GHG)  
Golfklúbbur Selfoss (GOS)  
Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV)  
Golfklúbbur Dalbúa (GD)

### Reykjanes

Golfklúbbur Grindavíkur (GG)  
Golfklúbbur Suðurnesja (GS)  
Golfklúbbur Sandgerðis (GSG)

### Norðurland

Golfklúbbur Akureyrar (GA)  
Golfklúbburinn Hamar (GHD)

### Höfuðborgarsvæðið

Golfklúbbur Mosfellsbæjar (GM)  
Golfklúbbur Brautarholts (GBR)  
Golfklúbburinn Oddur (GO)

## Umferð um Garðavöll

Umferð um Garðavöll tók miklum breytingum milli ára og fjölgaði spiluðum hringjum um 7620 eða 54% en í sumar léku 21.720 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við apríl/maí til loka september. Eins og fram hefur komið má skýra þessu miklu aukningu af þrennu: frábæru veðri, góðu standi vallar og nýrri aðstöðu fyrir kylfinga

Erlendir gestir og kylfingar halda áfram að heimsækja Garðavöll og samkvæmt skráningum eru þeir rúmlega 35 þetta árið.





Stjórnendur GL horfa til þess að ný frístundamiðstöð sem tekin var í notkun í vor geti skapað aðstöðu til þess að geta jafnvel tekið á móti stærri hópum erlendra kylfinga.

Hér fyrir neðan er listi yfir félagsmenn sem skipuðu 10 efstu sætin og voru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu apríl til loka október 2019. Sumir félagsmenn eru á þessum lista ár eftir ár og það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn eru ávallt duglegir að spila Garðavöll.

## GL félagar með flesta skráða hringi

Nafn	Hringir	Sæti
Guðmundur Sigurjónsson	114	1
Jón Alfreðsson	106	2
Þórir Björgvinsson	101	3
Jóhannes Karl Engilbertsson	90	4
Bjarni Þór Ólafsson	78	5
Einar Gíslason		
Júlíus Pétur Ingólfsson	75	6
Bjarni Bergmann Sveinsson		
Skúli Bergmann Garðarsson	74	7
Pétur Vilbergur Georgsson	68	8
Reynir Gunnarsson	67	9
Eva Jódís Pétursdóttir	62	10

## Samskipti við Akraneskaupstað

Aðkoma Akraneskaupstaðar að rekstri GL hefur í gegnum tíðina verið mjög góð og til fyrirmyndar gagnvart öðrum sveitarfélögum á landinu. Þessi stuðningur er klúbbnum gríðarlega mikilvægur til frambúðar. Uppbygging á frístundamiðstöð er gríðarleg lyftistöng fyrir klúbbinn og setur alla aðstöðu á hærra plan, ennfremur mun aukinn rekstarstyrkur byggja undir stöðugleika í rekstri klúbbsins.

## Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaraðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðalstyrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL getað treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum.

Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og m.a. má nefna Olís sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort og auglýsingar á velli eru merkt fyrirtækinu.



Landsbankinn er líkt og undanfarin ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðalstyrktaraðili barna- og unglíngastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna- og unglíngastarfið.

Styrktaraðilar komu að starfinu víða og voru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

<b>Æfingaskýli</b>	<b>Skorkort</b>	<b>Mótahald</b>
Bernhard	Olís	Ölgerðin
Bílver	Landsbankinn	Brim
Olís	Íslandsbanki	Samhentir/Vörumerking
Lögheimili fasteignasala	Áltak	Icelandair Hotels
	Egill Árnason	ÍSAM: FJ-Ping-Titleist
<b>Brautarskilti</b>	Fagtækni	GrasTec
Landsbankinn	Telnet	Verslunin Bjarg
Mannvit	Verslunin Nína	Terma / Helena Rubinstein
Álfaborg	Sjammi	@home
Húsasmiðjan	HH Verktak	Galito Bistro Cafe
Íslandsbanki	Prentmet	Face
Apótek Vesturlands	Trésmiðjan Akur	Apótek Vesturlands
Topp Útlit	Gámaþjónusta Vesturlands	Örninn golfverslun
Samhentir/Vörumerking	Mannvit	Golfskálinn
ÍSAM: FJ-Ping-Titleist	GrasTec	BM Vallá
Sjóvá		Microsoft á Íslandi
Verkalýðsfélag Akranes	<b>Barna- og unglíngastarf</b>	Norðurál
Matfugl	Landsbankinn	Elkem
Vinnuvélar: Toro	Húsasmiðjan	Ver
Wurth	Íslandsbanki	Trésmiðjan Vegamót
Ölgerðin	Húsasmiðjan	Klafi
<b>1.teigur</b>	Sjóvá	AK pípulagnir
Vogir/Rafþjónusta Sigurdórs	Club 71	Meitill
Tölvuþjónustan	Guðni Örn Jónsson	Ylur pípulagnir
Ölgerðin	Skaginn	Gámaþjónusta Vesturlands
Öryggismiðstöðin	ÍA (Íþróttabandalag Akraness)	Klafi
	Íþróttasjóður	Úra- og skartgripaverslun
	ÍSAM: FJ-Ping-Titleist	Guðm.B.Hannah
<b>Völlurinn</b>	<b>Almennur stuðningur</b>	Verkalýðsfélag Akraness
Valfell fasteignasala	ÍA (Íþróttabandalag Akraness)	Skeljungur
Blikksmiðja Guðmundar	Club 71	KJ.Kjartansson
Omnis	Skóflan	Glacier Gin
Olís	Próttur	Dýrfinna
Hreint	BÓB vinnuvélar	Hárstúdíó
<b>Inniæfingaaðstaða</b>	PPP	Center Hótel
Húsasmiðjan		Leirbakariíð
Vogir/Rafþjónusta Sigurdórs		Krósk
Tölvuþjónustan		Íslandsbanki
		Perlan
		Borgarleikhúsið
		B59
		Hótel Hamar

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir fyrir þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir aðrir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

## Lokaorð

54. rekstrarári Golfklúbbsins Leynis er nú lokið.

Starfið þetta árið einkenndist af jákvæðum þáttum nánast hvert sem litið var. Upp úr stendur vígsla nýju glæsilegu frístundamiðstöðvarinnar.

Garðavöllur skartaði sínu fegursta í sumar og var umtalað í hversu góðu ástandi völlurinn var á allan hátt. Nú þegar framkvæmdir við frístundamiðstöðina hafa verið kláraðar þá liggur beinast við að Garðavöllur fái fulla athygli á komandi árum og áfram verði hann í fremstu röð golfvalla á Íslandi.



Fjölgun í hópi félagsmanna var ánægjuefni og er fjöldi félagsmanna árið 2019 sá mesti frá stofnun klúbbsins. Hlutfall kvenfólks af félagsmönnum hefur farið hækkandi en gaman væri að sjá það enn hærra.

Rekstarniðurstaða var vel viðunandi og yfir fjárhagsáætlun sem lagt var upp með. Í raun má segja að allir þeir þættir sem mikil áhrif hafa á rekstur golfklúbba hafi verið hagfelldir, tíðarfar gott, völlurinn frábær og aðstaða kylfinga eins og best verður á kosið. Þessir þættir urðu þess valdandi að umtal var virkilega jákvætt í garð GL og var fjölgun spilaðra hringja vel yfir 50%.

Ný aðstaða hefur aukið tekjuöflun GL þar sem fleiri tækifæri eru til þess að laða að sér fleiri kylfinga og hópa.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það almenna ánægju félagsmanna. Ný félagsaðstaða býður uppá fjölbreyttara félagsstarf fyrir félagsmenn og



bætta aðstöðu til inniæfinga. Vonandi náum við að nýta okkur það til að lyfta félagsstarfinu á hærra stig.

Töluverð endurnýjun verður á stjórn GL á þessum aðalfundi og munu fjórir nýir stjórnarmenn koma inn í stjórn. Er það von fráfarandi stjórnarmanna að upplifun nýrra aðila við stjórn klúbbsins verði jafn jákvæð og upplifun fráfarandi aðila hefur verið.

Reynsla sumarsins af nýrri og glæsilegri frístundamiðstöð staðfestir að væntingarnar sem gerðar voru til bættrar aðstöðu stóðust fyllilega. Nú eru aðstöðumál GL komin á virkilega góðan stað, bæði hvað varðar vélaskemmu og aðstöðu klúbbsins í frístundamiðstöðinni. Liggur nú því beinast við að áhersla komandi ára verði á að ráðast í viðhaldsaðgerðir á Garðavelli sem og að vinna í að fullnýta nýja aðstöðu til þess að bæta í félagsstarf GL.

Með bættum rekstrarstyrk Akraneskaupstaðar og fjölgun meðlima GL hefur styrkari stoðum verið rennt undir kjarnastarfsemi klúbbsins og lítur stjórn klúbbsins björtum augum til framtíðar hvað rekstur klúbbsins varðar.

Nýverið sagði Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri starfi sínu lausu hjá Golfklúbbum Leyni. Guðmundur hefur verið lykilmaður í þeirri uppbyggingu og öflugra starfi sem unnið hefur verið hjá Leyni síðastliðin ár. Stjórn GL vill koma á framfæri innilegu þakklæti til Guðmundar fyrir samstarfið á síðastliðnum 7 árum.

Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Einnig ber að þakka styrktaraðilum fyrir aðkomu þeirra að rekstri klúbbsins og síðast en ekki síst starfsfólki klúbbsins fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2019.



# Hestamannafélagið Dreyri

**Aðalfundur 27. nóvember 2019 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda**

## Í stjórn Dreyra voru á árinu 2019 :

<b>Formaður:</b>	Ása Hólmarsdóttir
<b>Varaformaður:</b>	Hrafn Einarsson
<b>Ritari:</b>	Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir
<b>Gjaldkeri:</b>	Inga Ósk Jónsdóttir
<b>Meðstjórnandi:</b>	Fjóla Lind Guðnadóttir
<b>Varamenn:</b>	Guðmundur G. Sigurðsson og Sigurður Arnar Sigurðsson

Stjórnin hittist alls 5 sinnum á fundum og einnig voru mörg mál rædd á samskiptamiðli stjórnar (Facebook), í tölvupósti og í síma.

Félagar í ársbyrjun voru 246.

Frá aðalfundi 28. nóvember 2018 voru nefndir Dreyra skipaðar á eftirfarandi hátt:

## Nefndir Dreyra:

**Endurskoðendur:** Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir. Til vara: Sigurður Arnar Sigurðsson (kosið er um endurskoðendur á framhaldsaðalfundi).

**Beitarnefnd:** Gísli Runólfsson, Hjálmar Ingibergsson, Guðmundur G. Sigurðsson, Inga Ósk Jónsdóttir gjaldkeri og tengiliður stjórnar.

**Fræðslu- og skemmtinefnd:** Gróa Þorsteinsdóttir, Eydís Gunnarsdóttir og Ólafur Frímann Sigurðsson. Tengiliður stjórnar er Hrafn Einarsson.

**Hússtjórn:** Inga Ósk Jónsdóttir, Ragnheiður Helgadóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir og Pétur Sævarsson. Tengiliður stjórnar er Inga Ósk Jónsdóttir.

**Mótanefnd:** engin mótanefnd starfaði árið 2019.

**Vallarnefnd:** Guðmundur Gísli Sigurðsson.

**Reiðveganefnd:** Óttar Már Ellingsen, Þorsteinn Hörður Benónýsson, Hafsteinn Daníelsson, Jón Magnússon og Guðný Elísdóttir.

**Æskulýðsnefnd:** Fjóla Lind Guðnadóttir, Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, Benedikt Kristjánsson og Viktoría Gunnarsdóttir. Tengiliður stjórnar er Fjóla Lind Guðnadóttir.

**Uppstillingarnefnd:** Sigmundur B. Kristjánsson og Inga Ósk Jónsdóttir.

**Reiðskemmunefnd:** Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Hörður Þorsteinn Benónýsson og Magnús Karl Gylfason sem kom inn í nefndina í ágúst 2019.

Á liðnu starfsári voru tíð samskipti og fundir þar sem fulltrúar úr stjórn hittu bæjaryfirvöld á Akranesi, s.s. bæjarfulltrúa, bæjarstjóra, umhverfisfulltrúa, skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa. Á þessum fundum voru aðallega rædd reiðskemmumál og einnig önnur



verkefni félagsins sem tengjast sveitarfélaginu s.s. umgengnismál, umhverfismál, skipulag, reiðvegir o.fl. Fjórir fundir voru haldnir með formönnum aðildarfélaga ÍA og framkvæmdastjórn ÍA. Einnig funduðu fulltrúar úr stjórn með nefndum Dreyra og höfðu samskipti við fjölmarga aðra aðila sem tengjast fjölbreyttu starfi hestamannafélaga.

Landsþing hestamannafélaga var haldið 12. og 13. október á Akureyri. Fulltrúar félagsins voru Inga Ósk Jónsdóttir, Ása Hólmarsdóttir, Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir og Stefán Ármannsson.

Reiðskemmunefnd hefur fundað formlega 9 sinnum með starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs Akraneskaupstaðar og ljóst að fundahaldi þessa árs er enn ekki lokið.



Opinn fundur um mótahald hjá Dreyra var haldinn í apríl. Tilurð þessa fundar var að ekki hefur verið starfandi mótanefnd hjá félaginu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stjórnar til að finna fólk í nefndina. 10 félagar mættu á fundinn þar sem keppnismálin og mótahald almennt voru reifuð. Þann 11. maí var síðan haldið Litla töltmótið, og var þokkaleg þátttaka og almenn gleði með mótið.

Formenn hestamannafélaganna á Vesturlandi funduðir tvisvar sinnum og einnig fundaði sá hópur einnig með stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands nú í nóvember.

Formannafundur LH var haldinn þann 1. nóvember s.l. í Reykjavík. Fóru formaður, gjaldkeri og formaður æskulýðsnefndar á fundinn. Helstu mál þessa fundar og það sem einna helst liggur brýnast á hestamannafélögum landsins er nýliðun í félagsskapnum okkar og hvernig er hægt að bæta úr lítilli nýliðun. Rætt var m.a. um félagshesthús en velheppnaðar tilraunir hafa verið gerðar með slíkt fyrirkomulag í t.d. Sörla og Fáki. Á fundinum var einnig rætt um mótahald,



kostnað við mót og oftast en ekki erfiðleika við að fá fólk til að vinna á mótum.

Árið 2019 var viðburðarríkt og eftirminnilegt að mörgu leyti og standa þar reiðskemmumálin hæst. Eins og vanalega hófst okkar gleðilega hestaár með smölun úr flóanum fyrir áramót. Miðað við aðstæður í mörgum hestamannafélögum út um landið þá telst aðgengi okkar að beitarhögum á Akranesi vera mikill lúxus, enda erum við þakklát fyrir þessa aðstöðu.

Framhaldsaðalfundurinn var haldinn 15. febrúar s.l. þar sem m.a. ársreikningar 2018 voru samþykktir og gengið frá mönnun í nefndir. Fjárhagur ársins er í mjög góðu standi.

Því miður varð ekkert af Góugleðinni þetta árið vegna dræmrar þátttöku og það sama varð uppi á teningnum í fræðsluferð um Suðurlandið sem búið var að skipuleggja og ráðgera að fara í apríl.

Það var ágætt starf í æskulýðsnefndinni á árinu eins og heyra má nánar um í skýrslu nefndarinnar.

Járninganámskeið var haldið um miðjan mars og var Íslandsmeistarinn í járningum, Gunnar Halldórsson, kennari á námskeiðinu. Fimm Dreyrafélagar tóku þátt.

Ferða- og skemmtinefndin sá um Langasandsreiðina á Sumardaginn fyrsta og sumarferðina á Hítarnesfjörur þar sem gíst var á Snorrastöðum á Mýrum. Þetta var stórskemmtileg ferð og tókst vel til bæði með skipulag, veður og skemmtilega samveru.

Árlegi umhverfisdagurinn okkar eða hreinsunardagurinn í Æðarodda og nágrenni var 27. apríl. Við vorum þátttakendur í umhverfisverkefni ÍA eins og í fyrra og fengum úthlutað „þáttökustyrk“ vegna þess. Stjórn Dreyra þakkar því úrvalsfólki sem tók til í kringum Æðaroddann.

## **1. maí 2019. Firmakeppni Dreyra**

Firmakeppni Dreyra var að venju haldin þann 1. maí. Það var sannkölluð vorblíða og sólin skein í heiði. Þetta var sérlega góður dagur því að fyrir utan frábæra þátttöku í keppni dagsins var tekin skóflustunga að reiðhöll Dreyra.

Dómarar dagsins voru þau Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri Hvalfjarðarsveiar og Hörður Helgason frá stjórn ÍA. Þau stóðu sig afburða vel í störfum sínum og vill stjórn Dreyra þakka þeim fyrir sitt framlag. Þau fengu að launum glæsilegar húfur með merki Dreyra.

Fyrstu skóflustunguna að reiðhöll Dreyra tóku nokkrir ungir og upprennandi knapar frá æskulýðsnefnd félagsins ásamt Lindu B. Pálsdóttur sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar, Ólafi Adolfssyni varaformanni umhverfis- og skipulagsráðs / bæjarstjórn Akraness, Ásu Hólmarsdóttur formanni Dreyra, Ragnari B. Sæmundssyni formanni umhverfis- og



skipulagsráðs / bæjarstjórn Akraness og Valgarði L. Jónssyni forseta bæjarstjórnar Akraness.

Eftir skóflustunguna góðu fóru gestir og keppendur í félagsheimilið og gæddu sér á veglegu kökuhlaðborði og þar fengu vinningshafar dagsins viðurkenningar og verðlaun sín.

Stjórn hestamannafélagsins Dreyra vill þakka öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu félagið fyrir firmakeppnina. Einnig færum við bestu þakkir til félagsmanna sem komu með veitingar og aðstoðuðu við framkvæmd dagsins.

## Úrslit Firmakeppni Dreyra:

### Pollaflokkur – teymt- þáttökuverðlaun.

- Ólafur Frímann Sigurðsson, Prins Pólo rauðblesóttur, 12 vetra.
- Gunnjóna Sigurðardóttir, Rán frá Skipaskaga, 11 vetra.
- Jörundur Arnarsson, Prestur frá Kirkjubæ, rauðnösóttur 19 vetra.
- Bjarndís Guðveig Guðbjartsdóttir, Fjöður frá Skipanesi, brúnskjótt, 17 vetra.
- Indiriði Gunnþór Guðbjartsson, Rás frá Hóli, rauð glófext, 8 vetra.
- Sigvaldi Berg Bjarkason, Djákni frá Bakka, brúnn 8 vetra.
- Karen Ylfa Róbertsdóttir, Messa frá Lambhaga, brúnblesótt 17 vetra.
- Anton Már Magnússon, Sól frá Steinsholti 1, bleikálótt 6 vetra.
- Marteinn Bóas Maríasson, Glóbus frá Steinsholti 1.
- Katla Ósk Erlendsdóttir, Lúsi frá Akureyri, brúnn 28 vetra.

### Kvennaflokkur úrslit.

1. Skipaskagi ehf.- Hrefna Hallgrímsdóttir, Hnikki frá Blönduósi.
2. Vélaleiga Halldórs Sig. Ehf – Maria Greve Rasmundssen, Hetta frá Hafsteinsstöðum.
3. Albert Sveinsson – Viktoría Gunnarsdóttir, Kostur frá Nýjabæ.

### Karlaflokkur – úrslit.

1. Sláturfélag Suðurlands – Hrafn Einarsson, Hnokki frá Þjóðólfsaga.
2. Akraneskaupsstaður – Stefán Gunnar Ármannsson, Arnar frá Skipaskaga.
3. Hestamiðstöðin Borgartún – Benedikt Kristjánsson, Embla frá Akranesi.

### Unglingaflokkur – úrslit.

1. Birkihlíð-Hrossarækt. – Agnes Rún Marteinsdóttir, Arnar frá Barkarstöðum.
2. Bjarni M. Guðmundsson. – Ester Þóra Viðarsdóttir, Ariel frá Garðabæ.
3. Blikksmiðja Guðmundar. – Raketl Ásta Daðadóttir, Irpa frá Neðra-Skarði.

### Barnaflokkur – úrslit.

1. Anton G. Ottesen. – Líf Ramundt Kristinsdóttir, Tóti frá Akurprýði.
2. Sjammi ehf. – Ólöf Oddný Jansen, Fjölur frá Ragnheiðarstöðum.

**Bestu þakkir fyrir stuðning:**

Hvalfjarðarsveit – Akraneskaupsstaður – Borgarholt – B.Ó.B. sf., vinnuvélar – Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar ehf. – Bílaverkstæði Hjalta ehf. – Birkihlíð hrossarækt – Bílver ehf. – Blikksmiðja Guðmundar ehf. – Eyrarbyggð ehf. – Galito slf. – Gámaþjónusta Vesturlands ehf. – Hafsteinn Daníelsson ehf. – Hróar ehf. – Íslandsgámar ehf. – Límtré Vírnet ehf. – Sómastaðir – Sjammi ehf. – Runólfur Hallfreðsson ehf. – Stóra-Aðalskarð slf. – Hestaleigan Draumhestar – Skagaverk ehf. – Skagastál – Skipaskagi ehf. – Sláturfélag Suðurlands svf. – Snókur verktakar ehf. – Veiðifélag Laxár í Leirársveit – Vélaleiga Halldórs Sig. ehf. – Próttur ehf. – Hestamiðstöðin Borgartún – Albert Sveinsson – Anton Guðjón Ottesen – Ásta Marý Stefánsdóttir – Bjarni Magnús Guðmundsson – Horn / Ólöf Samúelsdóttir – Sæmundur Víglundsson – Sigurður Valgeirsson.

Á 17. júní, bæði á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, tóku nokkrir Dreyrafélagar að sér að teyma undir börnum. Samtals stóð teymingarvinnan í um 5 klst. og safnaðist ágæt upphæð fyrir vinnuna. Stjórn Dreyra vill þakka þeim sjálfbóðaliðum sem tóku þátt og buðu fram tíma sinn og reiðhross í verkefnið.

Þann 19. júní var heiðursfélagi Dreyra, Fríða Þorsteinsdóttir frá Vestri-Leirárgörðum jarðsett. Við það tilefni stóðu 8 Dreyrafélagar heiðursvörð við kirkjugarðinn á Leirá að beiðni fjölskyldu Fríðu.

Því miður fór það svo að engin gæðingakeppni Dreyra var haldin árið 2019. Skráningar voru of fáar til að hægt væri að halda mótið. Stjórn Dreyra hafði þá samband við Hestamannafélagið Borgfirðing um samstarf í mótahaldi gæðingakeppni í Borgarnesi svo að keppendur Dreyra sem höfðu áhuga gætu þó spreytt sig í keppni. En þar var sama sagan og gæðingakeppni Borgfirðings var einnig felld niður vegna lítillar þátttöku.

Jakob Svavar Sigurðsson vann Meistaradeild VÍS árið 2019. Hann var einnig valinn í landslið Íslands sem tók þátt í heimsmeistaramóti íslenska hestins sem var haldið í Berlín. Jakob er íþróttamaður Dreyra fyrir árið 2019.





## Reiðskemmumál

Eins og áður hefur komið fram hefur reiðskemmunefndin fundað með starfsmönnum Akraneskaupstaðar mörgum sinnum á árinu og byggingaferlið potast áfram hægt og sígandi. Akraneskaupstaður keypti landspilduna sem reiðskemman á að standa á af einkaaðila snemma árs og tafði það málið um nokkra mánuði. Deiliskipulagsbreytingin þar sem reitur fyrir skemmuna var settur inn var auglýstur í lok júní. Nefndin óskaði eftir stækkun á skemmumni úr 25x45 í 25 x 50 metra. Kostnaður við stækkunina er í höndum Dreyra.

Frá því í sumar hefur nefndin unnið í verðkönnunargögnum vegna hússins, bæði vegna hússins sjálfs og sökkla. Vanda verður mjög til verksins því eigandi hússins mun verða Akraneskaupstaður og fara þarf eftir vinnureglum opinbers aðila sem óneitanlega hægir á ferlinu. Þegar þetta er skrifað hefur Akraneskaupstaður ekki enn sent verðkönnunargögn út eftir yfirlestur.

Stjórn Dreyra vill þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfboðavinnu. Hvert handtak er dýrmætt – við þurfum bara að vera fleiri í vinnuliðinu.

# Hnefaleikafélag Akraness

## Stjórn félagsins árið 2019

<b>Formaður:</b>	Oliver Máni Oliverson
<b>Varaformaður:</b>	Eypór Helgi Pétursson
<b>Gjaldkeri:</b>	Birna Árnadóttir
<b>Meðstjórnendur:</b>	Örnólfur Stefán Þorleifsson

## Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 25. mars 2020 í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Árið 2019 var ellefta starfsár HAK, það var formlega stofnað 28. febrúar 2008.

Árið hefur verið viðburðarríkt og rólegt. Eypór Helgi Pétursson hélt áfram að þjálfa keppnishóp og byrjendahóp og hefur staðið sig mjög vel að þjálfa þau og undirbúa fyrir keppnir. Bjarni Þór Benediktsson hélt áfram með krakka og hann hefur einnig staðið sig mjög vel og sér vel um hópinn sinn.

Oliver hætti með Jálkana eftir sumarið en þá var breytt og þetta skýrt Fullorðinsbox 18+. Það var í umsjón Steinunnar Ingu Sigurðardóttur en það var fellt niður eftir janúar að sökum lélegrar mætingar.





## Iðkendur

Iðkendum fækkaði dálítið í byrjun árs sem fylgir oft breytingum en hægt og rólega er þetta að koma til baka. Iðkendafjöldinn var um 50 – 60 á árinu og var þeim skipt í 4 hópa.

Krakkahópur: Þjálfari: Bjarni Þór Benediktsson.

Hnefaleikahópur: Þjálfari: Eypór Helgi Pétursson.

Keppnishópur: Þjálfari: Eypór Helgi Pétursson.

Jálkar/ Fullorðinshópur 18+: Þjálfari: Oliver Máni Oliversson / Steinunn Inga Sigurðardóttir.

## Viðburðir

Keptt hefur verið bæði í diplóma og ólympískum hnefaleikum.

## Diplóma

28. apríl keppti Hekla María Arnardóttir og stóð sig með þrýði. 16. nóvember kepptu þeir Almar Kári Ásgeirsson og Matthías Leó Sigurðsson.

## Ólympískir hnefaleikar

26. janúar keppti Karl Ívar Alfreðsson við Davið Sienta frá HFR og stóð uppi með sigur eftir glæsilegan bardaga. Davið Sienta er sterkur hnefaleikamaður með margra ára reynslu. Báðir sýndu frábæra tækni og Karl sýndi flotta pressu og sigurvilja.



16. febrúar keppti Karl Ívar Alfreðsson við Davíð Má Almarsson frá HFA og stóð uppi sem sigurvegari. Karl Ívar var með yfirburðartækni og bankaði hann í fyrstu lotu. Andstæðingurinn kláraði bardagann en var ansi vankaður og rann varla svitinn hjá okkar manni.

16. mars keppti Benjamín Kristinn Sigurjónsson á móti Hilmi Erni Ólafssyni frá HR en þetta var fyrsti bardagi Benjamíns í ólympískum hnefaleikum. Hann stóð sig frábærlega og sýndi góða tækni. Andstæðingurinn var sterkur og hafði betur í þetta sinn.

Einnig keppti Bjarni Þór Benediktsson á þessu móti. Mótherji hans var Þórarinn Steinn Þórðarson frá Æsi.

Bjarni var að koma aftur inn eftir nokkurra ára pásu. Hann var ekki alveg með hugann við leikinn og sat uppi með tap.

14. apríl keppti Karl Ívar Alfreðsson á Íslandsmeistaramótinu í hnefaleikum í Keflavík. Mótherji hans var Davíð Sienta en Karl Ívar sat uppi með tap þrátt fyrir að hafa staðið sig mjög vel, sýnt flotta tækni og mikinn sigurvilja.

Frá því á ÍM höfum við reynt að senda Karl Ívar á hvert einasta mót en án árangurs.

## Aðstöðumál

Aðstaðan er heldur þröng fyrir marga iðkendur en við höfum verið að bæta hana eins og við getum. Bætt hefur verið við medicenboltum og hafa þeir verið að koma sér vel við æfingar. Þó er enn þörf á meiri endurnýjun á búnaði.

## Lokaorð og þakkir

Það sem af er árinu lítur það vel út og reglulega bætist við einn og einn nýr inn á æfingarnar. Félagið nær að standa undir sér og þá er bara að byggja það upp. Við viljum þakka ÍA og þá sérstaklega Hildi Karen, fyrir alla hjálp sem við höfum fengið. Við værum ekki hér ef það væri ekki fyrir ykkur.

# Karatefélag Akraness

## Stjórn KAK

<b>Formaður:</b>	Gyða Einarsdóttir
<b>Gjaldkeri:</b>	Berglind Erna Þórðardóttir
<b>Meðstjórnendur:</b>	Sigrún Margrét Halldórsdóttir, Ragnheiður Gísladóttir og Katrín Lilja Jónsdóttir

## Frá stjórn KAK

Aðalfundur KAK var haldinn 22. febrúar 2019 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum. Eftir 8 ára formennsku óskaði Eydís Líndal Finnbogadóttir eftir að hætta í stjórn félagsins. Þetta var mikill missir fyrir félagið enda hefur Eydís unnið mikið og gott starf fyrir félagið og unnið að því að byggja upp stöðugt félag. Það tók því ný og óreynd stjórn við félaginu og tók Gyða Einarsdóttir við formennsku. KAK þakkar Eydísi fyrir hennar starf fyrir félagið.

Starfsemi Karatefélags Akraness hefur gengið vel árið 2019. Breytingar hafa verið gerðar á flokkum félagsins til að styðja betur við framhaldshópa. Félagið er með um 40 iðkendur í fjórum flokkum: Karateskóli fyrir byrjendur, flokkur II (gulbeltingar), flokkur I (appelsínugul belti +) og meistaraflokk (14 ára og eldri). Þessi breyting kemur vel út og veitir betri og markvissari kennslu til þeirra sem lengra eru komnir í íþróttinni. Einnig hefur félagið bætt við þjálfurum með því að fá elstu iðkendurnar Amalíu, Ólaf og Krístrúnu sem aðstoðarþjálfara á æfingar yngri flokka með Vilhjálmi yfirþjálfara. Einnig sér Amalía um æfingar í hópkata aðra hverja viku fyrir þá hópa sem ætla að keppa saman. Æfingar hjá yngri flokkunum eru tvisvar í viku klukkutíma í senn. Meistaraflokkurinn æfir einnig tvisvar í viku og þá í tvo tíma í senn. Á árinu var lögð áhersla á grunnkarate en æft er samkvæmt Shotokan karatestílum. Hjá félaginu er lögð áhersla á þjálfun í kata en einnig hefur þjálfun í kumite aukist. Tveir iðkendur úr félaginu tóku í fyrsta skipti þátt í fjörkálfamóti í kumite á síðasta ári. Félagið leggur áherslu á kennslu í gegnum leik og félagsstarf, t.d. með vinaæfinum á milli félaga, innanfélagsmótum og skemmtiæfingum. Karateíþróttin stendur traustum fótum í íþróttalífi Akurnesinga. Það er metnaður í stjórn, þjálfurum og iðkendum að gera enn betur og byggja upp til framtíðar.





## Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK á árinu 2019 var Vilhjálmur Þór Þóruson. Aðstoðarþjálfarar eru þau Amalía Sif Jessen, Ólafur Ían Brynjarsson og Krístrún Bára Guðjónsdóttir. Það hefur verið góð viðbót að fá inn aðstoðarþjálfara á æfingar yngri flokka og hafa þau öll leyst Villa af þegar hann hefur farið utan í æfingabúðir. Villi hefur mikla reynslu í þjálfun í karate og er einnig aðalþjálfari Karatedeildar Breiðabliks. Allir aðstoðarþjálfarnir eru með svart belti og hafa því góða reynslu til að miðla áfram til yngri iðkenda.

## Gráðanir

Gráðanir eru einskonar stöðupróf sem iðkendur í karate geta tekið tvisvar á ári í lok annar. Hjá KAK var gráðun 17. maí og þá gráðuðust 36 og síðan 13. desember og þá gráðuðust 35. Við gráðun sýna iðkendur yfirþjálfara félagsins það sem þeir hafa lært og þar með færni sína. Standist iðkandi gráðun öðlast hann rétt til að bera næsta lit af belti í keppni og á æfingum. Öll börn yngri en 14 ára gráðast um 1/2 gráðun í senn.

Litaröð belta er: hvítt, gult, appelsínugult, rautt, grænt, blátt, fjólublátt, 3x brúnt og svart.

## Gráðun í svart belti

Í æfingabúðum með Richard Amos hér á Íslandi 11. maí náðu þær Amalía Sif Jessen og Krístrún Bára Guðjónsdóttir þeim áfanga að gráðast til 1. dan eða svart belti. Við hjá KAK óskum þeim til hamingju með áfangann. Þær bætast því í hóp svartbeltinga hjá félaginu og vonum við að hópurnir haldi áfram að stækka. Dan gráðanir fara venjulega fram einu sinni á ári á Íslandi en einnig er algengt að íslenskir iðkendur taki dan gráðanir erlendis, oft í tengslum við æfingabúðir.

## Félagsstarf KAK

Innanfélagsmót hjá KAK hafa verið haldin á vorönn og haustönn þar sem krakkar fá æfingu í að koma fram og keppa í kata. Farið er yfir mótareglur og keppt eftir beltalit en ekki eftir aldri. Vormótið var haldið 30. mars og gekk mjög vel. Allir þátttakendur fengu lítil páskaegg en þeir sem stóðu uppi sem sigurvegarar fengu stærra egg. Eftir mótið var svo pizzaveisla og leikir í íþróttahúsinu. Á haustönn var mótið haldið 15. október og fengu sigurvegarar brúsa og tösku í verðlaun. Eftir það mót var líka haldin pizzaveisla og farið í leiki þar sem krakkarnir kynnast og hafa gaman.

Á haustönn var farið á vinaæfingu hjá Breiðablik. Þrátt fyrir leiðindaveður fór hópur af krökkum frá Akranesi og tók þátt í vinaæfingu hjá Breiðabliki. Þetta er gert til að kynnast öðrum krökkum í öðrum aðstæðum en bara keppni og vonandi stofna til frekari vinasambanda og kunningsskapar innan íþróttagreinarnar. Þetta tókst vel og stefnan er að KAK bjóði til vinaæfingar á Akranesi fyrir Breiðablik og Þórshamar 2020.



KAK fór með hóp af krökkum á Fjörkálfamót 13. apríl í kata. Þetta mót er æfingamót til að kynnst því hvernig er að keppa við önnur félög. Á haustönn 2018 var farið á Fjörkálfamót í kumite. Þetta var í fyrsta skipti sem KAK tekur þátt í kumitemóti með yngri krakka. Þeir Adam og Theódór tóku þátt og stóðu sig vel og komu heim með silfur og brons.

## **Karatemaður KAK árið 2018**

Í útnefningu til íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Krístrúnu Báru Guðjónsdóttur sem Karatemann ársins 2019. Krístrún Bára er fædd 2003.

Krístrún Bára náði þeim merka áfanga á árinu að vinna sér inn svart belti eða 1. dan í karateíþróttinni. Krístrún keppir í kata sem er hennar keppnisgrein innan karate og þar er hún í sterkum hópi karatekvenna á Íslandi. Hún keppti á RIG (Reykjavíkurlaikunum) 2019 í kata með góðum árangri. Hún varð í öðru sæti í Grand Prix mótariðinni í flokki 16-17 ára. Þá varð hún í 3. sæti á Íslandsmóttinu í kata í flokki 16-17 ára. Krístrún er í unglíngalandsliði Íslands og árið 2019 keppti hún með landsliðshópnum á Svenska Katapokalen einnig tók hún þátt í Smáþjóðamóttinu í karate. Á báðum mótunum stóð hún sig vel.

Krístrún Bára er orðin aðstoðarþjálfari hjá Karatefélaginu og er góð fyrirmynd fyrir iðkendur félagsins.

## **Þátttaka og árangur á mótum 2019**

### **Grand Prix mót KAÍ**

Móttin voru 3 yfir árið 2019 og safna þátttakendur stigum á hverju móti eftir árangri. Í lok árs er svo verðlaunað fyrir besta árangur í mótariðinni. Krístrún náði 2. sæti í heildarstigafjölda í flokki 16-17 ára stúlkna og Óli náði 3. sæti í flokki 14-15 ára drengja.

### **Reykjavík International Game – RIG**

KAK átti líka tvo keppendur á RIG sem var haldið á árinu. Óli náði þar í bronsverðlaun í kata í flokki 14-15 ára.

### **Íslandsmeistaramót barna og unglíngna í KATA**

Móttin voru haldin í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi 4.-5. maí. Þessi mót eru aðalmót ársins hjá karatefólki og tókst vel til. Frá KAK fóru krakkar bæði á barna- og unglíngamóttið. Allir stóðu sig vel og er mikið hugrekki í því að koma fram og keppa í karate. Á unglíngamóttinu náðu bæði Krístrún og Óli bronsi í sínum flokkum.



## Unglingalandslið

Ólafur Ían og Krístrún Bára voru svo valin í keppnisferð með unglíngalandsliði Íslands til að keppa á Svenska Katapokalen í Stokkhólmi 14. mars. Þau stóðu sig bæði mjög vel þrátt fyrir að komast ekki á pall í þetta sinn. Þau æfðu svo með landsliðshópnum allt sumarið og kepptu svo á Smáþjóðaleikunum í karate 13. - 15. september, sem voru haldnir á Íslandi þetta árið. Frábær árangur hjá þeim báðum og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.



## Miðlun upplýsinga og fréttir af félaginu

KAK hefur verið að nota Facebook til að koma upplýsingum til foreldra og koma með fréttir af starfinu en eftir ný lög um persónuvernd þá munum við nota félagavef ÍA <https://ia.is/karate/> fyrir fréttir.

Einnig verið að vinna í samvinnu við ÍA að koma KAK í Sportabler þar sem allar fréttir til foreldra verða í framtíðinni, æfingar, skráningar á mót og fleira. Samskipti við foreldra skipta miklu máli og hægt er að hafa samband við þjálfara og stjórn félagsins í gengum Facebook síðu félagsins og svo í framtíðinni í gegnum Sportabler.

## Fjármál og rekstur

Árið 2019 var rekstrarlega í góðu jafnvægi hjá KAK. Félagið hefur mest af tekjum sínum af félagsgjöldum og einnig styrki frá Akraneskaupstað. Þá var aftur farið í fjáröflun hjá félaginu með sölu á tannburstum og hulstrum, sem hugsað er fyrir rekstur félagsins, s.s. keppnisgjöld á mót sem félagið tekur þátt í.

Þrátt fyrir að hafa bætt við aukaflokki og komið með aðstoðarþjálfara þá stendur félagið vel. En fyrir fámenn félög eins og KAK getur reksturinn verið viðkvæmur. Þjálfunarkostnaður er stærsti hluti af útgjöldunum og síðan sér félagið um að greiða keppnisgjöld fyrir iðkendur.



# Keilufélag Akraness

## Stjórn Keilufélags Akraness 2019:

<b>Formaður:</b>	Einar Jóel Ingólfsson
<b>Varaformaður:</b>	Ársæll Rafn Erlingsson
<b>Gjaldkeri:</b>	Sigurður Þorsteinn Guðmundsson
<b>Ritari:</b>	Birgitta Þóra Birgisdóttir
<b>Meðstjórnendur:</b>	Ingi Geir Sveinsson
<b>Varamenn:</b>	Björn Þór Gunnarsson og Guðjón Gunnarsson

Birgitta þurfti að segja sig úr stjórn á tímabilinu og tók Guðjón sæti hennar. Starf stjórnar var gott, bæði á fundum og þess á milli.

Keilufélagið var í lausu lofti framan af ári vegna aðstöðumála og kom til álita að leggja félagið niður.

Síðasti aðalfundur KFA fór fram í tvennu lagi og var fyrri fundurinn haldinn 28. mars þar sem ársreikningur var samþykktur og staða félagsins var rædd, eftir það var aðalfundi frestað vegna óvissu um framtíð KFA.

24. júlí var boðað til framhaldsaðalfundar þar sem það voru vísbendingar um að það myndi horfa til betra vegar í aðstöðumálum KFA.

Félagsstarfið hefur gengið vel og hafa margir sigrar náðst, unglíngarnir okkar hafa verið að standa sig vel og hafa þeir skilað okkur mörgum titlum svo sem Íslandsmeistarar unglíngaliða.

Jóhann Ársæll og Matthías Leó unnu sína flokka í Meistarakeppni unglínglinga. Sóley Líf Konráðsdóttir, Matthías Leó Sigurðsson, Jóhann Ársæll Atlason hlutu titilinn Íslandsmeistari unglínglinga í sínum flokki.

Ekki voru það bara unglínglingar sem skiluðu titlum til KFA því þau Guðjón Gunnarsson og Ágústa Jónsdóttir urðu Íslandsmeistarar einstaklinga með forgjöf.

Keilufélagið er með fjögur lið á Íslandsmeistaramótinu, ÍA-meyjur sem eru í 2. deild kvenna og karlamegin er ÍA í 1. deild, ÍA-W í 2. deild og ÍA-B í þeirri þriðju. Útlit er fyrir að ÍA (1.d. karla) komist í úrslitakeppnina en liðið er nú í þriðja sæti með tvo leiki til góða.

Nokkur landsliðsverkefni voru hjá okkar fólki. Á Evrópumót ungmenna U18 sem haldið var í Vín í Austurríki fóru Jóhann Ársæll og Matthías Leó. Á Norðurlandamót ungmenna U23 sem haldið var í Keiluhöllinni Egilshöll fór Jóhann Ársæll.

Stóðu þeir sig vel á þessum mótum og eins má nefna að landliðsþjálfarar ungmenna koma úr ÍA en það eru þau Guðmundur Sigurðsson og Jónína Magnúsdóttir.

Guðmundur Sigurðsson fór á HM öldunga 50+ sem haldið var í Las Vegas.

Eitthvað var um að félagar KFA fóru á önnur mót utan landssteinanna og má nefna að Hlynur Helgi Atlason og Tómas Garðarsson skelltu sér til Dublin til að taka þátt í Junior Irish Open.



Þjálfararnir okkur hafa verið duglegir að ná sér í menntun en Gummi og Nína fóru á ETBF 2 þjálfaranámskeið í Shipley á Englandi í mars. Einnig fóru þau á þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ en Nína tók 2. stigið og Gummi 3. stigið.

Eins má nefna að fjórir félagar Keilufélagsins fóru á ETBF 1 nú í febrúar. Því má segja að Keilufélagið sé með vel menntaða þjálfara.

Jóhann Ársæll Atlason var af stjórn valinn Keilumaður Akraness en hann hefur staðið sig vel á árinu bæði með félagi og landsliði.

Eins og þessi pistill byrjaði á þá hafa verið erfiðir tímar hjá félaginu og var á tímabili ekki ljóst hvort það yrði starf þennan vetur en sem betur fer sást ljós við enda gangans. Akraneskaupsstaður setti það á fjárhagsáætlun að bæta úr aðstöðumálum hjá félaginu og verður að segjast að sá tími sem fór í hönd var ekki sá skemmtilegasti sem ég hef lifað. Það að hlusta á bæjarstjórn skeggræða um framtíð félagsins með ýmsum fullyrðingum og ásökunum



sem ekki eiga rétt á sér er miður skemmtilegt. Það fór þó svo að þetta var samþykkt úr bæjarstjórn og við getum tekið gleði okkar á ný í sal með nýjum vélum.

Við bíðum enn og er nokkuð ljóst að við munum þurfa að byrja næsta tímabil á þeim vélum sem nú eru hjá okkur með tilheyrandi viðhaldi og kvíða um hvort þær fari í gang fyrir leikinn, æfinguna eða afmælið sem við erum búin að selja til að geta rekið félagið.

Það er nokkur ljóst að næsta ár verður erfitt og mun reyna vel á félagsmenn, en það verður áfangasigur þegar vélarnar verða komnar í hús og við höfum nothæfar þrjár brautir. Ef við horfum til framtíðar þá er ljóst að sá brautafjöldi sem nú er til staðar hamlar frekari stækkum á félaginu og er þörfin fyrir fleiri brautum nú þegar til staðar.

Ég er nokkuð viss um að okkur mun takast að komast yfir þetta tímabil og koma upp aðstöðu sem hæfir keilunni bæði sem íþrótt og fyrir almenning sem skilar sér í fleiri iðkendum. Hvenær sá tími kemur veit ég ekki.

„Okkar tími mun koma“.

Afram ÍA.

## Klifurfélag Akraness

### Stjórn félagsins

Í stjórn Klifurfélags ÍA árið 2019 voru:

<b>Formaður:</b>	Kjartan S. Þorsteinsson
<b>Gjaldkeri:</b>	Jónella Sigurjónsdóttir
<b>Ritari:</b>	Valgerður Jónsdóttir
<b>Meðstjórnendur:</b>	Sigurður Reynisson og Brimrún Eir Óðinsdóttir

### Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi hjá Klifurfélagi ÍA hefur haldist nokkuð stöðugur síðastliðin tvö ár, með jafnri aukningu á milli ára. Iðkendafjöldi fyrir árið 2019 var einhvers staðar á milli 90-100 klifrarar, á aldrinum fjögurra til sextíu ára.

Hópaskipting hefur verið í þróun eftir því sem bætist í hópana en árið 2019 voru æfingahópar orðnir sjö talsins, fjórir grunnskólahópar, tveir leikskólahópar og einn hópur fyrir fólk á besta aldri.

Þjálfari félagsins, Þórður Sævarsson, hefur haldið utan um allar æfingar hingað til með dyggilegri aðstoð Brimrúnar sem hefur hlaupið í skarðið þar sem við á.



Í febrúar fengum við óvænt aðstoð í þjálfarateymið frá þýskri stúlku að nafni Sarah Gunzel. Sarah var í starfsnámi á Akranesi og sem klifrari og þjálfari í Klettresentret Fulda í Þýskalandi var ekki annað hægt en að fá hana til að aðstoða okkur þann tíma sem hún var hér. Kraftar hennar voru vel nýttir, ekki síst við leiðasetningu fyrir undanúrslit fyrir Bikarmeistarmótið 2019, en hún ásamt kærasta sínum hjálpuðu leiðasmiðum ÍA við að setja upp skemmtilegar en erfiðar leiðir fyrir mótið.



### Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Stjórn félagsins hefur komið saman nokkrum sinnum á árinu. Fastir fundatímar hafa verið í upphafi og lok starfsárs og síðan hefur stjórnin fundað þegar þörf hefur verið á, þegar starfsemin og önnur erindi kalla á.

Æfingar hófust 7. janúar og fljótlega varð fullt í yngri hópa. Skráning í eldri hópa var svipuð og síðustu ár og ánægjulegt að sjá hve sterkur kjarni er í elstu hópunum. Það sama má segja um æfingahópa í fullorðinsflokki, mæting þar var með besta móti yfir árið.

Í byrjun febrúar var farin æfingaferð á Laugarvatn með eldri hópa þar sem tekið var stutt klifur í húsnæði nýstofnaðrar Klifurdeildar UMFL og á heimleiðinni var skolað af sér í Mosfellsbæ. Ferðin fer þó líklegast helst í sögubækunar fyrir lagið um "Fiskibollurnar 100", sem sungið var frá Mosó upp á Akranes, fararstjórum til mikillar ánægju. 4.-5. bekkur fór einnig í æfingaferð í lok apríl en þá var Klifurhúsið heimsótt og svo endað í sundi í Mosó.

Klifurfélagið lét útbúa ÍA-keppnisboli til sölu fyrir iðkendur. Það hefur ekki verið skylda að eiga keppnisbúning en undirritaður telur þó að með mikilli fjölgun iðkenda sem kjósa að keppa í klifri þurfi Klifurfélagið að setja sér einhver lágmarksviðmið um keppnisbúninga. Það gerir okkur sýnilegru á klifurmótum og myndar sterkari liðsheild.





Vordagar voru með endemum góðir fyrir útiklifur. Fyrsta útiklifur ársins 2019 var 27. febrúar í Elínarhöfða sem verður að teljast óvenju snemmt á árinu. Um Páskahelgina sáust ÍA-klifrarar halda sér fast í Munkaþverá fyrir utan Akureyri ásamt fleiri sunnlenskum klifurum. Veðurbliðan lék við landann í byrjun nýs árs og og því færðust æfingar að miklu leyti út í lok apríl og byrjun maí.

ÍA-klifrarar uppgötvuðu tvö ný klifursvæði í nágrenni við Smiðjuloftið; annars vegar í Elínarhöfða þar sem finna má nokkur stór grjót fyrir eldri klifrara, og hins vegar nokkrar skemmtilegar klifurleiðir í fjörunni við Kalmansvík fyrir yngri klifrara. Bæði svæðin eru í göngufjarlægð frá Smiðjuloftinu og eru því kærkomin viðbót fyrir útiklifrara.

Almennt virtist vera ánægja með útiæfingarnar og flestir virtust hafa gaman af því að glíma við alvöru grjót. Markmiðið er að kynna iðkendum þessa þætti klifursins, það er að klifra úti í íslenskri náttúru á alvöru grjóti. Það er von þjálfara að með hækkandi aldri og auknu sjálfstrausti iðkenda, og einnig með fjölgun klifrara í eldri aldurshópum, þá fari ÍA-klifrarar í auknum mæli að nýta sér þær náttúruperlur sem við höfum hér í nágrenninu til klifurs. Að klifra úti er að mati undirritaðs jafn mikilvægt og að æfa inni við en stór hluti þess að vera klifrari er einmitt sá að njóta útiveru í góðra vina hópi.

Gott dæmi um slíkt er árlegur viðburður Klifurfélags ÍA, klifur í Akrafjalli á Sumardaginn fyrsta. Í ár var metþátttaka í grjótglímu og línuklifri í Akrafjallinu en um 50 klifrarar á öllum aldri mættu til að glíma við berg. Stemmningin var frábær og bílastæðið troðfullt. Viðburðurinn var ótrúlega vel heppnaður í ár og við stefnum á jafn flottan viðburð í ár.

5. maí fagnaði Smiðjuloftið ársafmæli með hraðaklifurmóti ÍA þar sem keppt var í flokki reyndra og óreyndra klifrara. Hlutskarpastir urðu þeir Valur Áki og Sigurður Reynis. Fyrsta mót vetrarins var haldið 21. september á Smiðjuloftinu en það var ÍM í línuklifri. Skagamenn stóðu sig með þryði og mótið heppnaðist vel. Árlegt Hrekkjavökumót ÍA var haldið við hrikalegar aðstæður á Smiðjuloftinu og þar fékk D-flokkur að spreyta sig á stigamóti í fyrsta sinn. Þórkatla Þyrí tyllti sér í fyrsta sæti í D-flokki stúlkna og Rúnar hlaut gullverðlaun í C-flokki drengja. Síðasta innanfélagsmót ÍA var árlegt jólamót, Jólasveinninn 2019. Jólasveinar ársins urðu þau Rúnar og Sylvía, eftir skemmtilegt klifur og erfiðar þrautir.

Í byrjun maí skokkuðu elstu hópar um strandlengjuna og plokkuðu rusl af krafti og Hreyfivika ÍA fór fram 27. maí og bauð Klifurfélag ÍA upp á grjótglímu í Akrafjalli.

Lokahóf yngri og eldri hópa voru svo haldin í maí en þá var ýmist farið í Kalmansvík eða í Akrafjall í klifur og grill. Nokkrir ískaldir klifrarar tóku upp á því að hoppa í ána í kuldalum en varð ekki meint af. Þar með lauk formlegum æfingum og haldið var inn í sumarið til frekari afreka.

Snemma sumars heimsóttu ÍA-klifrarar Hnappavelli, mekka íslensk klifurs, þar sem klifurafrek var unnið. Nánar um það síðar í annál. Önnur svæði sem heimsótt voru yfir sumarmánuðina voru Munkaþverá, Valshamar, Leirvogsgil og Esjan, og auðvitað Akrafjallið svo nokkur séu nefnd.



Nýjar klifurleiðir litu dagsins ljós í Akrafjalli, en þar bættist við leiðin “Thanos lifir”. Stutt leið í léttari kantinum á milli stóru hamrana. Einnig var frumfarin ný leið utan á Landsbankahúsinu og hlaut hún nafnið “Bankarín”. Uppákomun var hluti af hátíðarhöldum á 17. júní og var hin ágætasta kynning fyrir klifur á Akranesi.

Í byrjun hausts var gerð tilraun með örnámskeið í klifri fyrir börn á yngsta stigi. Þátttakan var sæmileg og mögulega verður gerð önnur tilraun eftir næsta sumar. Þann 25. ágúst var haldið þjálfaranámskeið fyrir nýja þjálfara þar sem Brimrún Eir tók þátt ásamt undirrituðum, sem var einn kennara á námskeiðinu.

Elsti hópur fór stutta æfingaferð í Grundarfjörð að skoða nýtt klifurhús sem þar var opnað á árinu. Þar með var haustönn hafin.

Eldri hópar héldu sameiginlega æfingu 14. september og gistu yfir nótt á Smiðjuloftinu. Klifrað var í Elínarhöfða og síðan héldu æfingar og annar óhemjugangur áfram fram á nótt á Smiðjuloftinu. Eftir gistinóttina þurfti þjálfari að komast í stutt frí og skaust því til Fontainebleau til að taka út aðstæður áður en haldið verður af stað með elsta hópinn í þeirra fyrstu klifurferð utanlands. Þar rákumst við á Söruh vinkonu okkar ásamt þýsku föruneysi og klifruðum með þeim. Síðasta útiklifur ársins var svo í lok október í Elínarhöfða.

Á milli jóla og nýárs var boðið upp á tvo jólatíma fyrir ÍA-klifrara og fjölskyldur þeirra og fjöldi klifrara nýttu sér það tilboð. Árið endaði svo með Gamlársklifri ÍA þar sem klifrarar hittust til að kveðja klifurvegginn og hvíla fingur fram á nýtt ár.

Þjálfari ÍA hefur um skeið setið í sérnefnd ÍSÍ um klifur, en nefndin vinnur að uppbyggingu klifurs á Íslandi. Ýmis mál hafa legið fyrir nefndinni, utanumhald um mót og endurskoðun á mótareglum, svo eitthvað sé nefnt. Nú á vordögum gaf Íþróttáþing ÍSÍ leyfi til stofnunar sérsambands fyrir klifur og er sú vinna í ferli. Samráðsfundur sérsambandanna á Norðurlöndum var haldinn í Kaupmannahöfn 2. mars og fór undirritaður sem fulltrúi sérnefndar á þann fund. Sérsamböndin hittast á tveggja ára fresti til að stilla saman strengi og fara yfir mál sem snerta okkur sameiginlega.

## **Þátttaka og gengi í mótum**

Mótaárið 2019 var með öðru sniði en venja hefur verið en nú liggur mótaárið yfir eitt ár, frá janúar til loka desember.

Sérnefnd ÍSÍ stóð fyrir grjótglimumótaröðinni, sem saman stóð af fjórum mótum. Einnig Íslandsmeistarmóti í línuklifri og svo Bikarmeistarmóti Íslands. Einnig fóru fram nokkur minni innanfélags- og skemmtimót eins og fram kom hér að ofan.

Gengi ÍA- klifrarar var gott á mótum og þótt enginn Íslandsmeistartitill hafi ratað yfir flóann að þessu sinni þá er framtíðin björt. Hér eru talin upp þau sem unnu til verðlauna á mótum sérnefndar ÍSÍ.



Brimrún Eir hafnaði í þriðja sæti í bæði grjótglimumótaröðinni og á ÍM í línuklifri. Rúnar fékk silfurverðlaun á Bikarmeistarmótinu í C- flokki og Tinna Rós fékk bronsverðlaun, einnig í C-flokki. Sylvía landaði þremur silfurverðlaunum fyrir ÍA í C-flokki, í grjótglimumótaröðinni, í línuklifri og á Bikarmeistaramótinu.

Hér kemur stutt upptalning á helstu klifurafrekum sumarsins:

#### **Ellert Kári**

##### *Akrafjall*

- Toppar „Upp í hellinn“ á Sumardaginn fyrsta.
- Klifrarar “Snæfellsjökull”
- Leiðir Turninn (5.5)
- Leiðir Vírbursti nr. 3 (5.7)
- Leiðir Thanos lifir (5.6)

#### **Gyða**

##### *Akrafjall*

- Leiðir Vírbursti nr. 3
- Klifrarar “Snæfellsjökull”
- Toppar “Upp í hellinn”

#### **Brimrún Eir**

- Lýsisperlan (5.9)

#### **Rúnar**

##### *Akrafjall*

- Klifrarar “Snæfellsjökull”
- Leiðir Turninn
- Leiðir Vírbursti nr. 3
- Leiðir Thanos lifir

#### **Guðjón Ívar og Sverrir Elí**

##### *Akrafjall*

- Snæfellsjökull (5C/6A)

#### **Arnór Már**

- Elífur er ekki hér (5.8)

#### **Sigurður Reynis**

- Thanos lifir (5.6)

#### **Sigrún Guðný**

- Varðmenn spýjunnar (5.4)

#### **Sylvía**

##### *Munkaþverá*

- Leiðir Bláu Ullina (5.9) og Sófus (5.8)
  - Leiðir Undir brúnni (5.9) í júlí og Onsigthar Talíu
- ##### *Akrafjall*

- Leiðir Gyllinæðina (5.8) og Lýsisperluna (5.9) á vordögum.
- Toppar Flip Flops 5C), Sumardaginn fyrsta
- Leiðir “Thanos Lifir” (5.6)
- Leiðir “Vírbursta nr. 3” (5.7)

##### *Hnappavellir*

- Sylvía klifrar Janus 5.10a og er þar með yngsti klifrarinn sem það gerir.

##### *Valshamar*

- Elífur er ekki hér (5.8)
- Stallarnir (5.6)

##### *Elínarhöfði*

- Mordor 6a
- Glóinn 5c

##### *Esjan*

- Uglan (5.6)
- Stór í Japan (5.7)
- Gerviglingur (5.5)

Ester Guðrún klifrar Varðmenn Spýjunnar í ofanvaði. Einnig Sætur Álfur og Írskir dagar.

Vigdís Birna Varðmenn Spýjunnar í ofanvaði - einnig Sætur Álfur og Írskir dagar.

Arnór Breki Varðmenn Spýjunnar í ofanvaði einnig - Sætur Álfur og Írskir dagar.

Beníta Líf Varðmenn Spýjunnar í ofanvaði.

Íris Ósk Varðmenn Spýjunnar í ofanvaði - Sætur Álfur.

## Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness

Klifrari ársins 2019 er Sylvía Þórðardóttir.

Árið 2019 var afar gott klifurár hjá Sylvíu og landaði hún þremur silfurverðlaunum fyrir ÍA í sínum aldursflokki. Sylvía átti einnig mjög gott útiklifurtímabil þar sem hún klifraði margar erfiðar klifurleiðir og sýndi þar með styrkleika sinn sem alhliða klifrari, bæði í línuklifri og grjótglímu.

Á Íslandsmeistarmótinu í grjótglímu og í línuklifri var hún nálægt því að tryggja sér gullverðlaun en hafnaði í öðru sæti, í bæði skiptin eftir harðan bráðabana gegn ríkjandi Íslandsmeistara. Sylvía tryggði sér einnig silfurverðlaun á Bikarmeistarmótinu í grjótglímu með flottri frammistöðu og í ár var Sylvía valin í landslið Íslands sem fer á Norðurlandamótið í klifri.

Í sumar afrekaði Sylvía að verða yngst klifrara til að klára leiðina “Janus” á Hnappavöllum, en sú leið þykir mikil manndómsvígsla og mikið afrek að klifra hana tólf ára gömul.

Sylvía er samviskusöm, drífandi og jákvæð á æfingum og æfir af krafti með félögum sínum. Hún er vel liðin af æfingafélögum, er og flott fyrirmynd fyrir yngri klifrara félagsins og því vel að titlinum „klifrari ársins“ komin.



### Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

Það er orðið ljóst að klifuríþróttin hefur náð að festa sig í sessi hjá íbúum Akraness og nærsveita. Samstarf Smiðjuloftsins og Klifurfélagsins hefur orðið til þess að lyfta starfseminni upp á hærra plan. Þar með komst klifuríþróttin fyrst í almennilegt húsnæði hér í bænum. Bæði er æfingaaðstaðan mun betri og mun fleiri klifrarar komast fyrir á æfingum. Stærsta, já eða hæsta, breytingin var þó að komast í almennilegan línuklifurvegg sem er líklega sá hæsti hér á landi. Það hefur gert að verkum að eldri iðkendur fengu loksins áskoranir við sitt hæfi og vonum við að það komi til með að halda unglíngunum lengur við efnið. Þar að auki hefur Smiðjuloftið boðið upp á æfingar og námskeið fyrir fullorðna og í sumum tilvikum eru heilu fjölskyldurnar að mæta saman í klifur.



# Knattspyrnufélagið Kári

## Stjórn Knattspyrnufélagsins Kára 2019

Á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Kára 2019 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður	Sveinbjörn Geir Hlöðversson
Gjaldkeri	Valdimar Kristmunds Sigurðsson
Ritari	Ólafur Már Sævarsson
Meðstjórnendur	Eypór Ólafur Frímansson og Valgeir Valdi Valgeirsson
Varamenn	Arnar Freyr Sigurðsson og Helga Sif Halldórsdóttir

## Þjálfarar, samstarf við KFÍA og búningamál

Það var ljóst á fundinum að einhverjar breytingar myndu verða á þjálfaramálum Kára á árinu, en Lúðvík Gunnarsson sem hefur unnið frábært starf í að styrkja og efla lið félagsins undanfarin ár fékk um áramótin frábært tækifæri til að sinna 100% starfi sem yfirmaður hæfileikamótunar hjá KSÍ. Óvissa var með hversu mikið Lúðvík gæti sinnt starfi innan Kára og því var farið í leit að þjálfara með Lúðvík. Ákveðið var að Skarphéðinn Magnússon yfirþjálfari KFÍA kæmi inn í þjálfarastarf félagsins, enda fyrrum leikmaður og aðstoðarþjálfari félagsins og flestir sammála því að hann væri góð viðbót og góð tenging milli Kára og KFÍA. Ákveðið var að efla frekar samstarf félagsins og Metabolic og síðar ákveðið að Hallur Freyr Sigurbjörnsson kæmi inn í starfið sem hreysti- og styrktarþjálfari félagsins.

Samstarf Kára og KFÍA var endurnýjað snemma árs enda frábært tækifæri fyrir unga og efnilega leikmenn KFÍA til að hefja meistaraflokksferil sinn í fótbolta í krefjandi deild og að auki góður styrkur í leikmannamálum fyrir félagið.

Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi varðandi búninga félagsins sem og annan fatnað og íþróttabúnað frá Nike.

## Fjáraflanir, fjárhagsleg staða og styrktaraðilar

Margar góðar tillögur um fjáraflandir ársins komu fram á aðalfundinum og ljóst að gefa þyrfti í til að tryggja góða stöðu félagsins alla mánuði ársins, ekki síst tekjuminnstu mánuðina.

Framundan á árinu 2019 var annað ár félagsins í 2.deild eftir frábært tímabil árið á undan þar sem liðið gerði góða atlögu að sæti í Inkasso deild og var ekki langt frá því að slá úrvalsdeildarlið Víkings Reykjavík úr leik í Bikarkeppni KSÍ í 16-liða úrslitum keppinnar. Gríðarlega krefjandi og spennandi ár framundan með mörgum löngum og kostnaðarsömum ferðalögum.

Fjárhagsleg staða félagsins var jákvæð í upphafi árs, en það átti eftir að koma í ljós þegar leið á vorið að félagið þarf að skila meiri afgangi í lok hvers árs þar sem litlar tekjur koma inn fyrstu



mánuði ársins. Félagið stóð þó við allar sínar skuldbindingar en þurfti að fresta ákveðnum útgjöldum. Ákveðið var í kjölfarið að félagið myndi fara þá leið að eiga góða inneign á reikningi sínum allt árið um kring og að félagið færi aldrei niður fyrir ákveðin inneignarmörk í útgjöldum. Þessi ákvörðun kallaði á frekari fjáraflanir og skipulag og var strax hafist handa við að undirbúa tímabilið og reksturinn. Félagið seldi ársmiða, bæði silfur og gull til stuðningsmanna ásamt því að hafa miðasölu og kaffisölu á leikjum félagsins og kom stór hluti tekna félagsins í gegnum þá leið. Félagið tók líka að sér nokkur góð verkefni sem leikmenn og stjórnarmenn unnu sómasamlega og skiluðu fínunum tekjum til félagsins. Ákveðið var að hefja sölu á færanlegum skiltum í Akraneshöll sem sett yrðu upp á heimaleikjum félagsins. Búningur og æfingafatnaður félagsins skiluðu svo mikilvægum tekjum og aðbúnaði fyrir félagið frá frábærum styrktaraðilum. Styrktaraðilar gátu valið um nokkrar mismunandi leiðir til að styrkja félagið. Helstu styrktaraðilar Kára á árinu 2019 voru Skagaverk, Metabolic, VLFA, RAFPRO, Apótek Vesturlands, Galito, Landsbankinn, Toppútlit, Ozone, Dominos, GJ Málun, Prentmet, Kallabakarí, Íslandsbanki, Sjóvá Almennar og Fagtækni. Undir lok árs fór félagið svo í jólasölu á humri, rækju, hörpudisk og ilmkerfum sem gerði félaginu kleift að skila virkilega góðri stöðu í lok árs.

Kári tók að auki þátt í þremur styrktarfjáröflunum sem var bæði skemmtilegt og gefandi, en félagið aflaði vel yfir eina milljón í styrki á árinu. Félagið aflaði teknanna með þremur styrktarleikjum, happdrætti og kaffisölu. Þeir sem nutu styrkja frá félaginu á árinu voru Bjarki Már Sigvaldason, Minningarsjóður Arnars Dórs Hlynssonar og Kristinn Jens Kristinsson.





## Iðkendafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkenda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en kjarni hópsins var þó nokkuð stór og öflugur í bland við efnilega leikmenn úr 2. flokki KFÍA. Á árinu æfðu á milli 40-50 leikmenn að einhverju leyti með félaginu, en þó mismikið og sumir tímabundið. 24 strákar tóku þátt í fótbolti.net mótinu sem hófst í lok janúar og 24 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum, en í báðum þessum mótum tóku nokkrir 2. flokks strákar þátt í leikjum liðsins. Gríðarlega sterkur og stór hópur Káramanna í bland við marga af efnilegustu leikmönnum KFÍA æfðu og spiluðu með félaginu á undirbúningstímabilinu, sem og á keppnistímabilinu. Fjöldi iðkenda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 2.deild voru hátt í 40 leikmenn, bæði Káramenn og 2. flokks strákar.

Eins og fyrr er nefnt voru þjálfarmál félagsins því miður ekki eins og á verður kosið á árinu 2019. Eftir að Lúðvík Gunnarsson fékk 100% stöðu sem yfirmaður hæfileikamótunar KSÍ var ljóst að hann þyrfti að skerða starf sitt hjá Kára töluvert og var niðurstaðan sú að Skarphéðinn Magnússon myndi koma inn með honum í starfið. Þegar leið á tímabilið kom í ljós að Lúðvík þyrfti að gefa frá sér hlutverk í þjálfarateymi félagsins vegna anna innan KSÍ. Skarphéðinn Magnússon var því í byrjun sumars einn aðalþjálfari liðsins, en þar sem hann var yfirþjálfari KFÍA og að auki þjálfari yngri flokka KFÍA þá óskaði stjórn KFÍA eftir því að stjórn Kára myndi finna sér annan þjálfara í hans stað. Þar sem þjálfaraskortur var á þeim tíma á Akranesi var mjög erfitt að finna einhvern í hans stað. Eftir leik gegn Selfossi þann 11. júlí þurfti Skarphéðinn frá að hverfa og Káramenn voru þjálfaralausir í vægast sagt slæmri stöðu, en félagið var á þeim tíma í fallsæti í 2. deild. Mikil leit var gerð strax í kjölfarið að eftirmanni Skarphéðins. Eftir mikla leit var ákveðið að Ingimar Elí Hlynsson myndi stýra liðinu út tímabilið, en áður hafði Aron Ýmir Pétursson reddað liðinu í einum leik. Ingimar Elí hafði litla reynslu sem þjálfari en góða reynslu sem fyrirliði og það virtist fara vel í mannskapinn. Menn börðu sig saman og árangur Ingimars með Káraliðið var vel yfir öllum væntingum. Þrátt fyrir þennan flotta árangur Ingimars ákvað hann að gefa ekki kost á sér áfram sem þjálfari félagsins fyrir tímabilið 2020. Stjórnin ákvað því að auglýsa í fyrsta sinn eftir þjálfara félagsins. Margar flottar umsóknir bárust og farið var að greina hvaða umsækjandi þætti henta Kára best. Að lokum varð Jón Aðalsteinn Kristjánsson fyrir valinu enda með mestu reynsluna af þjálfun í meistaraflokki og þar af með nokkur ár í 2.deild sem taldi mikið. Jón varð því fjórði aðalþjálfari Knattspyrnufélagsins Kára á árinu 2019.

## Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 2.deild. Þar að auki tók félagið þátt Mjólkurbikarnum sem er Bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fótbolti.net mótinu b-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Ýmislegt var gert til að halda uppi góðum félagsanda í félaginu, haldin skemmtikvöld og farið í ýmsa skemmtilega leiki. Félagið tók að sér fjáröflun fyrir þá sem hafa þurft að berjast við krabbamein og náðu að gleðja með veglegum fjárstyrkjum. Undir lok árs var svo haldið lokahóf félagsins þar sem Galito sá um veislumatinn. Tilkynt var svo um kosningu leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins. Nokkrir komu til greina í kjörinu en að lokum var

Það Andri Júlíusson sem var valinn bestur annað árið í röð, en efnilegasti leikmaður liðsins var svo valinn Guðfinnur Þór Leósson. Að auki var ákveðið að bæta við einum flokki, en það var besti leikmaður félagsins á 2. flokks aldri, en þar varð fyrir valinu Arnleifur Hjörleifsson. Andri Júlíusson fékk svo gullskóinn eftir að hafa sett 15 mörk í 20 leikjum í 2. deildinni. Andri var að auki valinn ÍA-TV leikmaður ársins.

## Þátttaka og gengi í mótum

Káramenn hófu snemma undirbúning fyrir sitt annað ár í 2. deild og ljóst að menn ætluðu sér stóra hluti eftir frábært gengi á árinu á undan. Eftir nokkra góða æfingaleiki þar sem liðið lagði t.d. að velli tvö Inkasso-lið var komið að fyrsta móti ársins, en það var fotbolti.net b-deild. Liðið var í gríðarlega erfiðum riðli með Gróttu, Haukum og Selfossi. Liðið tapaði einum leik naumlega og gerði svo tvö jafntefli í skemmtilegum og dramatískum leikjum og endaði í 3. sæti. Lengjubikarinn b-deild hófst svo í kjölfarið, en þar endaði liðið í 2. sæti aðeins einu stigi frá toppsætinu. Bikarkeppni KSÍ Mjólkurbikarinn hófst svo í byrjun apríl, en þar spiluðu Káramenn



heimaleik gegn Hamri frá Hveragerði sem fór 5-1 fyrir Kára og liðið komið áfram í næstu umferð. Káramenn drógust gegn Vestra frá Ísafirði á erfiðum útivelli, en svo fór að Kári tapaði 3-1 og því úr leik í 64-liða úrslitum þetta árið. Káramenn hófu svo Íslandsmótið 2. deild þann 5. maí. Liðið hóf mótið af miklum krafti og gjörsigraði lið Völsungs 4-0. Útileikur gegn Þrótti Vogum fór svo 1-1, en eftir 2. umferð var Kári í efsta sæti deildarinnar. Á þessum tímamarki þurfti Lúðvík Gunnarsson að draga sig úr starfi sem þjálfari félagsins vegna kvartana annars liðs í deildinni um að hann væri að starfa fyrir bæði KSÍ og aðildarfélag þess. Eitthvað virtist þetta mótlæti fara illa með andann í liðinu því við tók slæmur kafli hjá liðinu og fékk liðið aðeins 1 stig í næstu 5 leikjum. Kári fór þar með úr toppsæti í fallsæti á skömmum tíma. Það var Kára til happs að liðið vann góða sigra inn á milli á móti helstu keppinautum sínum á botni deildarinnar, en gríðarlega mikilvægur 5-0 sigur kom gegn KFG í lok júní og svo aftur 4-0 sigur gegn botnliði Tindastóls tveimur leikjum seinna. Þrátt fyrir þessa sigra þá var liðið ennþá í fallsæti og ljóst að harður slagur væri framundan milli Kára og KFG um áframhaldandi sæti í 2.





deild. Fyrsti heimaleikur Ingimars Elí sem nýráðins þjálfara Kára fór fram 31. júlí og var það gegn einu af toppliðum deildarinnar Vestra og líklega flestir sem veðjuðu á sigur Vestra, en svo fór að liðið sýndi gríðarlega baráttu í einum af mest spennandi leikjum í sögu félagsins og það skilaði mjög mikilvægum 1-0 sigri. Kári náði í kjölfarið frábærum kafla þar sem liðið sigraði ÍR á heimavelli, Dalvík/Reyni á útivelli og gerði jafntefli við Víði Garði á útivelli. Samtals voru þarna komin 10 gríðarlega mikilvæg stig í 5 leikjum og liðið komið upp fyrir KFG sem hafði haft sætaskipti við Kára og voru komnir í fallsæti. Þann 30. ágúst var svo komið að mikilvægasta leik félagsins á tímabilinu, en það var úrslitaleikur gegn KFG á Samsung vellinum, en með sigri myndi liðið gulltryggja sér sæti í 2. deild, en tap myndi þýða æsilega lokabaráttu þegar þrjár umferðir væru eftir. Andri Júlíusson skoraði stórkostlegt mark strax í upphafi leiks, en KFG jafnaði metin um korteri seinna og staðan 1-1 í hálfleik og mikilvægur seinni hálfleikur framundan. Þegar seinni hálfleikur var rétt nýhafinn tók Árni Þór Árnason hægri bakvörður liðsins upp á því að keyra upp allan kantinn, inn að marki og setja boltann laglega í netið, en þetta var fyrsta mark Árna í meistaraflokki. Andri Júlíusson gulltryggði svo Kára sigurinn á 79. mínútu með stórkostlegu langskoti frá miðjuhringnum. Leikurinn endaði 1-3 fyrir Kára og félagið fagnaði vel áframhaldandi sæti í 2. deild. Mikið spennufall fylgdi í kjölfarið enda liðið öruggt með sæti sitt og þrjár umferðir eftir. Síðustu þrír leikirnir töpuðust, naumlega þó. Liðið endaði tímabilið í 10. sæti með 24 stig og ljóst að miklar hræringar í þjálfaramálum höfðu haft mikil áhrif á liðið. Niðurstaðan krefjandi og spennandi mót þar sem liðið þurfti að þjappa sér mikið saman til að halda sæti sínu í deildinni, en með mikilli baráttu og karakter tókst það og Kári því áfram í 2. deild árið 2020.

## Lokaorð og þakkir

Árið 2019 var áhugavert á margan hátt og mikið sem hægt er að læra af því. Félagið hafði fram að þessu bætt árangur sinn ár frá ári í heil 5 ár í röð og nú kom loksins að bakslaginu, en sem betur fer tóku allir sig til og gáfu allt sitt í að halda félaginu á þeim stað sem það var komið. Mikill karakter sem gefur góð fyrirheit um framtíð félagsins. Við vonum að á árinu 2020 verði viðsnúningur og félagið nái sér aftur á gott strik og að bæði bættur árangur og rekstur félagsins muni skila félaginu góðu ári.

Það er gríðarlega stór hópur leikmanna sem nýtur góðs af starfi Kára. Félagið hefur á að skipa frábærri blöndu af eldri og reyndari leikmönnum og svo stórum hópi af ungum og efnilegum leikmönnum, en alls tóku 15 strákar á 2. flokks aldri þátt að einhverju leyti í leikjum félagsins á árinu 2019 sem er frábært.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda sérstakar þakkir til allra styrktaraðila félagsins. Að lokum sendum við frábærar kveðjur til þess góða fjölda fólks sem mætti á völlinn og studdi Kára á árinu 2019 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili 2020.

## Knattspyrnufélag ÍA

### Almennt

Fótboltinn snýst um að byggja upp sigurlið þar sem margir þurfa að vinna vel saman með jákvæðni, leikni og brennandi áhuga í farteskinu. Markmið Knattspyrnufélags ÍA er að vera ávallt í hópi þeirra bestu á Íslandi hvort heldur er í karla- eða kvinnaknattspyrnu í öllum aldursflokkum. Til þess að það markmið sé raunhæft þurfa margir að koma að starfinu auk leikmanna, þjálfara, dómara og starfsmanna. Má þar nefna öfluga stuðningsmenn og sjálfbóðaliða, aðstandendur, Akraneskaupstað og fjölmarga styrktaraðila. Allur þessi hópur þarf að standa saman og styðja við starfið til að hámarksárangur náist. Auk alls þessa þarf fjárhagslegur grundvöllur starfseminnar að vera traustur.



Árið 2019 var fjörugt hjá Knattspyrnufélagi ÍA þar sem skiptust á skin og skúrir hjá flestum aldurshópum. Meistaraflokkur karla lék í Pepsi Max-deildinni á nýjan leik og meistaraflokkur kvenna lék í Inkasso-deildinni. Meistaraflokkur karla fór vel af stað í upphafi móts en því miður kom bakslag í leik liðsins þegar á tímabilið leið og endaði liðið í 10. sæti af 12 liðum þegar yfir lauk. Meistaraflokkur kvenna fór einnig ágætlega af stað en þegar leið á mótið átti liðið í vök að verjast í neðri hluta deildarinnar. Liðið endaði svo í 8. sæti deildarinnar af 10 liðum.

Segja má að 2. flokkur karla standi upp úr sumarið 2019 en þeir urðu Íslandsmeistarar A- og B-liða og léku þeir einnig í Evrópukeppni ungmennaliða í kjölfar þess að þeir urðu einnig Íslandsmeistarar sumarið 2018. Stúlkurnar í 2. flokki stóðu sig líka mjög vel og enduðu í 3. sæti Briðils.

Það er virkilega ánægjulegt að sjá að flest yngri landslið Íslands skarta mörgum ungum iðkendum frá Knattspyrnufélagi ÍA sem sýnir fram á afar gott starf í yngri flokkunum. Þessi staðreynd kemur enn betur fram í því að A-karlalandslið Íslands hefur verið skipað núverandi og fyrrverandi leikmönnum ÍA síðustu ár. Stefna félagsins að byggja á uppöldum leikmönnum í karla- og kvinnaflokki í bland við góða aðkomumenn hefur skilað góðum árangri sem eftir hefur verið tekið innan lands sem utan.





Samtals voru leiknir 507 opinberir leikir á árinu 2019 í öllum flokkum félagsins og skiptast þeir þannig að 160 leikir voru skráðir í kvennaflokkum og 347 í karlaflokkum. Knattspyrnufélag ÍA lék alls 135 leiki í Akraneshöllinni og 64 leiki á Norðurásvellinum. Slíkt umfang leikja er ekki mögulegt nema með góðri samvinnu fjölmargra aðila, t.d. iðkenda, þjálfara, annarra starfsmanna, aðstandenda, dómara og vallarstarfsmanna og ber að þakka öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf. Einnig ber að þakka fjölmörgum sjálfboðaliðum og styrktaraðilum félagsins og Akraneskaupstað fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfið.

## Starfsmannamál

Alls störfuðu á þriðja tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2019 og starfsmenn félagsins í fullu starfi voru sex talsins, þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofu- og verkefnastjóri, yfirþjálfari og þrír þjálfarar sem sinntu þjálfun hjá KFÍA. Þjálfari mfl. kvenna er Unnar Þór Garðarsson en þjálfari mfl. karla er Jóhannes Karl Guðjónsson. Á skrifstofunni starfa Hlini Baldursson, skrifstofu- og verkefnastjóri, Skarphéðinn Magnússon, yfirþjálfari og framkvæmdastjóri er Sigurður Þór Sigursteinsson. Tjörvi Guðjónsson hætti störfum fyrir KFÍA á árinu 2019 og er honum þakkað fyrir vel unnin störf innan félagsins á liðnum árum.

## Stjórn og uppeldissvið

Breytingar voru gerðar á lögum félagsins á aðalfundi 2018. Varamenn stjórnna voru gerðir að aðalmönnum og fulltrúar í stjórn og uppeldissviði voru kosnir til eins og tveggja ára til að tryggja að endurnýjun yrði ekki of mikil á aðalfundi í hvert sinn. Lítilsháttar endurnýjun varð í stjórnnum félagsins frá síðasta aðalfundi. Sævar Freyr Þráinsson vék sem varaformaður stjórnar og er honum þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins á liðnum árum. Magnús Guðmundsson var endurkjörinn formaður stjórnar og Heimir Fannar Gunnlaugsson var kjörinn varaformaður. Stjórnir Knattspyrnufélags ÍA eru tvær og eru þær skipaðar 15 fulltrúum. Stjórnin hélt 17 bókaða fundi á starfsárinu og uppeldissvið hélt 13 bókaða fundi.

### Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórnir félagsins á starfsárinu 2019-2020:

#### Stjórn:

**Formaður:** Magnús Guðmundsson

**Varaformaður:** Heimir Fannar Gunnlaugsson

**Gjaldkeri:** Pálmi Haraldsson

**Ritari:** Ólafur Ingi Guðmundsson

**Meðstjórnendur:** Áslaug Ragna Ákadóttir  
Hjálmur Dór Hjálmsson  
Jónína Víglundsdóttir  
Þórir Björgvinsson

Andri Geir Alexandersson - Linda Dagmar Hallfreðsdóttir tók við um mitt sumar

#### Uppeldissvið:

**Formaður:** Andri Geir Alexandersson - Linda Dagmar Hallfreðsdóttir tók við formennsku á uppeldissviði um mitt sumar

**Meðstjórnendur:** Aldís Birna Róbertsdóttir  
Jófríður María Guðlaugsdóttir  
Jóhannes Hjálmar Smáráson  
Rannveig Guðjónsdóttir  
Linda Dagmar Hallfreðsdóttir  
Sædís Alexía Sigmundsdóttir

Kjörnefnd var skipuð þeim Magnúsi D. Brandssyni formanni, Margréti Ákadóttur og Þórði Guðjónssyni.

## Fjármál og rekstur

Rekstur KFÍA á árinu 2019 var erfiður. Rekstraráætlun ársins var bjartsýn hvað varðaði tekjur og gjöld en því miður náðust markmiðin ekki m.a. vegna þess að fyrirtæki drógu úr styrkjum til félagsins og ekki tókst að fá nægjanlega marga nýja styrktaraðila til félagsins. Útgjöld fóru nokkuð fram úr áætlun ársins,

sérstaklega vegna aukinna launa- og verktakagreiðslna til starfsmanna og leikmanna. Rekstrartekjur voru samtals 198.119.504.- og rekstargjöld voru samtals 253.066.816.- á árinu 2019 og er niðurstaða ársreiknings þess árs því neikvæð um kr.62.801.134.- milljónir.

Þessi neikvæða niðurstaða veldur því að rekstrarafgangur ársins 2018 upp á 47 milljónir klárast og rúmlega það.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir fyrir miklum viðsnúningi í rekstri með því að draga úr útgjöldum og með því að setja fram hóflega tekjuáætlun. Áætlað er að rekstur ársins 2020 skili jákvæðri niðurstöðu um 15 milljónir kr.

## Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2019 og náðist á mörgum vígstöðvum frábær árangur. Sem dæmi má nefna að 2. flokkur karla varð Íslandsmeistari annað árið í röð og B-liðið í 2. flokki karla varð einnig Íslandsmeistari. Að öðru leyti var nóg um að vera hjá iðkendum í félaginu í öllum aldursflokkum.


## Samantekt um árangur yngri flokka 2019

**2. flokkur kvenna** stóð sig mjög vel í sumar. Stelpurnar enduðu í 3. sæti B-riðils. Þjálfari liðsins var Aron Ýmir Pétursson.

**2. flokkur karla** stóð sig frábærlega á tímabilinu. Sameiginlegt lið ÍA/Kára og Skallagríms varð Íslandsmeistari annað árið í röð og varð í öðru sæti í bikarkeppninni. B-liðið varð svo einnig Íslandsmeistari. 2. flokkur tók í fyrsta skipti þátt í UEFA Youth League, Evrópukeppni U19 ára liða. Strákarnir náðu frábærum árangri, slógu út lið Levadia Tallin í fyrstu umferð og mættu síðan frábæru liði Derby County í annari umferð. Frábær árangur hjá strákunum og mikilvæg reynsla fyrir þá og félagið. Þjálfarar liðsins voru Elinbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson.

## Skipurit Knattspyrnufélags ÍA

Janúar 2018



**3. flokkur kvenna** stóð sig vel á tímabilinu. Sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 6. sæti A-riðils. B-liðið endaði svo í 6. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Aron Ýmir Pétursson og Björn Sólmar Valgeirsson.

**3. flokkur karla** stóð sig ágætlega á árinu. Sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 8. sæti A-riðils og B-liðið endaði í 6. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Arnór Snær Guðmundsson og Guðjón Heiðar Sveinsson.

**4. flokkur kvenna** stóð sig mjög vel í sumar. Sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 4. sæti C-riðils. B-liðið endaði svo í 1. sæti síns riðils og komst í úrslitakeppni. Þjálfarar liðsins voru Aron Ýmir Pétursson og Björn Sólmar Valgeirsson.

**4. flokkur karla** var með ágætan árangur í sumar. Strákarnir enduðu í 7. sæti A-riðils. B-liðið endaði í 11. sæti í sínum riðli og C-liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Heimir Eir Lárusson og Viktor Már Jónasson.

**5. flokkur kvenna** stóð sig frábærlega á árinu. Stelpurnar enduðu í 1. sæti í B-riðli og komust í úrslitakeppni. B-liðið endaði svo í 3. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins var Heimir Eir Lárusson.

**5. flokkur karla** var með viðunandi árangur á tímabilinu. Strákarnir enduðu í 9. sæti í A-riðli, B-liðið endaði í 8. sæti í sínum riðli. C-liðið endaði í 1. sæti í sínum riðli og komst í úrslitakeppni. Að lokum endaði D-liðið í 2. sæti í sínum riðli og komst í úrslitakeppni. Þjálfarar liðsins voru Arnór Snær Guðmundsson og Heimir Eir Lárusson.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum og öllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf og góða ástundun.



Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum sumarið 2019 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

	KK	KVK
--	----	-----

2. flokkur	54	14
3. flokkur	38	28
4. flokkur	44	28
5. flokkur	57	13
6. flokkur	42	22
7. flokkur	58	13
8. flokkur	58	23
Samtals:	<b>351</b>	<b>141</b>

Samtals 492 iðkendur

### Norðurálmótið 2019

Norðurálmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og hefur það verið haldið á Akranesi um langt árabíl. Mótið tókst mjög vel í sumar og var veðrið með ágætum sem skiptir miklu máli fyrir framkvæmd mótsins. Góð þátttaka var í mótinu en um 1500 keppendur öttu kappi í knattspyrnu helgina 8. - 10. júní og er talið að allt að 7000 gestir hafi sótt Akranes heim vegna mótsins. Knattspyrnufélag ÍA reiðir sig á mikinn fjölda sjálfboðaliða og almenna velvild bæjarbúa til að allt gangi upp við framkvæmd Norðurálmótsins enda er það stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Um 600 manns lögðu fram vinnu við Norðurálmótið 2019 þar á meðal iðkendur úr elstu flokkunum sem meðal annars sinntu dómgæslu. Einnig léku ýmsir styrktaraðilar Knattspyrnufélags ÍA mikilvæg hlutverk til að framkvæmdin gengi sem best en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.



Stínubikarinn og Donnabikarinn





Stínubikarinn var afhentur í fyrsta sinn haustið 2015 á lokahófi yngri flokka og er hann farandbikar sem veittur er efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna. Stínubikarinn 2019 fékk Lilja Björg Ólafsdóttir en hún er 16 ára miðjumaður sem stóð sig vel með 3. flokki og 2. flokki kvenna. Lilja Björg lék jafnframt sína fyrstu leiki með meistaraflokki kvenna þegar hún spilaði með ÍA í Inkasso-deildinni.

Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Donnabikarinn var einnig afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla á lokahófi yngri flokka. Donnabikarinn var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Að þessu sinni hlaut Ingi Þór Sigurðsson Donnabikarinn en hann er 15 ára miðjumaður. Hann spilaði að mestu með 3. flokki karla en tók þátt í leikjum með A- og B-liði 2. flokks karla en bæði liðin urðu Íslandsmeistarar í sumar. Ingi Þór tók þátt í landsliðsverkefnum með U15, U16 og U17 ára landsliðum Íslands á árinu. Hann lék tvo landsleiki með U17 á árinu.

## **Meistaraflokkur karla**

Meistaraflokkur karla lék í Pepsi Max deildinni sumarið 2019 og endaði í 10. sæti deildarinnar eftir kaflaskipt tímabil. Liðið spilaði framan af sumri virkilega góðan fótbolta og var í toppbaráttu en þegar leið á tímabilið gaf ungt lið ÍA nokkuð eftir og endaði í neðri hluta deildarinnar.

Þjálfari liðsins var Jóhannes Karl Guðjónsson og Sigurður Jónsson var aðstoðarþjálfari.

Meistaraflokkur karla lék samtals 35 formlega leiki á árinu, í fótbolti.net mótinu, Lengjubikar, Mjólkurbikar og Pepsi Max deildinni. Að meðaltali komu um 1000 áhorfendur á heimaleiki meistaraflokks karla og samtals voru áhorfendur á heimaleiki þeirra sumarið 2019 um 11000 talsins.

## **Meistaraflokkur kvenna**

Meistaraflokkur kvenna spilaði í Inkasso-deildinni sumarið 2019 og endaði í 8. sæti deildarinnar eftir kaflaskipt tímabil. Liðið spilaði framan af sumri góðan fótbolta og var í efri hluta deildarinnar en þegar leið á tímabilið gaf mjög ungt lið ÍA töluvert eftir og endaði í botnbaráttu.





Þjálfari liðsins var Helena Ólafsdóttir og aðstoðarþjálfari var Aníta Lís Svansdóttir. Þegar nokkuð var liðið á tímabilið tók Unnar Þór Garðarsson við sem þjálfari og Aron Ýmir Pétursson tók við sem aðstoðarþjálfari.

Meistaraflokkur kvenna lék samtals 30 leiki á árinu 2019, í Faxaflóamótinu, Lengjubíkar, Mjólkurbíkar og Inkasso-deildinni. Meðalfjöldi áhorfenda á heimaleiki meistaraflokks kvenna var um 150 manns sumarið 2019 og samtals komu rúmlega 1000 manns á þá leiki.

## Meistaraflokksráð karla og kvenna

Til að styrkja bakland meistaraflokks karla og kvenna ákvað aðalstjórn Knattspyrnufélags ÍA (KFÍA) að setja á laggirnar meistaraflokksráð.

Hlutverk ráðanna er að eiga reglubundin samskipti við þjálfara meistaraflokks karla og kvenna og 2. flokk karla og kvenna um markmið og árangur og hafa ráðgefandi hlutverk í leikmannamálum og þjálfaramálum.

Einnig er hlutverk ráðsins að stuðla að því að gildi KFÍA verði í hávegum höfð en þau eru; Metnaður – Vinnusemi – Prautseigja – Virðing – Agi.

Aðalstjórn KFÍA fékk reynslumikla einstaklinga til að taka þátt í starfi meistaraflokksráðanna en allt eru það fyrrverandi leikmenn meistaraflokkanna með mikla reynslu að baki.

Í meistaraflokksráði karla eru Hjálmur Dór Hjálmsson formaður en hann situr í aðalstjórn KFÍA, Ármann Smári Björnsson, Brandur Sigurjónsson, Haraldur Ingólfsson og Theodór Freyr Hverarsson.

Í meistaraflokksráði kvenna eru Margrét Ákadóttir formaður, Berglind Þráinsdóttir, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Heiðrún Sara Guðmundsdóttir og Helga Sjöfn Jóhannesdóttir. Áslaug Ákadóttir er tengiliður meistaraflokksráðs við aðalstjórn.

## Landsliðsverkefni

Alls tóku 30 leikmenn ÍA þátt í úrtaksæfingum landsliða og 14 leikmenn tóku þátt í landsleikjum á árinu 2019. Alls tóku þessir 14 leikmenn (fjórar konur og tíu karlar) þátt í 78 landsleikjum og skoruðu tíu mörk.

## Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2019

<p><b>U-15 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Daníel Breki Bjarkason</li> <li>• Haukur Andri Haraldsson (2 leikir)</li> <li>• Logi Mar Hjaltsted (3 leikir)</li> <li>• Jóhannes Breki Harðarson</li> <li>• Ingi Þór Sigurðsson</li> </ul> <p><b>U-15 kvenna:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Dagbjört Líf Guðmundsdóttir</li> <li>• Katrín María Ómarsdóttir</li> </ul>	<p><b>U-17 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árni Salvar Heimisson</li> <li>• Hákon Arnar Haraldsson (17 leikir, 4 mörk)</li> <li>• Ingi Þór Sigurðsson (2 leikir)</li> <li>• Jón Gísli Eyland Gíslason (11 leikir, 2 mörk)</li> </ul> <p><b>U-18 karla:</b></p>
---	--

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ylfa Laxdal Unnarsdóttir</li> </ul> <p><b>U-16 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árni Salvar Heimisson</li> <li>• Hákon Arnar Haraldsson</li> <li>• Jóhannes Breki Harðarson</li> <li>• Ingi Þór Sigurðsson</li> </ul> <p><b>U-16 kvenna:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aníta Ólafsdóttir (3 leikir)</li> <li>• Védís Agla Reynisdóttir</li> </ul> <p><b>U-17 kvenna:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aníta Ólafsdóttir (6 leikir)</li> <li>• Ólöf Sigríður Kristinsdóttir (8 leikir, 2 mörk)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Brynjar Snær Pálsson</li> <li>• Eyþór Aron Wöhler</li> <li>• Jón Gísli Eyland Gíslason</li> </ul> <p><b>U-19 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eyþór Aron Wöhler (2 leikir, 1 mark)</li> <li>• Jón Gísli Eyland Gíslason (5 leikir)</li> </ul> <p><b>U-19 kvenna:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fríða Halldórsdóttir (3 leikir)</li> </ul> <p><b>U-20 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjarki Steinn Bjarkason (1 leikur)</li> </ul> <p><b>U-21 karla:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjarki Steinn Bjarkason</li> <li>• Hörður Ingi Gunnarsson (6 leikir)</li> <li>• Stefán Teitur Þórðarson (8 leikir, 1 mark)</li> </ul>
---	--

### Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2019 var fjöldi dómara sem starfaði fyrir Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA). Samtals dæmði þessi hópur dómara hundruð leikja fyrir ÍA og KSÍ. ÍA á sjö dómara sem starfa í efstu deildum KSÍ. Þetta eru milliríkjadómarinn Ívar Orri Kristjánsson og milliríkjaaðstoðardómarinn Egill Guðvarður Guðlaugsson og landsdómararnir Elvar Smári Arnarsson, Helgi Ólafsson, Helgi Sigurðsson, Steinar Berg Sævarsson og Þórður Már Gylfason. Alls eru 15 dómarar sem starfa fyrir KSÍ frá ÍA og þykir það gott frá ekki stærra bæjarfélagi en Akranes er.





## Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins og fésbókarsíða eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild en þróun á sviði upplýsingatækni og samfélagsmiðla er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Heimasíða félagsins [www.ia.is/kfia/](http://www.ia.is/kfia/) hefur tekið breytingum og er lifandi vettvangur fyrir félagsmenn að fylgjast með fréttum af liðum og leikmönnum félagsins.

Ný heimasíða Norðurlásmótsins <http://www.norduralsmot.is/> var sett í loftið 2019.

## Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Bílaumboðið Askja ehf.
Safalinn ehf. (Errea)	HB Grandi hf.
Íslandsbanki hf.	Bónus
Verslunin Nína ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Höldur - Bílaleiga Akureyrar	Stay West / Ritari.is
Ölgerðin	Sterkir Skagamenn
Bifreiðastöð PPP	Club 71

Hópurinn Sterkir Skagamenn var einnig stofnaður vorið 2018 og lagði sá hópur félaginu til allar tekjur sem aflað var með sérstöku árgjaldi. Þetta er frábær félgasskapur sem hefur gert mikið fyrir félagið og komið með mikilvægar tekjur inn.

## Aðalfundur og viðurkenningar 2019

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 18. febrúar 2019 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum gullmerki og heiðursviðurkenningar félagsins:

### Gullmerki:

#### Gísli Gíslason

Gísli Gíslason hefur frá því hann fluttist búferlum til Akraness verið öflugur í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í bænum og komið þar víða við. Þó körfuboltinn hafi verið hans aðalíþrótt lengi vel, hann var m.a. landsliðsmaður þar, hefur aðkoma hans að knattspyrnunni verið veigamikil og hann hefur komið þar að margvíslegum störfum. Hann studdi vel við knattspyrnumál á Akranesi sem bæjarstjóri á árunum 1987 til 2005 og hefur gengt mörgum



trúnaðarstörfum innan KFÍA. Hann var formaður stjórnar KFÍA frá 2009-2012 auk þess sem hann hefur setið í mörgum nefndum innan félagsins. Jafnframt hefur hann verið í stjórn KSÍ frá 2012 til dagsins í dag og gengt þar trúnaðarstörfum.

### **Heiðursviðurkenningar:**

#### **Ágústa Friðriksdóttir**

Ágústa hefur verið virk í starfi KFÍA um langa hríð. Hún var formaður uppeldissviðs og sat í aðalstjórn KFÍA um nokkurra ára skeið. Ágústa hefur einnig séð um að taka liðsmyndir af meistaraflokkum karla og kvenna í mörg ár og gert það með sóma.

#### **Einar Brandsson**

Einar hefur verið einn af brautryðjendum getraunastarfsemi KFÍA um árabil sem er bindandi og mikilvægt starf. Þannig hefur hann stuðlað að framgangi knattspyrnunnar og íþróttá Akranesi.

#### **Kristleifur Brandsson**

Kristleifur hefur verið einn af brautryðjendum getraunastarfsemi KFÍA um árabil sem er bindandi og mikilvægt starf. Þannig hefur hann stuðlað að framgangi knattspyrnunnar og íþróttá Akranesi.

#### **Sigurður Arnar Sigurðsson**

Sigurður Arnar hefur verið mjög virkur í starfi ÍA um langa hríð. Hann var formaður ÍA frá 2014-2016 og hefur séð um að taka myndir af leikjum yngri flokka KFÍA og meistaraflokks kvenna og þannig varðveitt mikilvægan hluta af sögu félagsins. Sigurður Arnar hefur einnig verið tengiliður knattspyrnunnar við skólastarfið á Akranesi sem skólastjóri Grundaskóla frá 2016.

### **Að lokum**

Þó að knattspyrnan sé aðalatriðið í starfi Knattspyrnufélags ÍA, þá koma gríðarlega margir að starfinu sem leggja fram margvíslega vinnu og fjármuni til að styðja við starfið. Það er erfitt að fara að telja upp alla sem ber að þakka fyrir þeirra ómetanlega framlag og vinnu en þeir helstu eru eftirtaldir:

- Stuðningsmenn Knattspyrnufélags ÍA
- Stuðningshópurinn Sterkir Skagamenn
- Sjálfboðaliðar
- Starfsfólk skrifstofu
- Fulltrúar í stjórnnum og ráðum
- Akraneskaupstaður og fjölmargir styrktaraðilar
- Þjálfarar, aðstoðarþjálfarar, sjúkráþjálfarar og aðrir í þjálfarateymi
- Dómarar og aðstoðardómarar
- Foreldrar og aðrir aðstandendur



Fótboltaárið 2020 er spennandi fyrir ÍA og margar áskoranir sem bíða okkar í félaginu innan sem utan vallar. Fjárhagsstaða félagsins sýnir svart á hvítu að ávallt þarf að halda vel utan um hlutina ef út í óefni á ekki að fara. Þess vegna mun ÍA nú sem endranær treysta á unga og efnilega heimamenn meistaraflokka karla og kvenna fyrir komandi tímabil í bland við öfluga utanaðkomandi leikmenn. Slík samsetning hefur mjög oft farið vel saman hjá félaginu og skapað frábær knattspyrnulið ÍA í karla- og kvennaflokki. Sigur meistaraflokks karla í fotbolta.net mótinu í janúar sýnir einmitt fram á samspil þessara þátta.

Mikilvægasti þátturinn í þessu öllu saman er þó að Skagamenn séu gulir og glaðir og standi saman sem ein heild við bakið á sínu fólki á knattspyrnuvelli. Mætum á völinn á þessu ári og styðjum okkar fólk.

Áfram ÍA!

## Kraftlyftingafélag Akraness

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í Íþróttahúsinu við Vesturgötu 13. mars 2019.

Þar voru venjuleg aðalfundarstörf á dagskrá.

Kosið var í stjórn og hana skipa:

<b>Formaður:</b>	Einar Örn Guðnason
<b>Gjaldkeri:</b>	Lára Bogey Finnbogadóttir
<b>Ritari:</b>	Helgi Þór Sveinbjörnsson
<b>Meðstjórnendur:</b>	Steinunn Guðmundsdóttir og Eva Ösp Sæmundsdóttir
<b>Varmenn:</b>	Kári Rafn Karlsson og Svavar Örn Sigurðsson.

Á fundinn kom fyrir hönd ÍA Marella formaður ÍA. Margt var rætt þá helst frekari búnaðarkaup fyrir félagið.

### Kraftlyftingamaður Akraness

Alexander Örn Kárason var kraftlyftingamaður ársins. Hann var vel að titlinum kominn og endaði í 3. sæti í kjörinu sem er frábær árangur. Eftirfarandi texti er úr tilnefningu hans.

Alexander er fæddur árið 1998 og æfir kraftlyftingar hjá Kraftlyftingafélagi Akraness. Þetta er fyrsta árið hans í kraftlyftingum og má með sanni segja að hann hafi tekið það með trompi. Eftir árið er hann í 4. sæti í karlaflokki á stigum á styrkleikalista Kraftlyftingasambandsins sem verður að teljast frábær árangur fyrir þennan unga og efnilega nýliða.





Á árinu setti Alexander 10 Íslandsmet í unglunga- og opnum flokki og standa 6 af þeim ennþá í dag. Hann tryggði sér rétt til þátttöku á HM og EM unglunga á næsta ári og hefur verið valinn í landslið Íslands fyrir árið 2020.

Alexander er góður félagi og frábær fyrirmynd fyrir unga og efnilega kraftlyftingamenn og konur og þykir nokkuð ljóst að hann mun fara alla leið.

## Árangur á mótum

### Íslandsmeistarar og bikarmeistarar:

#### **Svavar Örn Sigurðsson:**

Bikarmeistari í klassískum kraftlyftingum í -74 kg flokki

Bikarmeistari í klassískri bekkpressu í -74 kg flokki

#### **Einar Örn Guðnason:**

Bikarmeistari í bekkpressu í -120 kg flokki

Bikarmeistari í bekkpressu óháð þyngdarflokki

Íslandsmeistari í bekkpressu í 105 kg flokki

Íslandsmeistari í bekkpressu óháð þyngdarflokki

#### **Alexander Örn Kárason:**

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum í -93 kg flokki

Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í -93 kg flokki

Íslandsmeistari unglunga í klassískum kraftlyftingum í -93 kg flokki

Íslandsmeistari unglunga í klassískum kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

#### **Kristín Þórhallsdóttir:**

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum í -84 kg flokki

## Árið 2019

Árið 2019 var rólegt en gott ár, við eignuðumst Íslandsmeistara og bikarmeistara.

Við bættust félagar á árinu sem létu heldur betur til sín taka á mótum ársins og eru meðal annars búnir að stimpla sig inn sem okkar allra sterkasta kraftlyftingafólk.

Eins og staðan er nú eigum við fólk í landsliðum Íslands í karla- og kvennaflokki sem verður að teljast frábær árangur.

Framkvæmdir við Íþróttahúsið á Vesturgötu hafa sett töluvert strik í reikninginn í mótahaldi félagsins en við horfum nú fram á veginn til bjartari tíma í húsnaðismálum aðildarféлага.



Félagar unnu til verðlauna á öllum mótum sem við sendum yfirhöfuð keppendur á og var talsvert magn af eðalmálmum flutt á Skagann og er árangur að verða betri og betri með hverju árinu sem líður sem er umtalsvert gleðiefni og ekki annað að segja en að framtíðin sé björt.

Á árinu sendi félagið Láru Bogey til Spánar til að afla sér aukinnar þjálfaramenntunar sem hún stóðst með þrýði og hefur nú alþjóðleg þjálfararéttindi sem er heldur betur gott fyrir okkar „litla“ félag.

Í félaginu sem var með 60 skráða iðkendur 2019 eigum við því bæði 2 alþjóðadómara og nú einnig alþjóðlegan þjálfara. Skráður iðkendafjöldi í lok árs eru 60 manns.

## Körfuknattleiksfélag ÍA

### Stjórn félagsins 2019:

<b>Formaður:</b>	Jón Þór Þórðarson ( 3. ár í stjórn )
<b>Gjaldkeri:</b>	Jónas H. Ottósson ( 3. ár í stjórn )
<b>Ritari:</b>	Hannibal Hauksson ( 8. ár í stjórn )
<b>Meðstjórnendur:</b>	Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason ( 2. ár í stjórn )

Á aðalfundi félagsins í mars 2019 var stjórn félagsins endurkjörin: Jón Þór Þórðarson formaður, Jónas H. Ottósson gjaldkeri og Hannibal Hauksson ritari. Meðstjórnendur: Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason.

### Leiktíðin 2018 - 2019

Ákveðið var að senda meistaraflokk karla til keppni í 2. deild karla tímabilið 2018/2019. Í lok sumars var töluverð óvissa með þjálfaramál og leikmannahóp þar sem margir af eldri og reyndari leikmönnum ákváðu að leggja skóna á hilluna. Um miðjan september fengum við til okkar erlendan leikmann og þjálfara Chaz Malik Franklin að nafni, 37 ára reynslubolti sem leikið hefur víðsvegar um heiminn. Einnig bættust í hópinn 3 leikmenn á venslasamning frá Skallagrími. Liðinu gekk vel í bikarkeppninni, sló út Grundarfjörð og Reyni Sandgerði en féll svo úr leik í 16-liða úrslitum gegn úrvalsdeildarliði ÍR 104 - 73.

Um áramót kom svo til liðsins annar Bandaríkjamaður Jerome Cheadle að nafni. Liðið endaði deildina á því að vinna 8 af 10 leikjum sínum og hafnaði í 6. sæti sem dugði til þess að komast í undanúrslit. Í undanúrslitum lék ÍA gegn KV og hafði þar sigur 94 - 89. Í úrslitaleik mættust svo lið Álftaness og ÍA í íþróttahúsinu á Álftanesi sem gengur undir nafninu Forsetahöllin. Það var vel mætt á leikinn og mikil stemning. Leikurinn var jafn framan af en Álftanes stakk af í byrjun þriðja leikhluta og gáfu forystu aldrei af hendi. Að lokum fór svo að Álftanes vann góðan sigur 123 - 100. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands var meðal áhorfenda og afhenti hann liðunum verðlaun í leikslok.

## Yngri flokkar

Körfuboltinn hjá ÍA er á mikilli uppleið og vex jafnt og þétt. Öll þjálfun yngri flokkanna voru í höndum Chaz Franklin og Jóns Þórs Þórðarsonar.

Í minnibolta 6 - 12 ára var farið á mörg opin minnibolta mót eins og t.d. Síamót Fjölnis, Jólamót Vals og svo að sjálfögðu á stóra Nettómótið í Reykjanesbæ. Á Íslandsmóti minnibolta var ÍA með lið í minnibolta 11 og 12 ára og stóðu þau sig mjög vel. Á Íslandsmóti yngri flokka var ÍA með lið í 7. 8. & 9. flokki. Öll þessi lið stóðu sig vel og eru í topp 15 í sínum aldursflokki. 8. flokkur náði á síðasta



fjölliðamóti langþráðu markmiði sínu að vinna sig upp í A-riðil. Í bikarkeppninni stóð 9. flokkurinn sig mjög vel þar sem þeir komust alla leið í undanúrslit.

## Heiðranir

Þeir Jónas H Ottósson og Kristmar Páll Sigurðsson voru á 75. ársþingi ÍA í apríl sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir vel unnin störf fyrir íþróttahreyfinguna á Akranesi. Í umsögn um Jónas og Kristmar segir:

Jónas Hallgrímur Ottósson kom af miklum krafti inni starf Körfuknattleiksfélag ÍA árið 2011 og er mjög virkur í öll starfi félagsins. Hann situr nú í stjórn félagsins þar sem hans áhersla er á yngri flokkastarf félagsins og lætur hann þar mikið til sín taka. Jónas er mjög fær ljósmyndari og hefur í gegnum tíðina tekið mikið af myndum í körfuknattleiksstarfinu. Það hefur skilað sér í því að nú er til mikið og gott safn af ljósmyndum úr starfi félagsins og er það ómetanlegt. Þessi ljósmyndafærni Jónasar hefur vakið athygli víðar og hefur hann verið fenginn til að taka myndir fyrir KKÍ og Alþjóða körfuknattleikssambandið FIBA.



Kristmar Páll Sigurðsson hefur um langa tíð verið mjög virkur í starfi Körfuknattleiksfélags ÍA. Hann stundaði körfuknattleik upp alla yngri flokkana og á einnig að baki nokkra leiki með meistaraflokki. Samhliða því að vera iðkandi þá var hann um árabíl í teymi félagsins sem sá um störf á ritaraborði á heimaleikjum ÍA í úrvalsdeild. Seinna meir tók Kristmar dómaraþróf og var virkur dómari hjá KKÍ í nokkur ár. Hann er ávallt boðinn og búinn til að dæma á fjölliðamótum ÍA þar sem hann leiðbeinir og miðlar sinni reynslu til þeirra yngri.

### **Körfuknattleiksmaður ársins 2019**

Körfuknattleiksmaður ársins 2019 var valinn Chaz Malik Franklin. Chaz er reyndur kappi fæddur 1981 og kom til ÍA sem leikmaður og þjálfari fyrir leiktíðina 2018/2019. Hann lét strax mikið til sín taka innan sem utan vallar, enda mjög líflegur karakter og einstakur leiðtogi. Undir hans stjórn komst liðið í 16 liða úrslit bikarkeppinnar og hann leiddi lið ÍA til úrslita í 2.deildinni þar sem liðið hafnaði að lokum í 2. sæti. Þar stýrði hann liðinu af mikilli röggsemi og var stigahæsti leikmaður liðsins með rúmlega 30 stig að meðaltali í leik. Chaz Franklin er mjög góður körfuboltamaður og hann er frábær þjálfari sem nær einstaklega vel til þeirra iðkenda sem hann er að þjálfra, hann er vel að því kominn að vera körfuknattleiksmaður ársins 2019 hjá ÍA.

### **Körfubolti, sól og sæla**

Drengirnir okkar í 7. - 9. flokki gerðu góða ferð til Spánar dagana 1. - 5. júlí þar sem þeir tóku þátt í Globasket Sun & Fun mótinu á Llorent de Mar. Ferðin byrjaði reyndar erfiðlega þar sem fluginu var aflýst rétt klukkuþíma fyrir brottför sem tafði förina um sólahring. Til að vinna upp tapaðan tíma þá þurftu drengirnir að spila mjög þétt og reyndi það mikið á hópinn sem spilaði á einum degi við öflug lið frá Eistlandi, Bandaríkjunum, Spáni og Austurríki. Á lokadegi mótsins var leikið til úrslita þar sem ÍA strákarnir töpuðu fyrir mjög öflugum liði frá Bandaríkjunum eftir hörkuleik en unnu svo sterkt lið frá Eistlandi í leik sem var jafn og spennandi. Strákarnir höfnuðu þannig í 2. sæti í aldursflokki U14 og er það vel að verki staðið miðað við hversu þétt var spilað í miklum hita. Að loknu mótinu tóku við þrír skemmtilegir frídagar þar sem farið var á ströndina, í vatnsrennibrautagarð, Go Kart, o.fl. Áður en lagt var af stað heim frá Barcelona var farið í skoðunarferð um Nou Camp og farið á NBA Cafe á Römbllunni. Drengirnir voru sjálfum sér og ÍA til mikils sóma bæði innan sem utan vallar. Þeir vilja koma á framfæri þökkum til þeirra sem gerðu þessa ævintýraferð að veruleika. Drengirnir eru núna reynslunni ríkari og með fullt að af skemmtilegum minningum til að rifja upp um ókomin ár.

### **Úrvals- og afreksbúðir KKÍ**

Úrvalsbúðir KKÍ fyrir 10 - 14 ára voru í maí og ágúst og að vanda fóru nokkrir iðkendar frá ÍA í þær búðir. Aron Elvar Dagsson var svo valinn í U15 ára landslið Íslands sem keppti á Copenhagen-Invitational mótinu sem fram fór í Kaupmannahöfn í júní. Frábær árangur hjá Aroni og virklega ánægjulegt að ÍA skuli aftur eiga leikmann í yngri landsliðunum eftir langt hlé.

### **Fjármál**

Fjármál félagsins eru í jafnvægi og um 100 þúsund króna hagnaður var á árinu. Um áramót er félagið skuldlaust og eigið fé um kr. 815 þúsund. Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum auk æfingagjalda iðkenda, auk eigin fjáraflana. Stærstu styrktaraðilar KÍA á árinu



voru Brim Seafood, Íslandsbanki, Elkem, Landsbankinn, Galito, Gamla Kaupfélagið, Domino's, Skagaverk, Askja og Þróttur ehf. Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstaður gera einnig vel í því að styðja við barna- og unglingastarf íþróttafélaganna á Akranesi og nýtur Körfuknattleiksfélag ÍA svo sannarlega góðs af því. Við þennan lista bætast svo fleiri fyrirtæki og einstaklingar sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið öllum stuðningsaðilum þess bestu þakkir fyrir. Félagið þakkar einnig þeim aðilum sem standa að ÍA TV sem sendi beint út frá öllum heimaleikjum félagsins. Einnig fær Jónas H. Ottósson sérstakar þakkir fyrir myndatökur hjá bæði hjá meistaraflokki og yngri flokkunum, ómetanlegt að eiga safn af góðum myndum og myndböndum.



### Lokaorð

Þrátt fyrir töluverða óvissu í upphafi þá rættist vel úr leiktíðinni 2019 / 2020. Það var gaman að meistaraflokkur skyldi ná að enda tímabilið svona vel með því að komast alla leið í úrslitaleikinn. Við vorum heppnir að fá til okkar góðan þjálfara. Chaz Franklin hefur reynst okkur vel og er að gera mjög góða hluti með okkar eldri iðkendur. Yngri flokkarnir okkar eru að standa sig mjög vel og virkilega ánægjulegt að við séum að eignast unga leikmenn sem eru í landsliðsklassa. Minniboltastarfið gekk vel og mikilvægt að hlúa vel af því starfi áfram. Ferð 7. - 9. flokks til Spánar var líka mjög skemmtileg og vonandi verður áframhald á því að við förum utan með hópa. Félagstarfið okkar er líka stöðugt að verða öflugra þar sem foreldrar og iðkendur leggjast á eitt við framkvæmd fjölliðamóta og leikja. Fjármál félagsins eru í jafnvægi en viðkvæm, leita þarf leiða til að styrkja þau enn frekar. Nú er bara að halda áfram þessari uppbyggingu, framtíðin er svo sannarlega björt í körfunni á Skaganum.





# Sigurfari - Sjósportsfélag Akraness

## Stjórn Sigurfara

<b>Formaður:</b>	Guðmundur Benediktsson
<b>Ritari:</b>	Eiríkur Kristófersson
<b>Gjaldkeri:</b>	Anna Guðrún Ahlbrecht
<b>Meðstjórnendur:</b>	Björn Óskar Andrésson og Geir Geirsson

2019 var stærsta ár Sigurfara frá stofnun félagsins. Og þannig eiga öll ár að vera, það næsta stærra en það fyrra. Félagið eignaðist fleiri báta og á nú alls ellefu undir seglum og fjóra kajaka. Við höldum fimm námskeið með eigin þjálfara og í gegnum starfið eru komnir fram drengir sem eru framtíðarefni í siglingaþálfara. Stefnt er að því að senda þessa drengi í þjálfun til vinafélaga okkar á höfuðborgarsvæðinu í vor, auk þess að bæta við þekkingu aðalþjálfarans okkar. Við erum að vinna í að námskeiðin okkar verði hluti af leikjanámskeiðsdagskrá Akraneskaupstaðar en það virðist strembin vegferð sem þó mun takast.

Alls fóru 35 krakkar, stelpur og strákar, í gegnum námskeiðin og gleðileg hliðarafurð þeirra var að finna áhuga frá foreldrum að læra að sigla. Þar er tækifæri til að fá fleiri kynslóðir inn í félagið og mun verða því til mikils gagns og eflingar starfsins.

Eins og kom fram í upphafi eignaðist félagið sjö “nýja” seglbáta. Þeir eru af gerðinni Laser Pico og henta vel stálpuðum unglimum og jafnvel fullorðnum. Bátarnir komu notaðir frá siglingafélaginu Siglunesi í Nauthólsvík fyrir milligöngu Ólafs M. Ólafssonar formanns Brokeyjar og fengum við þá á sannkölluðu gjafverði. Ólafur Már hefur verið félaginu okkar ákaflega velviljaður og mjög áhugasamur um uppbyggingu þess og starfsemi. Sigurfari flytur Ólafi sérstakar þakkir fyrir góðan hug til þess. Óttar Hrafnkelsson hjá Siglunesi á jafnmikinn heiður skilinn fyrir það samfélagslega hugarfar til félagsins að láta bátana á þeim kjörum sem þeir fengust. Hafi þeir báðir miklar þakkir fyrir.

Viðburðastjóri Akraness, Fríða Kristín Magnúsdóttir, hafði samband við félagið vegna hátíðarhalds á sjómannadag. Úr því varð að við höfðum samband við forsvarsmenn ýmissa hópa og fyrirtækja hér í bæ um að mynda kappróðralið. Þessi forna hefð á sjómannadag, og reyndar sjómannadagurinn sjálfur, hefur verið við það að lognast út af en þarna lögðum við okkar af mörkum til að endurvekja þessa skemmtilegu íþrótt, róðurinn og glæða áhuga á hátíðardegi sjómanna sem okkur er í raun skylt.

Faxaflóamótið fór fram að vanda seinni hluta júní og voru móttökur okkar með besta móti að segja má, en við buðum upp á ylvolga kjúklingasúpu. Faxaflóamótið verður haldið í sumar og í beinu framhaldi er áætlað að haldnar verði æfingabúðir Siglingasambandsins. Þær voru haldnar hér 2015 og 2018. Sigurfari hefur og mun verða SIL innanhandar með það sem til hefur þurft, m.a. með útvegum gistingar, aðstöðu í landi og aðgang að sundlaug. Siglingabúðirnar eiga sinn þátt í uppbyggingu félagsins og það kemur að því að krakkar frá okkur taki þátt.

Sigurfari er þátttakandi í Bláfánaverkefninu sem er alþjóðleg umhverfisvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt

starf að umhverfismálum. Meginmarkmiðið er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Þessi markmið falla vel að starfsemi Sigurfara sem þátttakanda í íþrótt- og æskulýðsstarfi á Akranesi. Á námskeiðunum kennum við börnunum að umgangast náttúruna af virðingu og á öruggan hátt.

Fjárhagsleg staða félagsins er bærileg og erum við réttu megin við núllið. Styrkir fengust frá Akraneskaupstað og ÍA auk styrks frá Íþróttasjóði sem reyndar er skilyrtur við uppbyggingu aðstöðu.



Stóra málið í starfsemi Sigurfara er hins vegar félagsaðstaðan. Hún er enn sem komið er engin. Við vorum komin með mótaðar hugmyndir á síðasta ári um staðsetningu og aðstöðu sem reyndust ekki framkvæmanlegar þegar á hólminn var komið. Akraneskaupstaður lagði okkur þó í haust til rými í sementsskemmum til vetrargeymslu undir báta og búnað. Faxaflóahafnir hafa og sýnt okkur einstaka góðvild með því að leyfa okkur að vera heimagangar í Hafnarhúsinu með starfsemina yfir sumartímann og út frá því má segja að það hús sé félagsaðstaða Sigurfara. Nýlega sendum við erindi á bæjarráð um þessi mál og er það til umfjöllunar þar á bæ. Þar bentum við á jákvæðan hátt á uppbyggingu bæjarins í þágu annarra íþróttafélaga: Nýr golfskáli er risinn, nýtt fimleikahús er að rísa, og framundan er löngu tímabær endurnýjun íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum. Mér finnst full ástæða til að við séum bjartsýn varðandi húsnaðismál okkar og hef fulla trú á að úr þeim rætist.

Formaðurinn gerist nú auðmjúkur og verður að taka á sig nokkra sök varðandi gæði á stjórnarháttum félagsins. Ekki var t.d. búið að tilkynna stjórnarskipti og ýmis mál þeim tengd ófrágengin. Á þessu hefur verið tekið meðfram vinnu við tilkynningu raunverulegra eigenda félagsins, sem er átak sem öll skráð félög hafa orðið að ganga í gegnum. Út frá þessu var farið að skoða rekstur og starfsemi félagsins. Sigurfari vill skilgreina sig sem regnhlíf yfir sjóíþróttir á Akranesi. Örlað hefur á þeim skoðunum að sumu sé gert hærra undir höfði innan félagsins en öðru og er því e.t.v. tímabært að huga að ólíkri starfsemi með deildaskiptingu félagsins, t.d. kajakdeild og siglingadeild. Slíkt segir reyndar í 1. kafla 4. gr. í lögum félagsins. Það verður að gera öllum kleift að njóta sín í sínu sporti undir þessum hatti sem Sigurfara er ætlað að vera.



Þá er mikilvægt að festa reglulega fundartíma en fundahöld hafa kannski liðið fyrir spjall á messenger, sem annars er gagnleg samskiptaleið.

Og, að síðustu, úr því að hér er farið að vitna í lög Sigurfara er því velt upp hvort ástæða sé til að endurskoða þau. 3. kafli 8. grein fjallar um framkvæmd aðalfundar. Þar segir að aðalfund skuli halda í mars ár hvert. Mér finnst spurning hvort ekki megi breyta tímasetningunni frá mars í febrúar. Þannig gefst nýrri stjórn meiri tími til undirbúnings fyrir starfsemi sumarsins sem framundan er.

## Ungmennafélagið Skipaskagi

**Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa eftirtaldir:**

**Formaður:** Anna Bjarnadóttir (AB)

**Gjaldkeri:** Skafti Steinólfsson (SS)

**Ritari:** Guðrún S. Gísladóttir (GSG)

**Meðstjórnendur:** Guðmundur S. Jónsson (GSJ) og Jóna Adolfsdóttir (JA)

Á síðasta aðalfundi UMF Skipaskaga mættu auk formanns og gjaldkera aðeins einn, vorum sem sagt þrjú á fundinum.

### Skýrsla stjórnar

Formaður (AB), sat þrjá fundi hjá aðalstjórn ÍA.

Formaður (AB) sat þing ÍA 11. apríl 2019.

### Sambandsþing

Formaður (AB) og gjaldkeri (SS) sátu 51. sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Hótel Laugabakka í Miðfirði 11. – 13. október 2019. Á þinginu samþykktu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ með nærri öllum atkvæðum umsókn þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ. Þetta eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA). Við inngönguna fengu bandalögin stöðu sambandsaðila innan UMFÍ.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði í kjölfar niðurstöðunnar ungmennafélagshreyfinguna verða öflugri. „Nú getum við sameinað krafta okkar og orðið öflugri samtök en áður.“

### Heiðranir

Á sambandsþingi UMFÍ var Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, sæmd heiðurskrossi ungmennafélagshreyfingarinnar og gerð að heiðursfélaga. Þau Örn Guðnason og Hrönn Jónsdóttir voru bæði sæmd gullmerki á þinginu. Örn var þá varaformaður en Hrönn ritari. Hvorugt gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Þrjú sambandsaðilar UMFÍ voru jafnframt heiðraðir með Hvatningarverðlaunum UMFÍ. UMSK hlaut verðlaunin fyrir reiðskóla

Hestamannafélagsins Harðar. Skólinn er fyrir fatlað fólk og einstaklinga með þroskahömlun. Þá hlaut USAH verðlaunin fyrir frumkvöðlastarf og verkefni fyrir eldri borgara. HSH hlaut svo verðlaunin fyrir að stuðla að auknu samstarfi á milli aðildarféлага og fyrir að ná vel til barna af erlendum uppruna.

## Breyting í stjórn

Stjórn UMFÍ er kosin á sambandsþingum UMFÍ. Nokkur breyting varð á stjórn UMFÍ að þessu sinni. Haukur Valtýsson var endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára. Í aðalstjórn voru endurkjörin þau Guðmundur Sigurbergsson frá UMSK, Gunnar Gunnarsson frá UÍA, Gunnar Þór Gestsson frá UMSS, Jóhann Steinar Ingimundarson frá UMSK, Ragnheiður Högnadóttir frá USVS og Sigurður Óskar Jónsson frá USÚ. Í varastjórn voru kjörin Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir frá UDN, Gissur Jónsson frá HSK, Hallbera Eiríksdóttir frá UMSB og Lárus B. Lárusson frá UMSK. Þau Elísabet, Gissur og Hallbera komu ný inn í varastjórn UMFÍ.



## Göngubók UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2019 eftir hlé árið 2018. Göngubókin árið 2019 var unnin í samvinnu við Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Einar er jafnframt leiðsögumaður og stofnandi gönguhópsins Vesen og vergangur. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar. Bókina er jafnframt hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ undir liðnum útgáfa: <https://www.umfi.is/utgafa/gongubok/>.

Í byrjun árs 2019 gekk Dansskóli Írisar úr Skipaskaga og þökkum við þeim fyrir tímann sem þau hafa verið með okkur og vonumst til að þeim gangi vel í framtíðinni.

27. maí – 2. júní 2019 tók Skipaskagi þátt í Move Week/Hreyfiviku verkefni sem UMFÍ heldur utan um, ásamt Akranesbæ og ÍA. Margt var í boði til hreyfingar og var Skipaskagi með tvær





morgungöngur kl. 06:00 á Guðfínnuþúfu og Hjóladeildin bauð upp á hjólaferð, einnig var farið yfir ýmsar upplýsingur um hjólin sem vert er að hafa í huga er hjólavertíðin hefst og bætt við lofti í þau dekk sem þurfti.

Skipaskagi tók þátt í gönguverkefni FÍ (Ferðafélagi Íslands) með Akranesbæ og ÍA, og eins og á síðasta ári voru viðburðir alla miðvikudaga í september 2019. Margt í boði og var góð þátttaka í allar göngurnar í misjöfnu veðri en allir skemmtu sér vel. Skemmtilegt verkefni sem FÍ setti upp. ( Mynd úr gönguverkefni FÍ 2019)

### SamVest verkefnið

Samböndin eru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Ungmennafélagið Skipaskagi (USK) Akranesi, Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF) á sunnanverðum Vestfjörðum, Héraðssamband Strandamanna (HSS) og Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK).

SamVest stendur að sameiginlegum æfingum í frjálsíþróttum á Vesturlandi og í FH-höllinni, við erum með samning við FH til 2019, þeir sjá okkur fyrir gestþjálfurum þegar farið er þangað. Markmið samstarfsins er að gefa iðkendum tækifæri til að prófa að æfa við góðar aðstæður sem fyrirfinnast á höfuðborgarasvæðinu. Æfingarnar eru fyrir 10 ára og eldri. Einnig er staðið að frjálsíþróttamótum barna og fullorðinna. Farið með sameiginlegt lið á stærri stigamót FRÍ. Þetta samstarf gengur vel. Góð þátttaka hefur verið í æfingabúðum SamVest.

### FEBAN íþróttaklúbbur

**Boccia** æfingar eru frá september – maí, á þriðjudögum og föstudögum á Kirkjubraut og á miðvikudögum í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Það eru um 50 manns sem taka þátt.

FEBAN heldur innanfélagasmót og þá er keppt í einmenningsmóti, tvímenningsmóti og sveitakeppni. Á einmenningsmótinu tóku 20 þátt. Á tvímenningsmótinu tóku 16 aðilar þátt. Í sveitakeppninni tóku 24 aðilar þátt. Eitt lið frá FEBAN tók þátt í 60+ móti á Hvammstanga, þrjú lið tóku þátt í tvímenningsmóti í Mosfellsbæ, tvö lið tóku þátt í móti í Garðabæ. Tvö lið tóku þátt í Landsmóti UMFÍ 50+ í Neskaupsstað. FEBAN stóð fyrir Vesturlandsmóti og var það haldið í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Þá sá FEBAN ásamt Borgarbyggð um einmenningsmót, þar kepptu 44 aðilar þar af 18 frá okkar félagi.

**Púttið** byrjaði í maí og var fram í september, æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum og eru það um 30 manns sem taka þátt. Innanfélagsmótin eru þrjú og er þá keppt um Maríustyttuna, Guðmundarbikara og Reynisbikara, á hvert mót mættu um 20 þátttakendur.

FEBAN og Borgarbyggð keppa í pútti um Húsasmiðjubikarinn, keppt er á Hamarsvelli, Leynisvelli og í Nesi í Reykholtssdal. Þátttakendur frá FEBAN á Húsasmiðjumótinu voru 34. FEBAN stóð fyrir Íslandsmóti í pútti 60+, þar mættu um hundrað manns þar af 15 frá okkar félagi.





**Keilan** byrjar í október og er fram í maí ár hvert. Æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum. Haldið er innanfélagsmót í keilu og kepptu þar 6 félagsmenn.

**Línudans FEBAN**, það eru um 50 - 60 manns sem æfa einu sinni í viku en æft er oftast ef mikið stendur til. Ekki er verið að taka þátt í dansmótum, heldur er stefnan tekin á Golden Age Gym festival sem haldið er annaðhvert ár og er fyrir 50 ára og eldri. Skemmtilegar sýningar og námskeið sem þátttakendur geta tekið þátt í meðan á dvölinni stendur. Leiðbeinendur eru Sigríður Alfreðsdóttir, Hugrún Sigurðardóttir og Eygló Tómasdóttir. Alltaf líf og fjör 😊.

## Hjóladeild Skipaskaga

Stofnuð var hjóladeild innan Skipaskaga 2016. Hjólarar hjóluðu með liði Team Rynkeby Ísland frá Kolding í Danmörku til Parísar í Frakklandi tæplega 1300 km á 8 dögum til styrktar krabbameinssjúkum börnum á Íslandi. Íslenska liðið safnaði rúmlega 23 milljónum.

Hjólafélagar í UMF Skipaskaga hvetja áhugamenn um hjólreiðar til að slást í hópinn og efla félagið enn frekar.

## Önnur mál:

Gestabókin á Guðfinnuþúfu er orðið að föstu verkefni félagsins, alltaf eru fleiri og fleiri sem leggja leið sína á þúfuna og keppni hefur myndast í því að fara sem flestar ferðirnar. Skipaskagi hefur veitt verðlaun til þeirra karla og kvenna sem fara flestar ferðirnar og svo eru dregnir út þrjú aðrir þátttakendur sem hafa ritað nafn sitt í bókina. Bókin var á þúfunni frá 5. maí – 20. desember s.l. ár. Myndir af göngufólki sem fengið hafa verðlaun frá Skipaskaga.

# Skotfélag Akraness

## Stjórn félagsins

<b>Formaður:</b>	Guðrún Hjaltalín
<b>Gjaldkeri:</b>	Óskar Arnórsson
<b>Meðstjórnendur:</b>	Stefán Gísli Örlygsson, Elías M. Kristjánsson og Hafsteinn Þór Magnússon
<b>Varamenn:</b>	Berglind Björgvinsdóttir og Ólafur Steinn Ólafsson

## Helstu verkefni stjórnar 2019

Settar voru upp 3 sporting vélar á útsvæði okkar og er þar með kominn vísir að sporting velli sem er að verða mjög vinsæl grein í skotfimi hér á landi, dúfurnar fljúga aðeins hægar en í skeet og hægt að raða vélunum upp með breytilegu flugi, það eykur fjölbreytileika sem er hentugt til æfinga t.d. fyrir veiði. Mótum er einnig að fjölga hér á landi í Compak sporting. Almenn ánægja félagsmanna var við þessa viðbót og við sáum mörg ný andlit sem var



ánægjulegt. Stefnt er á að halda þessari uppbyggingu áfram og fjölga vélum þegar fjárhagur leyfir. Einnig er verið að smíða fyrir Skotfélagið svokölluð búr sem skotmenn standa í og skjóta úr, verður þeim komið fyrir í vor á steiptum palli og um leið útbúinn völlum fyrir þessa grein.

Geymslugámur var keyptur og settur niður á félagssvæðinu, þar eru geymdar sporting vélar og leirdúfur. Vel var vandað til verka í þeim framkvæmdum og í stórviðrinu nú í febrúar var ekkert tjón á svæðinu.

Eitt landsmót í haglabyssugreinum, skeet, var haldið á skotsvæðinu í sumar og þátttaka góð þar sem völlum okkar er með þeim betri á landinu þar sem engin fjöll eru að trufla bakgrunn og sjást flug á dúfunum einstaklega vel. Ljómandi veður var eins og alltaf á flórída skaganum.

Í loftbyssugreinum er samkomulag um að Skotfélagið standi fyrir mótahaldi annað hvert ár á móti Borgnesingum, nú héldum við opna Vesturlandsmótið í apríl og einnig landsmót í loftbyssugreinum í aðstöðu Skotfélags Borgarness í nóvember. Þátttaka var góð, fimm keppendur í apríl og fjórir keppendur í nóvember tóku þátt frá okkar félagi. Sem er gott þar sem Skotfélagið hefur ekki haft inniaðstöðu í vetur því eins og kunnugt er missti félagið æfingaaðstöðu loftgreina þegar framkvæmdir við fimleikahúsið við Vesturgötu hófust og í dag er salurinn ónothæfur en það stýttist í að framkvæmdum ljúki og væntum við þess að fá afnot af honum fyrir næsta keppnistímabil.

### **Fjáraflanir og fjármálaleg staða**

Við fengum styrk úr Íþróttasjóði til framkvæmda sem notaður var í girðingaefni og lagfæringar á ríffilhúsi. Á árinu komu líka eftirstövar framkvæmdastyrks frá Akraneskaupstað sem fór í kaup á geymslugámi og undirstöðum fyrir hann.

Staðan er góð, engar skuldir og hagnaður af rekstri líðlega 566.000 kr.

### **Iðkenda fjöldi**

Alls greiddu 126 félagsmenn árgjald sem þýðir að okkur fjölgaði um 14 á árinu.

Haglavellir voru vel nýttir síðasta sumar en alls voru skotnir 2964 hringir bæði á skeet- og trapvællinum, það er talsvert meira en 2018.

### **Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins**

Félagið átti keppendur á loftbyssumótum og frjálsbyssumótum innanlands.

Félagið átti keppendur á haglagreinamótum sumarsins 2019 bæði í skeet og á kompak-sporting mótum sem haldin eru víðsvegar um landið.

Félagið stóð fyrir hreindýraprófum Umhverfisstofnunar að venju og voru tekin 41 próf hjá félaginu auk þess sáum við um verklega þáttinn í skotvopnanámskeiði stofnunarinnar með 21 þátttakanda.

Ríffiláhugamenn eru ánægðir með aðstöðuna sem er komin upp og hefur aðsókn aukist.

Þess má geta að á báðum loftbyssumótum félagsins bættu konur Íslandsmet og jöfnuðu eigið met.



### Þátttaka og gengi í mótum

Skotfélag Akraness átti þrjá keppendur á mótum erlendis á síðasta ári.

Stefán Gísli Örlygsson keppti fyrir hönd Íslands á fjórum erlendum mótum.

Guðrún Hjaltalín og Björn Hilmarsson tóku þátt í Scandinavian Open í Danmörku.

### Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness

Stefán Gísli var tilnefndur frá Skotfélagi Akraness. Hann átti góðu gengi að fagna síðasta sumar í haglagreinum skeet héraðs erlendis.

### Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

Unnið verður áfram að uppbyggingu útisvæða og stefnt er að bæta inniaðstöðu og búnað fyrir loftgreinar.

Við sóttum um styrk úr Íþróttasjóði til eflingar öryggismála á skotvöllum og höfum fengið jákvætt svar við þeirri umsókn.

### Lokaorð og þakkir

Skotfélag Akraness þakkar fyrir veitta styrki á árinu og félagsmönnum fyrir það ötullega sjálfbóðastarf sem er unnið til að halda uppi starfsemi og uppbyggingu félagsins.



## Sundfélag Akraness

Sundárið 2019 hjá Sundfélagi Akraness var árangursríkt. Akranesmet og persónulegir sigrar voru unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum. Mikil fjölgun iðkenda átti sér stað á árinu og nokkrir hópar urðu fullir og biðlistar eru í þá. Árið byrjaði þó erfiðlega þar sem framkvæmdir í Bjarnalaug töfðust mikið, en það hafði mikil áhrif á yngri iðkendur félagsins. Árið 2019 bauð SA upp á sundnámskeið fyrir börn með sérþarfir og vatnsleikfimi fyrir fullorðna sem er skemmtileg nýjung í fjölbreyttu starfi Sundfélags Akraness. Brynhildur Traustadóttir var svo útnefnd Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2019.

### Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn var kjörin í mars 2019. Þar sem þrír fóru úr stjórn, þau Trausti Gylfason formaður, Harpa Finnbogadóttir varaformaður og Ingibjörg Júlíusdóttir meðstjórnandi. Þrír nýir komu inn í stjórn árið 2019, þau Ágúst Júlíusson, Þórdís Bj. Guðmundsdóttir og Ruth Jörgensdóttir Rauterberg.

<b>Formaður:</b>	Ágúst Júlíusson
<b>Varaformaður:</b>	Guðrún Guðbjarnardóttir
<b>Gjaldkeri:</b>	Daníel Sigurðsson Glad
<b>Ritari:</b>	Þórdís Bj. Guðmundsdóttir
<b>Meðstjórnendur:</b>	Kristín Björg Jónsdóttir, Svava Guðjónsdóttir og Ruth Jörgensdóttir Rauterberg

**Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA** var sem áður Kjell Wormdal.

### Þjálfarar vorið 2019

Æfingahópar: Bjarney Guðbjörnsdóttir, Sólrún Sigþórsdóttir, Sigurður Sigurðsson, Natalia Wasiliwska og Jill Syrstad.

Námskeiðsþjálfarar: Hlín Hilmarsdóttir, Jill Syrstad, Lilja Guðrún Guðmundsdóttir.

Aðstoðarþjálfarar: Erna Þórarinsdóttir, Ngozi Jóhanna Eze, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Ingveldur Ósk Sigurðardóttir og Arna Ósk Jónsdóttir.

Sundmenn úr A-hópi voru virkir sem aðstoðarþjálfarar og afleysingarþjálfarar.

Haustið 2019 tók SA nýtt skref og réð Jill Syrstad sem þjálfara yngri hópa Sundfélagsins í Bjarnalaug ásamt því að halda námskeið fyrir félagið.

### Þjálfarar haustið 2019

Æfingahópar: Bjarney Guðbjörnsdóttir og Jill Syrstad.

Námskeiðsþjálfarar: Jill Syrstad, Fabio La Marca, Heiður Haraldsdóttir og Drífa Dröfn Siggerðardóttir.

Aðstoðarþjálfarar: Enrique Snær Llorens Sigurðsson, Erna Þórarinsdóttir, Ngozi Jóhanna Eze, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Ingveldur Ósk Sigurðard., Arna Ósk Jónsd. og Mateusz Kuptel.



## Afrekshópur

### Íslandsmeistaramót

Ágúst Júlíusson varð Íslandsmeistari í 50m flugsundi í 25m laug.

Brynhildur Traustadóttir vann 4 silfur á ÍM25 (200, 400, 800 og 1500m skriðsundi) og 3 brons á ÍM50 (200, 400 og 1500m skriðsundi).

Enrique Snær Llorens vann 1 brons á ÍM50 (400m fjórsund).

### Landsliðsverkefni

Brynhildur Traustadóttir náði lágmarkum á Norðurlandameistaramótið í Færeyjum, þar sem hún varð í 4. sæti í 800m skriðsundi, 7. sæti í 200m og 400m skriðsundi. Brynhildur á fast sæti í landsliði Íslands þar sem hún hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum eins og æfinga/mælingadögum og æfingaferðum með SSÍ.

Sundfélag Akraness átti tvo fulltrúa sem fóru með landsliðinu á alþjóðlegt móti í Prag og unnu þær Brynhildur og Ragnheiður báðar til verðlauna. Brynhildur fékk brons í 1500m skriðsundi og Ragnheiður fékk brons í 50m bringusundi.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir og Ragnheiður Karen Ólafsdóttir eru í unglingahópi SSÍ.

### AMÍ

Aldursflokkameistaramót Íslands var haldið í Reykjanesbæ á vegum ÍRB. Alls syntu 19 sundmenn frá SA á AMÍ þetta árið. Í liðakeppninni endaði SA í 5. sæti en sundmenn sem lentu í 1.- 6. sæti unnu stig fyrir félagið. Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir varð aldursflokkameistari 13-14 ára í 100m baksundi og vann til silfurverðlauna í 100m bringusundi, 200m baksundi og 100m flugsundi. Kristján Magnússon fékk silfur í 100m baksundi og brons í 800m skriðsundi (13-14 ára). Ragnheiður Karen Ólafsdóttir fékk brons í 100m bringusundi (15-17 ára).

Sundfélag Akraness vann titilinn þrjúasta liðið á mótinu og erum við afar stolt af krökkunum okkar fyrir það.

### Akranesmet:

#### Í flokki fullorðinna

Brynhildur Traustadóttir, 1500m skriðsund (opinn flokkur 50m laug).

#### 15-17 ára 50m laug

Enrique Snær Llorens, 800m skriðsund.

#### 13-14 ára 25m laug

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, 50m flugsund.

Ingibjörg Svava Magnúsardóttir, 1500m skriðsund.

#### 13-14 ára 50m laug

Kristján Magnússon, 50m og 100m baksund, 800 og 1500m skriðsund,

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, 50m og 100m baksund og 50m flugsund.

Ingibjörg Svava Magnúsardóttir, 1500m skriðsund.





## Mót

### Bárumeistaramót

Bárumeistaramót 2019 fór fram í mars. Mótið er fyrir sundmenn 8-12 ára og er haldið í Bjarnalaug. Veittur er bikar fyrir bestan árangur samanlagt. Að þessu sinni urðu þau Víkingur Geirdal og Íris Arna Ingvarsdóttir Bárumsmeistarar.

### Bikarmeistaramót Íslands

Lið Skagamanna er í efstu deild í sundi. Bikarmót Sundsambands Íslands var haldið í Reykjavík. Margir af öflugustu sundmönnum Íslands syntu á mótinu. Sundfélag Akraness sendi bæði ungt kvenna- og karlalið. Stelpurnar okkar höfnuðu í 5. sæti og strákararnir í því 6.

### Akranesleikar

Akranesleikarnir í sundi voru haldnir síðustu helgina í maí. Leikarnir eru eitt stærsta barna- og unglingsundmót sem haldið er hér á landi. Árið 2019 voru þátttakendur um 286 frá 12 félögum en hafa skal í huga að sundfólkinu fylgja þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og venslamenn. Gestir á Akranesi yfir mótstímann eru því fjölmargir. Ágúst Júlíusson átti stigahæsta sundið. SH reyndist sigurvegari mótsins.

### Akranesmeistaramót

Akranesmeistaramót fór fram á Jaðarsbökkum, miðvikudaginn 10. október. 28 sundmenn, 11 ára og eldri tóku þátt og var mótið mjög vel heppnað. Fjölmargir voru á sundlaugarbakkanum til að hvetja sundmennina. Akranesmeistarar 2019 voru eftirtaldir :

11-12 ára, Víkingur Geirdal Birnuson og Írís Arna Ingvarsdóttir.

13-14 ára, Einar Margeir Ágústsson og Ingibjörg Svava Magnúsardóttir.

15 ára og eldri, Atli Vikar Ingimundarson og Brynhildur Traustadóttir.

Stigahæstu sundin áttu þau Enrique Snær Llorens og Brynhildur Traustadóttir fyrir 200m skriðsund.



### Mótaröð ÍA og Aftureldingar

Í desember var hver fermetri í Bjarnalaug nýttur en þá tóku 57 ungir sundmenn á aldrinum 7-10 ára frá ÍA og Aftureldingu þátt í sínu öðru móti af fjórum í mótaröð ÍA og Aftureldingar.

Þetta er hluti af því að kenna ungum sundmönnum að taka þátt í sundmótum og gera þau öruggari fyrir því sem framundan er. Mótaröðin hefur farið vel af stað og gaman verður að fylgjast með unga sundfólkinu okkar í framtíðinni.

### Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð SA var haldin í nóvember. Fyrir um daginn var Landsbankamótið en eftir það mættu krakkarnir á uppskeruhátíð sem haldin var í Brekkubæjarskóla og þar fengu þau öll þátttökuverðlaun.

Á hátíðinni voru viðurkenningar veittar til eldri sundmanna.

Sundmaður Akraness 2019: Brynhildur Traustadóttir

Brynhildur vann silfurverðlaun í 200, 400, 800 og 1500m skriðsundi á ÍM 25. Á

Íslandsmeistaramótinu í 50m laug vann hún þrenn bronsverðlaun í 200, 400 og 1500m skriðsundi þar sem hún synti á nýju Akranesmeti. Hún er fastamaður í landsliði Íslands og fór fyrir hönd Íslands að keppa á alþjóðlegu móti í Prag þar sem hún vann bronsverðlaun í



1500m skriðsundi. Á Bikar 2019 átti hún hraðasta sundið í 400 og 800m skriðsundi og náði þar lágmarki á Norðulandameistaramótið sem fer fram í Færeyjum núna í byrjun desember og verður gaman að fylgjast með henni þar. Sundmaður Akraness er mikil fyrirmynd og er dugleg að hjálpa og hvetja aðra áfram.

Félagabikarinn fékk Brynhildur Traustadóttir. Brynhildur er alltaf reiðubúin til að aðstoða aðra og er mikil fyrirmynd fyrir yngri sundmenn liðsins, Brynhildur er dugleg að hvetja liðsfélaga sína áfram, bæði á æfingum og á sundmótum.

Bikarinn er veittur til minningar um þá Arnar Frey Sigurðsson og Karl Kristin Kristjánsson.

Ingunnarbikarinn er veittur fyrir stigahæsta bringusundið 12 ára og yngri og er gefinn til minningar um Ingunni Guðlaugsdóttur. Bikarinn hafnaði hjá Írisi Örnu Ingvarsdóttur fyrir 100m bringusund á tímanum 1.39,16 sem gera 247 FINA stig.

Viðurkenningu fyrir bestu ástundun og framfarir fengu :

Meyjur: Íris Arna Ingvarsdóttir  
Sveinar: Almar Sindri Daníelsson Glad  
Telpur: Auður María Lárusdóttir  
Drengir: Einar Margeir Ágústsson  
Stúlkur: Lára Jakobína Gunnarsdóttir  
Piltar: Enrique Snær Llorens

Viðurkenningu fyrir stigahæstu sundin hlutu:

Meyjur: Arna Karen Gísladóttir	252 stig, 50m skriðsund 36,30
Sveinar: Víkingur Geirdal	198 stig, 50m skriðsund 34,75
Telpur: Guðbjörg Bjarney Guðmundsdóttir	542 stig, 50m skriðsund 28.12
Drengir: Kristján Magnússon	451 stig, 200 skriðsund 2.09.57
Stúlkur : Ragnheiður Karen Ólafsdóttir	591 stig, 50 bringusund 35.02
Piltar: Enrique Snær Llorens	583 stig, 400 skriðsund 4.13.93
Karlar: Sindri Andreas Bjarnason	580 stig 400 skriðsund 4.14.42
Konur: Brynhildur Traustadóttir	708 stig 400 skriðsund 4.22.43

## Faxaflóasund

Faxaflóasundið var að þessu sinni þeytt í blíðskaparveðri þann 29. september. Fjölmargir sundmenn tóku þátt í sjósundinu. Að venju var atburðurinn notaður til fjáröflunar vegna farar elsta sundhópsins í æfingabúðir á Spáni.



## Útvarp Akranes

Útvarp Akranes hlaut menningarverðlaun Akraneskaupstaðar 2019.

Útvarpið hefur verið starfrækt af Sundfélagi Akraness síðan 1988 og er að margra mati ómissandi þáttur í jólaundirbúningi Skagamanna, enda er sundútvarpið alltaf í „loftinu“ fyrstu helgina í aðventu ár hvert.

Stjórn Sundfélags Akraness og útvarpsnefnd eru afar stolt af þessari viðurkenningu og þakklát þeim fjölmörgu aðilum og velunnurum Sundfélagsins sem hafa lagt hönd á plóg síðustu ár.

## Annað

Aðrar fjáraflanir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár; rekstur ljósabekkja, auglýsingaskilti á sundlaugarbakkanum, kleinusala, vinna á Þorrablóti Skagamanna, útburður blaða og tilkynninga, vörutalningar, flatkökusala og ýmislegt fleira sem til fellur. Þessir fjármunir eru nauðsynlegir til að greiða niður gjöld sundmanna. Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna- og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness. Viljum við þakka þeim fjölmörgu félögum, fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

## Lokaorð

Árið 2019 hefur verið gott hjá Sundfélagi Akraness og hefur iðkendum fjölgað á milli ára. Árið 2019 voru 382 iðkendum hjá félaginu eða 87 iðkendum fleiri en árið 2018. Frá 3 mánaða og upp í fólk á sextugsaldri. Þeir yngstu eru í sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.

Sundfélagið hefur áhuga á að sinna fjölbreyttum hópi iðkenda og hefur margar góðar hugmyndir að námskeiðum fyrir unga sem aldna og fær félagið margar fyrirspurnir um að halda námskeið fyrir hópa.

Því miður er það hindrun í starfi félagsins hversu Bjarnalaug er þétt setin og í raun löngu sprungin. Laugin er sem sagt í stanslausri notkun, ekki bara af Brekkubæjarskóla og Sundfélaginu heldur einnig af Feban, Hver, Þjóti og fleiri félögum og hópum.

Það gleður okkur í stjórn Sundfélags Akraness að bæjarráð sé að skoða að flýta fyrirhugaðri uppbyggingu á Jaðarsbakkasvæðinu þannig að hönnun geti farið fram í ár og framkvæmdir hafist á næsta ári. Vonandi stendur Akraneskaupstaður undir merkjum sem heilsueflandi samfélag með byggingu nýrrar 50 metra innilaugar í þágu allra bæjarbúa.





## Vélahjólaiþróttafélag Akraness

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 12. mars í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum.

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar samþykkt sem og ársreikningar.

### Stjórn félagsins árið 2019 – 2020:

<b>Formaður:</b>	Jóhann Pétur Hilmarsson
<b>Varaformaður :</b>	Þorbjörn Heiðar Heiðarsson
<b>Gjaldkeri:</b>	Guðrún Hjaltalín
<b>Ritari:</b>	Petronella Kristjánsdóttir
<b>Brautarstjóri:</b>	Sveinbjörn Reyrr Hjaltason

### Fjárafilanir og fjármálaleg staða

Vífa annast daglegan rekstur á Akrabraut og fær til þess fjárhagsaðstoð hjá Akraneskaupstað, einnig eru þeir fjármunir notaðir til uppbyggingar á svæðinu.

Vífa er duglegt við að sækja um styrki hjá hliðhollum fyrirtækjum í bæjarfélaginu og fær einnig styrki hjá ÍA, t.d. Lottópeninga, úr Þorgeir og Ellert – Skaginn 3X styrknum og fleira. Kom rekstur félagsins út með hagnaði árið 2019.

### Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Þjálfarar hafa verið Ingvi Björn Birgisson Íslandsmeistari í motocross og enduroakstri og Örn Sævar Hilmarsson. Þeir hafa séð um motocross þjálfunina hjá unglíngunum og yngri krökkunum. Jóhann Pétur hefur séð um styrktarþjálfunina yfir vetrarmánuðina. Iðkendafjöldi er 130 félagar.

### Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Ný Bikar mótarið var haldin 2019 af þremur aðildarfélögum MSÍ, Vífa hélt eitt af þeim mótum miðvikudaginn 12. júní. Þar var stór og flottur barnaflokkur sem keyrði tvisvar 10 mínútur í barnabrautinni. Var mótið jafnfjölmennt og Íslandsmeistaramótin og verður haldið aftur árið 2020. Íslandsmeistaramót var haldið þann 29. júlí í Akrabraut. Þar gekk allt vel fyrir sig. Félagsmenn hjálpuðust að við undirbúning mótanna, og sáu um flöggun. Vífa hefur verið í samstarfi við Vinnuskólann undanfarin ár og það samstarf hefur gengið mjög vel og vonandi heldur það samstarf áfram. 900 rúmmetrum af sandi var bætt í brautina. Var svo mikið af stórgrýti í þeim sandi að Vífa þurfti að fá gröfufyrirtæki með grjótmalara til að renna yfir alla brautina, reyndar kom sú aðgerð sér vel því allt annað grjót var að miklum hluta brotið niður um leið. Brautin þolir margfalt meiri rigningu núna og verður fyrir vikið mun meira nothæf.

Yfir vetrarmánuðina stunda félagsmenn Vífa ísakstur á einkalandi inni í Hvalfirði, með leyfi landeigandans. Er það góð viðbót við fjölbreytnina í sportinu.



## Þátttaka og gengi í mótum

Félagar Vífa tóku þátt í öllum mótum sem voru haldin á vegum MSÍ árið 2019.

### Framtíðarsýn

Motocross iðkendum á landinu bíða eftir að vörugjöld verði felld niður af motocross hjólum. Alþingi hefur samþykkt tillögu/frumvarp um þetta en tollstjóri neitar að verða við þessu. Það sem mest háir þessu sporti er hversu dýrt er að kaupa sér hjól og allan öryggisbúnað sem er nauðsynlegur til að stunda þetta sport. Þess vegna er þetta mikið hagsmunamál fyrir félagið með framtíðarsýn í huga.

Annars lítur Vífa björtum augum á framtíðina, svæðið er frábært og eitt það besta á landinu. Iðkendum fer alltaf aðeins fjölgandi og hefur félagið frábæra þjálfara innan handar. Félagið eignaðist 1 krakkahjól, sem áhugasamir geta prufað gegn vægu gjaldi.

### Lokaorð og þakkir

Vífa vill þakka verktakafyrirtækinu **Þrótti** fyrir ómælda aðstoð við að koma sandi í brautina á árinu 2019. Einnig þökkum við fyrirtækjunum GT tækni og Meitli fyrir að standa þétt við bakið á félaginu í tæp 10 ár.

Akraneskaupstaður á mikið lof skilið fyrir veittan fjárstuðning í formi framkvæmdastyrks undanfarin ár. Þar á bæ eru allir alltaf jákvæðir og hafa alltaf tekið vel í allt sem Vífa félagar hafa verið að framkvæma í uppbyggingu á Akrabraut og svæðinu í kring.

Síðast en alls ekki síst, vill Vífa þakka ÍA fyrir alla þá styrki sem þeir hafa veitt félaginu, og endalaust góða hjálp við öll þau viðfangsefni sem við höfum leitað til þeirra með. Einnig viljum við minnast á hversu jákvætt það er þegar fulltrúi frá ÍA mætir á aðalfund hjá félaginu og gefur góð ráð um allt á milli himins og jarðar tengt starfinu hjá félaginu.





# Íþróttafélagið Þjótur

## Stjórn Þjóts 2019 – 2020:

<b>Formaður:</b>	Sigurlaug Njarðardóttir
<b>Varaformaður:</b>	Freyja Þöll Smáradóttir
<b>Ritari:</b>	Hörður Svavarsson
<b>Gjaldkeri:</b>	Jón Þórir Guðmundsson
<b>Meðstjórnandi:</b>	Bjarki Georgsson

## Varamenn:

Emma Raket Björnsdóttir  
Áslaug Þorsteinsdóttir

Stjórnarfundir félagsins voru 3 talsins, auk þess voru samskipti á Facebook síðu stjórnar um mál og málefni sem komu upp á tímabilinu og þurfti að leysa.

## Aðalfundur Þjóts var haldinn í sal Brekkubæjarskóla 9. apríl 2019

Sigurlaug Njarðardóttir setti fundinn. Fundarstjóri var Ágústa Andrésdóttir.

Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Varaformaður las upp ársskýrslu stjórnar sem innihélt samantekt af starfi stjórnar og félagsins, iðkendafjölda, þjálfaramál, þátttöku á mótum og árangur iðkenda og formaður gerði ársreikningum skil. Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar voru borin undir fundinn og bæði samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri stýrði kosningum og bar upp þær tillögur sem fyrir lágu.

- Sigurlaug var kosin formaður félagsins.
- Hörður Svavarsson var kosinn til áframhaldandi setu í aðalstjórn.
- Áslaug Þorsteinsdóttir var kosin til áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Emma Raket Björnsdóttir var kosin til áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Andrés Ólafsson var kosinn endurskoðandi félagsins og honum færðar þakkir fyrir störf hans á liðnu ári.
- Samþykkt var tillaga frá stjórn félagsins um að félagsgjöldin yrðu áfram 12000 krónur.

## Viðurkenningar til félagsmanna á árinu 2018 voru:

- Hvatningabikar ÍF hlaut: Stefán Trausti Rafnsson.
- Lýðsbikarinn hlaut: Guðrún Þórðardóttir.
- Hvatningabikar Þjóts til yngri iðkenda sem sýnir góða ástundun og/eða framfarir hlaut: Helena Rut Káradóttir.
- Íþróttamaður Þjóts árið 2019: Emma Raket Björnsdóttir.

Fundarstjóri sleit fundi og boðið var upp á veitingar. Alls mættu á fundinn 25 einstaklingar auk stjórnarmeðlima og fulltrúa frá ÍA.

### Fjáraflanir og fjármálaleg staða

Innkoma er af félags- og æfingagjöldum félagsmanna og iðkenda. Fjáröflun var sjálfboðastarf á Þorrablóti Skagamanna.



### Styrkir

Þjótur fékk rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað, ÍA og Lottótekjur.

### Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi árið 2019 var svipaður og síðasta ár u.þ.b. 20. Lítil endurnýjun hefur verið á iðkendum. Haustið 2019 var þó byrjað með sundæfingar fyrir yngri iðkendum sem eru ekki að sækja neinar íþróttir. Þetta var gert í samstarfi við Akraneskaupstað og Sundfélag Akraness. Æfingarnar hafa gengið mjög vel og verður framhald á þeim á árinu 2020. Iðkendum eru eins og undanfarin ár blandaður hópur á öllum aldri en 18 ára og eldri er stærsti hópurinn. Nokkur hreyfing var í þjálfaramálum árið 2019.

Þjótur bauð upp á æfingar í eftirtöldum íþróttagreinum á starfsárinu:

**Boccia:** Þjálfarar voru á vorönn 2019, Freyja Þöll Smáradóttur og Sigurjón Jónsson. Sömu þjálfarar voru einnig á haustönn 2019 en í hópinn bættist Ólöf Guðmundsdóttir. Æfingar voru 2 sinnum í viku.



**Sund:** Þjálfari á vorönn 2019 var Bjarney Guðbjörnsdóttir og á haustönn var Sigurður Sigurðsson þjálfari. Æfingar voru 2 sinnum í viku.

**Sundleikfimi:** Þjálfari var Sigurður Sigurðsson. Æfing var 1 sinni í viku. Sigurður hefur einnig séð um sundæfingar hjá yngstu iðkendunum.

Æfingar á vorönn hófust í janúar og æfingar á haustönn hófust í september.

### Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

- Pizzupartý var haldið í desember 2019 sem tókst vel.
- Grillpartý var haldið í maí 2019 og tókst vel.
- Félagið greiddi niður ferðakostnað og gistingu vegna þátttöku í mótum sem félagið tók þátt í með því sem kom út úr vinnu á þorablóti.
- Aðalstjórnarfundir og Ársþing ÍA.
- Fundir framkvæmdarstjórnar og aðildarfélaga.

### Þátttaka og gengi á mótum

#### Boccia:

**Íslandsmót ÍF í sveitakeppni:** Alls fóru 3 lið frá Þjóti og stóðu allir sig með þryði.

**Hængsmót á Akureyri:** Alls fóru 8 keppendur frá Þjóti. Allir keppendur stóðu sig vel.

**Íslandsmót í einstaklingskeppni:** Það fóru 7 keppendur frá Þjóti á Ísafjörð á Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni og stóðu allir sig vel. Einn náði á verðlaunapall, Emma Rakel Björnsdóttir. Hún varð í 3. sæti í 2. deild.

**Innanfélagsmót í Boccia:** Guðmundur Örn Björnsson stóð upp úr sem sigurvegari.

### Íþróttamaður Þjóts 2019 er Emma Rakel Björnsdóttir

### Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

Þjótur vonast til áframhaldandi uppbyggingar á íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar og horfum við þá hvað mest í bætta aðstöðu á Jaðarsbökkum og þá sérstaklega bættu aðstöðu fyrir fatlaða í sundi. Þjótur hefur komið að hönnun þess svæðis með það að markmiði að aðgengi fyrir fatlaða sé eins og best er á kosið.

Einnig sjáum við möguleika á tækifærum til að auka starfið með möguleikanum á fjölbreyttari æfingum.

Lítill endurnýjun hefur verið hjá Þjóti en tekið hefur verið skref í að reyna að bjóða upp á æfingar fyrir alla.





## ÍATV 2019

Árið 2019 hefur ekki síst verið árið þar sem við höfum fínþússað verkferla hjá okkur til að gera útsendingar, undirbúning og framkvæmd sem bestar úr garði. Á árinu prófuðum við okkur áfram í því að nýta sem mest af tækjakosti okkar í einni og sömu útsendingunni. T.d. sendum við út þriggja myndavéla leiki, notuðum dróna í beinni útsendingu í fyrsta sinn og fleira. Tæknivinna var einfölduð og framkvæmd endursýninga var útfærð betur.

Öll tæki og búnaður sem við kaupum er eign Íþróttabandalags Akraness, en búnaðurinn er í umsjón ÍATV og ekki til láns í önnur verkefni. Hafi hinsvegar aðildarfélög ÍA áhuga á að fá myndavél eða annað til eigin nota þá er hægt að hafa samband við Heiðar Mar Björnsson eða Örn Arnarson hjá ÍATV og finna flöt á því svo lengi sem forsvarsmaður Íþróttabandalagsins hefur gefið grænt ljós á það.

2019 var enn eitt metárið en þá sendum við út 66 beinar útsendingar og skiptust þær þannig:

Knattspyrna 56 beinar útsendingar. Þar sendum við út meistaraflokk karla (deildarleiki sem útvarpslýsingar) og kvenna, leiki hjá 2. flokki karla, meðal annars tvo Evrópuleiki og alla heimaleiki Kára. Auk þess sendum við í fyrsta sinn út frá laugardegi og sunnudegi á Norðurálmótinu, sem mæltist einstaklega vel fyrir.

Körfubolti fimm beinar útsendingar. Þar sendum við út alla heimaleiki meistaraflokks karla sem spilaðir voru á Vesturgötu, auk bikarleiks hjá 9. flokki.

Badminton tvær beinar útsendingar. Þar sendum við beint frá laugardegi og sunnudegi á Atlamótinu sem haldið var á Vesturgötu.

Golf ein bein útsending. Þar sendum við út allan lokadaginn á Meistaramóti Golfklúbbsins Leynis.

Árið 2019 settum við áhorfsmet sem verður sennilega seint slegið þegar um 50.000 manns horfðu á Sementsstrompinn falla í beinni útsendingu á ÍATV. Bein útsending okkar frá kjöri íþróttamanns Akraness 2018 var sú hundraðasta frá upphafi og lögðum við því mikla vinnu í hana og gerðum árið upp í máli og myndum. Uppgjör okkar fyrir árið 2019 fór hins vegar fram í Útvarpi Akranes í desember að þessu sinni.

Mikil vinna er við hverja beina útsendingu og t.d. eru vinnustundir við hvern fótboltaleik 3-4 klukkutímar og yfirleitt eru að lágmarki 3 menn á leik. Golfmótið t.d. var um 12 klukkustunda viðvera og viðvera á NÁM var samtals um 20 klukkustundir. Við þetta bætist öll vinna sem fer fram á milli viðburða í að gera grafík, viðhalda tækjum, klippa myndefni og gera aðgengilegt á netinu. Því má gróflega reikna með að sjálboðaliðar ÍATV hafi unnið um 1800 klukkustundir árið 2019.





Allar útsendingar eru aðgengilegar inni á YouTube-rásinni ÍATV, en einnig eru flestar aðgengilegar á iatv.is

### Tölur og sjálfbóðaliðar

Heildarfjöldi áhorfenda 2019 voru 147.139 sem horfðu frá 43 löndum.

Fjöldgun áskrifenda ÍATV-rásirinnar á YouTube voru 515 nýir áskrifendur.

Og rúmlega 6470 manns heimsóttu heimasíðu okkar iatv.is árið 2019.

Mesta áhorf: Felling Sementsstrompsins, 49.080

Mesta áhorf íþróttir: ÍA - Derby County, 7.354

Starfsmenn ÍATV 2019 voru:

Örn Arnarson	Valgeir Sigurðsson
Snorri Kristleifsson	Kristján Gauti Karlsson
Heiðar Mar Björnsson	Jón Orri Kristjánsson
Arnar Óðinn Arnþórsson	Sverrir Mar Smáráson
Ingimar Elfar Ágústsson	Hjalti Sigurbjörnsson
Hannibal Hauksson	Ísak Máni Sævarsson
Björn Þór Björnsson	Friðrik Berg Sigþórsson

Nú eru allir sjálfbóðaliðar ÍATV karlkyns en starfsemi okkar er opin öllum sem hafa áhuga á að vera með. Það er bara að hafa samband við okkur eða Hildi Kareni sem er okkar tengiliður við ÍA og koma og læra á græjurnar.

### Árið 2019

Við byrjuðum árið 2019 með látum en þá sendum við út mikla dagskrá í kringum Íþróttamann Akraness, þar sem við sýndum viðtöl við forráðamenn ÍA og þeirra aðildafélaga sem við sendum út árið 2018. Nýr og bættur tækjakostur gerði okkur mögulegt að búa til upptekið efni og klippa fyrir útsendingu. Og nú um mánaðarmótin janúar/febrúar 2019 erum við búnir að senda út 13 beinar útsendingar.

Markmiðið fyrir 2019 er að sinna áfram því starfi sem er í gangi og bæta fleiri íþróttagreinum við. Það er spennandi verkefni fyrir okkur að fá nýja grein og nýjar aðstæður til að reyna okkur við og sjá hvað tækin bjóða upp á. Því ÍATV er verkefni sem kennir áhugasömum einstaklingum

hvernig á að vinna að beinum útsendingum enda er búnaðurinn okkar alveg eins og útsendingarbúnaður stórra verkefna, nema hvað hann er pakkaður í minni umbúðir. Auk þess gefur þetta mönnum og konum á öllum aldri að taka þátt í starfi ÍA. Við sjáum tækifæri í að ungt fólk sem er ekki í íþróttastarfi ÍA geti komið og tekið þátt í þessu verkefni og orðið þar með hluti af starfsemi ÍA þvert á íþróttir.



Okkur langar til að bæta við þetta flotta verkefni og stækka það enn frekar og auka við þá þjónustu sem við getum boðið.

Auk þess er það hugsjón okkar að reyna verða sjálfbær og reyna þannig að fá inn pening í starfið með því að bjóða t.d. knattspyrnufélögum sem spila undirbúningsleiki sína í Akraneshöllinni að senda þá út gegn sanngjörnu gjaldi og þá undir merkjum ÍATV, svo lengi sem það skarast ekki á við viðburði ÍA.

Nú erum við enn að nota lánsbúnað frá Omnis, Muninn kvikmyndagerð og Vinum hallarinar í stóru útsendingunum. Sem getur verið óþægilegt ef eitthvað kemur upp á og ef þessi búnaður þarf að vera í vinnu hjá þeim á sama tíma.



# Ársreikningar aðildarfélaga ÍA



## Badmintonfélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	2.519.613
Tekjur af mótum	556.700
Æfingagjöld	2.013.170
Aðrar tekjur	3.138.773
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>8.228.256</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	3.612.465
Ferðakostnaður v/móta erlendis	286.420
Kostnaður v/mótahalds	184.400
Rekstur skrifstofu	578.124
Önnur gjöld	2.724.981
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>7.386.390</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði** **841.866**

**Fjármagnsliðir** **19.743**

**GJÖLD ALLS** **7.406.133**

**HAGNAÐUR/TAP** **822.123**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	1.779.948
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.779.948</b>

**Eigið fé** **1.779.948**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** **1.779.948**

## Blakfélagið Bresi

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	175.417
Tekjur af mótum	406.944
Æfingagjöld og félagsgjöld	945.200
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>1.527.561</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	592.000
Búningar, áhöld og tæki	23.969
Þátttaka í mótum	284.515
Kynning, fræðsla og útbr.	8.202
Rekstur skrifstofu	5.165
Önnur gjöld	703.920
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>1.617.771</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði** **-90.210**

**Fjármagnsliðir** **-515**

**GJÖLD ALLS** **1.617.256**

**HAGNAÐUR/TAP** **-89.695**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	1.596.522
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.596.522</b>

**Eigið fé** **1.523.357**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	73.165
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>73.165</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** **1.596.522**



## Fimleikafélag Akraness

## Golfklúbburinn Leynir

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	8.125.500
Tekjur af mótum	1.276.054
Æfingagjöld	30.707.740
Aðrar tekjur	708.148
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>40.817.442</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	30.526.980
Búningar, áhöld og tæki	1.056.088
Ferðakostnaður og þátttaka í mótum	3.002.635
Ferðakostnaður v/móta erlendis	48.678
Kostnaður v/mótahalds	1.159.300
Rekstur mannvirkja	79.754
Kynning, fræðsla og útbr.	140.031
Önnur gjöld	1.315.974
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>37.329.440</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði** 3.488.002

**Fjármagnsliðir** -116.612

**GJÖLD ALLS** 37.212.828

**HAGNAÐUR/TAP** 3.604.614

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	17.173.043
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>17.173.043</b>

**Eigið fé** 16.513.661

#### Skuldir

Langtímaskuldir	
Skammtímaskuldir	659.382
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>659.382</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** 17.173.043

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	29.096.465
Tekjur af mótum	14.334.685
Húsa- og vallarleigutekjur	33.382.547
Félagsgjöld	28.998.892
Aðrar tekjur	5.972.441
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>111.785.030</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	47.274.370
Þátttaka í mótum	1.194.597
Kostnaður v/mótahalds	6.725.794
Rekstur mannvirkja	19.995.713
Rekstur skrifstofu	3.433.037
Önnur gjöld	17.486.198
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>96.109.709</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði** 15.675.321

**Fjármagnsliðir og fyrningar** 6.499.334

**GJÖLD ALLS** 102.609.043

**HAGNAÐUR/TAP** 9.175.987

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	152.378.876
Veltufjármunir	19.327.725
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>171.706.601</b>

**Eigið fé** 97.108.012

#### Skuldir

Langtímaskuldir	66.972.146
Skammtímaskuldir	7.626.443
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>74.598.589</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** 171.706.601





## Hestamannafélagið Dreyri

Rekstrarreikningur	
<b>Tekjur</b>	
Framlög og styrkir	17.506.871
Tekjur af mótum og námsk.	605.000
Húsa- og vallarleigutekjur	295.000
Félagsgjöld	1.303.000
Æfingagjöld	163.750
Aðrar tekjur	1.960.623
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>21.834.244</b>
<b>Gjöld</b>	
Laun og verktakagreiðslur	
Búningar, áhöld og tæki	
Þátttaka í mótum	327800
Kostnaður v/mótahalds	13.000
Rekstur mannvirkja	3.211.475
Rekstur skrifstofu	946.123
Önnur gjöld	639.931
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>5.138.329</b>
<b>Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>16.695.915</b>
<b>Fjármagnsliðir og fyrningar</b>	<b>-268.611</b>
<b>GJÖLD ALLS</b>	<b>4.869.718</b>
<b>HAGNAÐUR/TAP</b>	<b>16.964.526</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	
<b>Eignir</b>	
Fastafjármunir	40.421.156
Veltufjármunir	27.031.610
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>67.452.766</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>67.452.766</b>
<b>Skuldir</b>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>67.452.766</b>

## Hnefaleikafélag Akraness

Rekstrarreikningur	
<b>Tekjur</b>	
Framlög og styrkir	767.796
Tekjur af mótum	15.000
Æfingagjöld	297.206
Aðrar tekjur	0
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>1.080.002</b>
<b>Gjöld</b>	
Laun og verktakagreiðslur	1.082.750
Áhöld og tæki	18.751
Þátttaka í mótum	8.123
Kostnaður v/ mótahalds	75.000
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>1.184.624</b>
<b>Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>-104.622</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>-1.322</b>
<b>GJÖLD ALLS</b>	<b>1.183.302</b>
<b>HAGNAÐUR/TAP</b>	<b>-103.300</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	
<b>Eignir</b>	
Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	654.361
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>654.361</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>654.361</b>
<b>Skuldir</b>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>654.361</b>



## Íþróttafélagið Þjótur

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Fjárafánir, framlög og styrkir	1.121.683
Félagsgjöld	63.000
Æfingagjöld	384.000
Aðrar tekjur	11.616
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>1.580.299</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.187.250
Ferðakostnaður v/móta innanl.	486.289
Önnur gjöld	143.116
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>1.816.655</b>

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. -236.356

Fjármagnsliðir -31.775

**GJÖLD ALLS 1.784.880**

**HAGNAÐUR/TAP -204.581**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	2.059.724
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>2.059.724</b>

**Eigið fé 2.059.724**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	115.192
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>115.192</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 2.059.724**

## Karatefélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	574.294
Æfingagjöld	1.991.541
Aðrar tekjur	0
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>2.565.835</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	2.013.982
Þátttaka í mótum	278.500
Kynning, fræðsla og útbr.	71.904
Önnur gjöld	299.094
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>2.663.480</b>

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. -97.645

Fjármagnsliðir -687

**GJÖLD ALLS 2.662.793**

**HAGNAÐUR/TAP -96.958**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.741.566
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.741.566</b>

**Eigið fé 1.741.566**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.741.566**



## Körfuknattleiksfélag Akraness

## Knattspyrnufélagið Kári

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Fjárafánir og styrkir	6.150.554
Tekjur af mótum	0
Æfingagjöld	6.029.376
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>12.179.930</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	7.996.831
Búningar, boltar og tæki	409.746
Ferðakostnaður v/móta innanl.	1.484.571
Þátttaka í mótum	1.451.629
Kostnaður v/mótahalds	0
Rekstur mannvirkja og húsal.	610.470
Kynning, fræðsla og útb.	0
Önnur gjöld	123.317
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>12.076.564</b>

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 103.366

Fjármagnsliðir og afskriftir 5.572

**GJÖLD ALLS 12.082.136**

**HAGNAÐUR/TAP 97.794**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	815.376
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>815.376</b>

**Eigið fé 815.376**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 815.376**

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	4.291.202
Tekjur af mótum	132.233
Aðrar tekjur	2.365.359
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>6.788.794</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.450.000
Styrkir til deilda	0
Félagaskipti og kaup leikmanna	0
Búningar, áhöld og tæki	2.087.997
Ferðakostnaður v/móta innanl.	1.347.977
Þátttaka í mótum	120.500
Kostnaður v/ mótahalds	33.000
Önnur gjöld	1.107.040
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>6.146.514</b>

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 642.280

Fjármagnsliðir 0

**GJÖLD ALLS 6.146.514**

**HAGNAÐUR/TAP 642.280**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.170.974
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.170.974</b>

**Eigið fé 1.170.974**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.170.974**



## Keilufélag Akraness

Rekstrarreikningur	
<b>Tekjur</b>	
Framlög og styrkir	2.680.866
Húsa- og vallarleigutekjur	1.790.795
Æfingagjöld	837.437
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>5.309.098</b>
<b>Gjöld</b>	
Laun og verktakagreiðslur	627.000
Félagaskipti og sala leikmanna	10.000
Áhöld og tæki	1.910.953
Þátttaka í mótum	1.650.983
Kostnaður v/mótahalds	0
Rekstur mannvirkja	219.818
Rekstur skrifstofu	220.097
Kostn. v/samkeppnisreksturs	24.286
Önnur gjöld	133.000
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>4.796.137</b>
<b>Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.</b>	<b>512.961</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>23.778</b>
<b>GJÖLD ALLS</b>	<b>4.819.915</b>
<b>HAGNAÐUR/TAP</b>	<b>489.183</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	
<b>Eignir</b>	
Fastafjármunir	5.024.314
Veltufjármunir	166.963
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>5.191.277</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.013.527</b>
<b>Skuldir</b>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	177.750
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>177.750</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>5.191.277</b>

## Klifurfélag ÍA

Rekstrarreikningur	
<b>Tekjur</b>	
Framlög og styrkir	4.016.656
Félags- og æfingagjöld	2.658.776
Aðrar tekjur	69.500
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>6.744.932</b>
<b>Gjöld</b>	
Laun og verktakagreiðslur	1.200.600
Áhöld og tæki	153.000
Þátttaka í mótum	45.475
Kostnaður v/mótahalds	96.100
Rekstur mannvirkja	5.037.410
Kynning, fræðsla og útbr.	3.472
Önnur gjöld	0
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>6.536.057</b>
<b>Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.</b>	<b>208.875</b>
<b>Fjármagnsliðir og afskriftir</b>	<b>-11.686</b>
<b>GJÖLD ALLS</b>	<b>6.524.371</b>
<b>HAGNAÐUR/TAP</b>	<b>220.561</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	
<b>Eignir</b>	
Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	883.732
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>883.732</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>883.732</b>
<b>Skuldir</b>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>883.732</b>



## Knattspyrnufélag ÍA

## Kraftlyftingafélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	79.524.697
Tekjur af mótum	30.790.486
Félagsgjöld og sala leikm.	18.499.533
Æfingagjöld	32.035.123
Aðrar tekjur	37.269.665
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>198.119.504</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	61.414.922
Afreststyrkir og hlunnindi leikm.	71.018.287
Félagaskipti og kaup leikmanna	2.620.000
Búningar, áhöld og tæki	9.371.415
Kostnaður v/mótahalds	13.491.398
Rekstur mannvirkja og húsaleiga	
Rekstur skrifstofu	6.382.322
Önnur gjöld	95.636.635

**Gjöld alls fyrir fjármagnsliði 259.934.979**

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -61.815.475**

**Fjármagnsliðir 985.659**

**GJÖLD ALLS 260.920.638**

**HAGNAÐUR/TAP -62.801.134**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Verðgildi leikmanna	9.680.000
Fastafjármunir	150.385
Veltufjármunir	6.604.164
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>16.434.549</b>

**Eigið fé 4.202.940**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	12.231.609
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>12.231.609</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 16.434.549**

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	201.469
Tekjur af mótum	0
Félagsgjöld	7.361
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>208.830</b>

#### Gjöld

Pátttaka í mótum	220.000
Kostnaður v/mótahalds	0
Önnur gjöld	75.980
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>295.980</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -87.150**

**Fjármagnsliðir 1.127**

**GJÖLD ALLS 297.107**

**HAGNAÐUR/TAP -88.277**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	629.005
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>629.005</b>

**Eigið fé 629.005**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 629.005**





## Sigurfari

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	491.266
Félagsgjöld	135.000
Æfingagjöld	288.000
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>914.266</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	320.000
Áhöld og tæki	494.575
Kynning, fræðsla og útbr.	0
Önnur gjöld	68.886
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>883.461</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði**      **30.805**

**Fjármagnsliðir**      **7.851**

**GJÖLD ALLS**      **891.312**

**HAGNAÐUR/TAP**      **22.954**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	685.933
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>685.933</b>

**Eigið fé**      **685.933**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS**      **685.933**

## Skotfélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	1.549.118
Tekjur af mótum	257.500
Félagsgjöld	1.159.000
Æfingagjöld	1.378.482
Aðrar tekjur	354.500
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>4.698.600</b>

#### Gjöld

Kostnaður v/mótahalds	274.226
Rekstur mannvirkja	2.903.555
Önnur gjöld	955.790
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>4.133.571</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.**      **565.029**

**Fjármagnsliðir**      **-21.357**

**GJÖLD ALLS**      **4.112.214**

**HAGNAÐUR/TAP**      **586.386**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	4.250.353
Veltufjármunir	2.488.935
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>6.739.288</b>

**Eigið fé**      **6.739.288**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS**      **6.739.288**



## Sundfélag Akraness

## Umf. Skipaskagi

## Rekstrarreikningur

## Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	4.616.448
Tekjur af mótum	2.591.529
Æfingagjöld	10.131.795
Aðrar tekjur	5.254.003
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>22.593.775</b>

Tekjur

Framlög og styrkir	541.956
Félagsgjöld	85.000
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>626.956</b>

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	14.118.433
Búningar, áhöld og tæki	2.283.209
Ferðakostnaður v/móta innanlands	275.203
Þátttaka í mótum	1.651.073
Kostnaður v/mótahalds	1.268.920
Rekstur mannvirkja og tækja	576.195
Önnur gjöld	2.206.382
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>22.379.415</b>

Gjöld

Styrkir til deilda	350.000
Kostnaður v/mótahalds	0
Auglýsingar, kynning og fræðsla	18.259
Önnur gjöld	141.120
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>509.379</b>

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 214.360

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 117.577

Fjármagnsliðir -19.650

Fjármagnsliðir -5.820

**GJÖLD ALLS 22.359.765**

**GJÖLD ALLS 503.559**

**HAGNAÐUR/TAP 234.010**

**HAGNAÐUR/TAP 123.397**

## Efnahagsreikningur

## Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	408.274
Veltufjármunir	5.718.637
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>6.126.911</b>

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.720.062
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.720.062</b>

**Eigið fé 5.958.246**

**Eigið fé 1.720.062**

Skuldir

Langtímaskuldir	
Skammtímaskuldir	168.665
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>168.665</b>

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 6.126.911**

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.720.062**



## Vélahjólaiþróttafélag Akraness

### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir	3.280.611
Tekjur af mótum	524.399
Félagsgjöld	341.785
Aðrar tekjur	7.215
<b>TEKJUR ALLS</b>	<b>4.154.010</b>

#### Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	530.000
Áhöld og tæki	422.300
Kostnaður v/mótahalds	191.157
Rekstur mannvirkja	2.251.449
Rekstur skrifstofu	20.716
Önnur gjöld	226.091
<b>Gjöld alls fyrir fjármagnsliði</b>	<b>3.641.713</b>

**Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði**      **512.297**

#### Fjármagnsliðir

**GJÖLD ALLS**      **3.641.713**

**HAGNAÐUR/TAP**      **512.297**

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

Fastafjármunir	650.000
Veltufjármunir	1.247.567
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>1.897.567</b>

**Eigið fé**      **1.897.567**

#### Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>0</b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS**      **1.897.567**

